

Guðmundur St. Sigurðarson
Guðný Zoëga
Bryndís Zoëga

Sveitarfélagið Skagaströnd

Fornleifaskráning



Byggðasafn Skagaförðinga
Rannsóknaskýrslur
2009/93

Forsíðumynd: Horft til vesturs inní tóftir (nr. 128), Spákonufell gnæfir yfir í baksýn.



© Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga
Bygðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2009/93

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Aðferð við skráningu.....	4
Helstu minjaflokkar.....	5
Saga	9
Fornleifaskrá.....	19
Spákonufell.....	19
Spákonufellssel/Fellssel.....	37
Höfðahólar	42
Minjar innan þéttbýlisins á Skagaströnd	50
Finnsstaðir	79
Finnsstaðanes.....	87
Háagerði.....	97
Háagerðissel.....	108
Óhnitsettar minjar	117
Samantekt og niðurstöður.....	127
Heimildaskrá	133
Aðrar heimildir	135
Heimildamenn	136

Inngangur

Sumarið 2009 fór fram skráning fornleifa vegna aðalskipulags Skagastrandar. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Heimildavinna vegna skráningarinnar hófst á vordögum en vettvangsvinna fór fram í júlí. Um var að ræða heildarskráningu jarðanna Spákonufells, Höfðahóla, Finnsstaða og Háagerðis. Jarðirnar voru fyrstum í Vindhælishreppi hinum forna en í Höfðahreppi frá 1939 og mynda nú Sveitarfélagið Skagaströnd.

Kostir heildarskráningar af þessu tagi eru ótvíráðir þar sem skráðar eru allar fornleifar sem tengjast einni jörð og nýtingu hennar; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja auk hvers kyns minja sem tengjast þéttbýlismyndun og útgerð. Á þann hátt má öðlast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru eða mannavöldum, ekki síst í og við þéttbýlisstaði.

Ekki var farið út í ítarlega skráningu gamalla húsa tengdum þorpsmyndun í bæjarfélaginu þar sem slík skráning fer nú fram á öðrum vettvangi. Hinsvegar fylgir með skýrslunni kort og listi yfir þau hús sem stóðu við víkina og kortlögð voru af dönskum landfræðingum á öðrum tugi 20. aldar.

Verkstjórn var í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðings. Um heimildavinnu sá Berglind Þorsteinsdóttir fornleifafræðingur auk Guðmundar, en vettvangsvinna var í höndum hans og Bryndísar Zoëga, landfræðings.

Við kunnum Magnúsi Jónssyni sveitarstjóra og öðrum heimildamönnum bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Listi yfir heimildamenn er aftast í skýrslu.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er

mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Þjörgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Spákonufelli númerið 1 (auðkennt Skagaströnd – 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Skagaströnd – 1, 10845.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda og sama má segja um minjar innan þéttbýlis en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar eru á þeim tíma sem minjarnar eru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef Fornleifaverndar ríkisins, fornleifavernd.is

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í töflu aftast í skýrslunni. Minjarnar eru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Þar sem gefin er upp hærri skekkja í töflunni er um að ræða minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir staðsetningu þeirra, s.s. byggingar sem mældar voru upp á svonefndum túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða þar sem heimildamenn hafa getað sagt fyrir um staðsetningar. Grunnflötur og útlit minjanna er mælt upp með gps tækjunum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur eru því næst færðar inn á hnitaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf þar sem verkkaupi hefur aðgang að slíkum myndum. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk,

tegund, ástand, lengd og breidd, hættumat og hættuorsök, auk þess er aldur minjanna gróflega áætlaður yfirleitt er þó rétt að hafa mikinn fyrirvara á sér hvað slíkt varðar séu ekki um það þegar heimildir. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyru undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrdir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Aðrar minjar

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjánhús: Fjánhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hæsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlategar: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateg. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfnni. Kuml og kumlategar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripaheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhald einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir, sem eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfarur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfarana. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakró yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripaheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímam til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið.

Sléttaðar voru tóftir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Tómthús/þurrabúðir: Voru smá býli eða hús við sjávarsíðuna sem voru í eigu útvegsbænda en þar bjuggu svokallaðir tómthúsmenn. Þessu fólki var gert að sjá sér sjálft farborða en sú kvöð var á ábúðinni að menn réru á báti húsbóndans. Tómthúsmenn höfðu sjaldnast jarðnæði né búpening. Hús þessi voru gjarnan einföld og fátækleg og tóftir þeirra hafa oft horfið við frekari þéttbýlismyndun.

Saga¹

Skagaströnd heitir strandlengjan við austanverðan Húnaflóa og er það nafn talið eiga við um svæðið norðan Laxár og út undir Króksbjarg.² Bærinn Skagaströnd, sem áður nefndist Höfðakaupstaður, er miðsvæðis og stendur elsti hluti hans suðaustan undir Spákonufellshöfða sem skagar vestur í flóann. Skipalægi við Höfðann þótti fremur ótryggt og opið fyrir hafsþjó, ísreki og stormum einkum ef blés af suðvestan eða norðaustan.³ Engu að síður byggðist upp verslunarstaður þar í byrjun 17. aldar, en fyrsta leyfisbréf konungs til verslunar á Skagaströnd er frá árinu 1586.⁴ Hvenær kaupmenn hafa fyrst farið að venja komur sínar til Skagastrandar er hins vegar ekki vitað.

Höfðakaupstaður var í Vindhælishreppi fram að hreppaskiptunum árið 1938 að Höfðahreppur varð til. Höfðahreppur (Sveitarfélagið Skagaströnd) nær frá Hrafná að sunnan að Harrastaðaá að norðan. Innan sveitarfélagsins eru jarðirnar Finnsstaðir, Háagerði, Spákonufell og Höfðahólar. Höfðahólar voru ríkisjörð árið 1938 þegar hreppaskipan var breytt en hinar jarðirnar í einkaeign. Höfðahreppur keypti Finnsstaði árið 1943 og Spákonufell árið 1945 en leigði Fell (Litla-Fell) og Höfðahóla frá árinu 1956 fram til ársins 1970 að hreppurinn keypti allar þessar jarðir.⁵

Spákonufell

Elsta ritheimildin um Spákonufell er skrá um rekaskipti frá því um 1200.⁶ Þar segir frá skiptum á svonefndum Spákonuarfi, sem var safn rekaítaka fyrir allt að 16 jörðum á Skaga og tveimur í Refasveit. Þjóðsagan skýrir nafngift safnsins svo að ítökin hafi upphaflega verið í eigu Þórdísar nokkurrar, sem kemur fyrir í fornsögunum og var orðuð við fjölkynngi og kölluð Spákona.⁷ Af sögunum að dæma á Þórdís að hafa verið uppi á síðari hluta 10. aldar og búið að Spákonufelli.

Í máldaga frá 1318 er kirkjan á Spákonufelli sögð helguð hinum heilaga krossi og guðs móður Maríu, Þorláki biskupi, Jóni postula og Ólafi konungi.

Í sama máldaga frá 1318 kemur fram að kirkjan eigi hálfu jörðina og helming þess reka sem henni tilheyrir og að kirkjunni skuli greidd tíund, ljós- og heytollur af sjö bæjum, Árbakka, Vindhæli, Vakursstöðum, Sæunnarstöðum, Bergsstöðum, Efstu bæ og Hólum. En fólk frá

¹ Ýtarlega sögu Skagastrandar má lesa í bók bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* sem Höfðahreppur gaf út árið 1989.

² *Húnaþing I*. Ritnefnd Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga [etc.], Akureyri 1975; bls. 507.

³ Samanber umsögn Ólafs Olavíusar en hann ferðaðist um Ísland árin 1775-77 í þeim tilgangi m.a. að meta hafnir og landingar og kanna hvar væri heppilegt að koma upp fiskiþorpum. Olavíus ritaði bók um ferðir sínar og rannsóknir, *Oeconomisk Reise igiennem Island* sem kom út árið 1780.

⁴ Bjarni Guðmarsson. *Byggðin undir Borginn - Saga Skagastrandar og Höfðahrepps*. Höfðahreppur, Akureyri 1989; bls. 50.

⁵ *Húnaþing I*. Ritnefnd Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga [etc.], Akureyri 1975; bls. 512.

⁶ *Íslenskt Fornbréfasafn I*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1857-76; bls. 304-306.

⁷ Upprunaskýringu Spákonuarfs er að finna í Þjóðsögum Jóns Árnasonar, sem hann var sjálfur heimildamaður fyrir (Ísl. þjóðsögur og ævintýri II, bls. 88-91). Þórdís Spákona kemur m.a. fyrir í Vatnsdælasögu, Kormáks sögu og Þorvalds þætti víðförla (Íslensk fornrit VIII, bls. 199-122; Íslensk fornrit VIII, bls. 233 og 282-286; Íslendinga sögur VII, bls. 439-441).

Þessum bæjum skyldi jarðsett að Spákonufelli.⁸ Í máldaga frá 1360 á kirkjan sem áður hey- og ljósttoll af áðurnefndum sjö bæjum.⁹

Spákonufellskirkja kemur næst fyrir í kirkjutali Hólabiskupsdæmis frá 1429 og enn í visitasíubréfi þremur árum síðar.¹⁰ Í visitasíubréfi frá 1461 kemur hins vegar fram að kirkjan sé ekki lengur uppistandandi.¹¹

Spákonufell kemur næst fyrir í kaupbréfi frá árinu 1474 þar sem ábótinn á Þingeyrum kaupir 20 hundraða eignarhlut í Spákonufelli og jörðina Árbakka í skiptum fyrir fjörutíu hundraða hlut í Hofi í Vatnsdal.¹² Svo virðist því sem Spákonufell hafi á þessum tíma verið metin á 40 hundruð og verið til helminga í eigu kirkjunnar á staðnum og Þingeyraklausturs.

Í jarðabók frá 1686 er jörðin hins vegar sögð hálf í eigu Hólastóls metinn á 30 hdr. 6 kúgildi, landskuld 1 ½ hdr.¹³

Í manntalinu frá 1703 eru 8 manns skráðir til heimilis á Spákonufelli. Árið 1825 eru 9 manns þar til heimilis, en 1840 er þrífýlt á jörðinni og 11 manns á bænum. Árið 1845 eru 15 manns til heimilis á Spákonufelli, 16 árið 1850, fimm árum síðar eru þar 18 manns og sömuleiðis árið 1860. Árið 1870 eru þar 17 manns til heimilis og enn árið 1890. Árið 1901 eru skráðar fimm fjölskyldur til heimilis að Spákonufelli, alls 22 einstaklingar.¹⁴

Í jarðabók frá árinu 1713 er jörðin sögð metin á 30 hdr. Hún var þá eign biskupsstólsins á Hólum. Tíund var greidd af hálfri jörðinni og skipt milli prests og fátækra. Landskuld 60 álnir, leigukúgildi þrjú en voru fjögur 20 árum fyrr.¹⁵

Kostir og gallar jarðarinnar samkvæmt jarðabókinni frá 1713 voru eggvarp allt að 300 egg en stundum ekkert, dúntekja á meðalári um „dúnfjórðungur“. Heimræði í betra lagi um vor og haust og góð lending. Torfrista er sögð næg, en stunga lítt nýtandi. Þerjalestur nægur fyrir heimamenn. Grasatekja næg í heimalandi en sögð eydd af ágangi fólks í óleyfi. Átroðningur fólks og fénaðar við kaupstaðinn sagður til stórskada fyrir vetrararbeit og sumarhaga. Túnið sagt liggja undir skemmdum af læk sem ber í það grjótt og mól og sömuleiðis stórskaði af sandfoki af melnum ofan við túnið. Oft kvikfjárskaði út við sjó út í stórveðrum. Engar engjar og engin afrétt, en hagaganga var leigð árlega fyrir 10 álnir á Hólum (Höfðahólum).¹⁶

Jörðin átti hins vegar bæði reka- og engjaitak auk hrís- og mótekju í löndum annarra jarða. Rekaitak átti jörðin í landi Höfðahóla, fimmtung alls víðar. Frá Fornuvör til móts við Hólastaðar reka, fjórðung alls víðar. Frá Hofsósi þeim forna til Deildarhamars (Grensás), helming alls víðar. En engin nyt voru þó sögð af þessum reka a.m.k. síðastliðin 20 ár. Engjatak átti jörðin í Finnsstaðalandi, svokölluðum „hálfmánaðar tegi“, sem var nýtt árlega. Hrístak átti hún í Vindhælislandi, fyrir utan götur, sem er orðið mjög eytt en árlega notað. Móskurð á jörðin í landi Höfðahóla svo sem þörf er á meðan ekki spillir túni né engjum.¹⁷

⁸ *Íslenskt Fornbréfasafn II*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1893; bls. 469-470.

⁹ *Íslenskt Fornbréfasafn III*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1896; bls. 172.

¹⁰ *Íslenskt Fornbréfasafn IV*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1897; bls. 382; 514.

¹¹ *Íslenskt Fornbréfasafn V*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1899-1902; bls. 354.

¹² Sama heimild; bls. 769-770.

¹³ Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University, Lund 1967; bls. 241.

¹⁴ www.manntal.is

¹⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn 1926; bls. 451.

¹⁶ Sama heimild; bls. 451-453.

¹⁷ Sama heimild; bls. 452.

Samkvæmt jarðabókinni frá 1713 voru 5 kýr á jörðinni, 1 veturgömul kvíga, 58 ær, 10 sauðir tveggjavetra og eldri, 38 veturgamlir, 20 lömb, 4 hestar, 4 hross, 1 unghryssa og 1 folald. En jörðin var talin geta fódrað 3 kýr, 40 ær, 20 lömb, 3 hesta, og það sem var umfram þurfti því að fódra með tilfengnum heyjum og høgum.¹⁸

Eignarhlutur Hólastóls hefur líklega verið boðinn upp ásamt öðrum jarðeignum Hólastóls árið 1802.

Árið 1896 er jörðin hálf í einkaeign og hálf í kirkjueign metin á 30 hdr. kúgildin 5 og landskuld 1 ½ hdr.¹⁹

Spákonufellshjáleiga, Spákonufellskot og Spákonufellsgerði

Í manntalinu frá 1703 eru þriggja manna fjölskylda skráð til heimilis á Spákonufellskoti. Enginn er hins vegar skráður þar árið 1835 og ekki heldur 1840. Árið 1845 eru fimm til heimilis á „hjáleigunni“ Spákonufellskoti. Enginn er skráður þar til heimilis fimm árum síðar en árið 1855 eru fjórir til heimilis á hjáleigunni. Árið 1860 eru þar átta manns til heimilis en ekki talað um hjáleigu. Engin er skráður til heimilis á Spákonufellskoti árin 1870, 1890, 1901 og 1910.²⁰ Spákonufellsgerði kemur hins vegar ekki fram í þessum manntölum.

Í jarðabókinni frá 1713 er Spákonufellshjáleiga sögð „byggð fyrri manna minni í túninu“, og hún talin hafa verið með 50 álnir í landskuld og 2 kúg. Sömu kostir og gallar fylgja henni og heimaörðinni nema hjáleigan átti ekkert tilkall til reka né heimræðis. Ábúandi Spákonufellshjáleigu var með þrjú tómhús við „kaupstaðinn Spákonufellshöfða“, og greiddi 15 álna afgjald af hverju fyrir sig til heimabóndans. Húsmennirnir réru ýmist fyrir heimabónda eða aðra og höfðu eldiviðartak í Hólalandi (Höfðahólalandi). Kvikfé á hjáleigunni var 1 kýr, 15 ær, 2 tveggjavetra sauðir og eldri, 3 veturgamlir, 6 lömb, 1 hestur, 1 hross og var jörðin talin geta fódrað áðurtalið fé.²¹

Árið 1847 er Spákonufell metið á 30 hdr. landsk. 2 hdr. kúgildi 5. (2 kúg. samkv. hreppstjóra).²²

Í nýrri jarðabók frá 1861 er Spákonufell ásamt Spákonufellskoti sagt metið á 30 hundruð að fornu mati en nýtt sameiginlegt mat sagt 43,5 hdr.²³

Tvær hjáleigur virðast hafa verið frá Spákonufelli, annars vegar nyrst í túninu og hins vegar vestast. Spákonufellsgerði er nyrðri hjáleigan kölluð í örnefnaskrá en Spákonufellskot sú vestari.²⁴ Það er þó ekki að fullu ljóst þar sem einungis er talað um „kotið“ eða „hjáleiguna“ í heimildum við hvort þeirra er átt. Nafnið Spákonufellsgerði virðist ekki koma fram í öðrum

¹⁸ Sama heimild; bls. 451.

¹⁹ Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University, Lund 1967; bls. 241.

²⁰ www.manntal.is

²¹ Sama heimild; bls. 452-453.

²² *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. J.Johnsen, Kaupmannahöfn 1847; bls. 244.

²³ *Ný jarðabók fyrir Ísland, samín eptir tilskipun 27. Maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. Aprílmánaðar 1861*. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn 1861; bls. 90.

²⁴ Spákonufellsgerði kemur að vísu aðeins fram í tveimur örnefnaskrá, en Spákonufellskot í þremur til viðbótar.

heimildum en örnefnaskráum og það er því e.t.v. ekki mjög gamalt þótt minjar kunni að vera það.

Um síðustu aldamót var jörðinni Spákonufelli skipt í tvennt og ýmist talað um „Spákonufell“ eða „Stóra-Fell“ annars vegar en „Syðra-Fell“ eða „Litla-Fell“ hins vegar.²⁵ Litla-Fell er enn í byggð, suðvestan við gamla Spákonufellstúnið og er jörðin í eigu Sveitarfélagsins Skagastrandar en leigð ábúendum. Síðast var hins vegar búið á Spákonufelli árið 1948.²⁶

Spákonufellssel/Fellssel

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar segir: „Í tungunni milli Hrafnár að norðan og Kambadalsár að vestan er Fellssel þar var búið til forna“ (bls. 4). Réttara er að segja selið suðaustan Hrafnár og norðan Kambadalsár, það sem hér er fullyrt um byggð á selinu getur vel staðist en kemur ekki fram annarsstaðar.²⁷

Höfðahólar

Jörðin Höfðahólar eða Hólar koma fyrst fyrir í máldaga frá árinu 1318 og enn í máldaga árið 1394. Í máldögum er gerð grein fyrir eignum og ítökum Spákonufellskirkju og voru Höfðahólar, þá einungis nefndir Hólar, ein af sjö jörðum sem átti að greiða tíund til hennar. Hins vegar áttu Höfðahólar þá teig í Spákonufellslandi.²⁸

Í kaupbréfi frá 1351 er greint frá sölu Þorsteins Gunnarssonar á jörðinni til sr. Einars Hafliðasonar. Þar greint frá gögnum og gæðum jarðarinnar: „Úr ánni ræður keldan milli Spákonufells og lækur út úr henni til sjávar en garður fyrir ofan Höfðan og eiga þó Hólar hálfu beit í Höfðanum en Hólamenn halda upp garðinum. Hólar eiga teig fyrir utan lækinn en Spákonufell torfskurð sem þarf í Hóla jörð. Spákonufell á fimmtung í reka inn frá læknum en Hólar fimtung út frá læknum við Spákonufell gegnt markgarðinum eru og suður Höfðanum öll jöfn samlög („samlavg“) að Hólar eiga fimmtung í reka umhverfis („vmm kringes“) Höfðann en Spákonufell fimmtung í rekanum suður frá að ánni. Eiga Hólamenn að geyma alla rekana“²⁹

Árið 1387 er landamerkjum Finnsstaða og Höfðahóla líst svo: „Réttssýni úr Sandlækjarósi upp í rústina og úr rústinni upp í garðstaðinn. Ræður þá garðstaðurinn allt upp á fjall fyrir norðan borgina. Svo austur eftir fjallinu og ofan réttssýni í ánnu þá er fellur fyrir austan Fannavöllu.“³⁰

Árið 1525 eru Höfðahólar („hölar“) taldir með eignum Þingeyrarklausturs³¹

²⁵ Bjarni Guðmarsson. *Byggðin undir Borginn - Saga Skagastrandar og Höfðahrepps*. Höfðahreppur, Akureyri 1989; bls. 13.

²⁶ Hjördís Gísladóttir. „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“. *Húnaþing III*. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga ofl., Akureyri 1989; bls. 283.

²⁷ Engin hefur verið skráður til heimilis á Spákonufellsseli eða Fellsseli í Austur-Húnavatnssýslu í manntalinu frá 1703 né heldur manntölum 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901 og 1910. Hægt er að leita í þessum manntölum þeim á netslóðinni www.manntal.is Manntölin 1762, 1801, 1816 og 1880 hafa ekki verið gerð aðgengileg á netinu þegar þetta er skrifað og var ekki leitað í þeim.

²⁸ *Íslenskt Fornbréfasafn II*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1893; bls. 470 og *Íslenskt Fornbréfasafn III*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1896; bls. 551-552.

²⁹ *Íslenskt Fornbréfasafn III*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1896; bls. 56-57.

³⁰ *Íslenskt Fornbréfasafn III*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1896; bls. 398.

³¹ *Íslenskt Fornbréfasafn IX*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1909-1913; bls. 314.

Í jarðabók frá 1686 eru Höfðahólar sagðir í konungseigu og metin á 16 hdr. og 160 álnir, landskuld 100 álnir og kúgildi 4. 1696 er jörðin í eigu Hólastóls metin á 16 hdr., landskuld 100 álnir og kúgildi 4 ½.³²

Í manntalinu frá árinu 1703 er sagðir þrír til heimilis á Hólum í Vindhælishreppi. Í manntalinu 1845 eru taldir 7 til heimilis á Höfðahólum en fimm árum síðar 12 til heimilis á „heimajörð“ bæjarins en 9 árið 1855 einnig tekið sérstaklega fram að það sé á heimajörðinni. Árið 1860 eru skráðir 13 á Höfðahólum og tveir bændur á jörðinni, annar einnig titlaður verslunarþjónn og hinn tunnusmiður og sagður „lifa af sjó meira“. Tíu árum síðar er 12 manns skráðir á Höfðahólum en aðeins einn titlaður bóndi. Fjórir eru þar til heimilis árið 1890 og átta árið 1901 en enginn árið 1910.³³

Í jarðabókinni frá 1713 voru Höfðahólar 16 hdr., landskuld 100 álnir og kúgildi 3 ½ en var 4 ½ átta árum áður.

Kvikfjé á jörðinni 4 kýr, 1 tveggjavetra kvíga, 40 ær, 5 tveggjavetra sauðir og eldri, 15 veturgamlir sauðir, 15 lömb, 3 hestar, 2 hross og 1 tveggjavetra foli. En jörðin var talin geta staðið undir 1 kú, 1 unguneyti, 20 ám, 10 lömbum, 1 hest, en allt umfram það yrði að fóðrast á annarra manna högum og heyjum.

Helstu kostir jarðarinnar voru samkvæmt sömu jarðabók næg stunga og torfrista, beitifjara í betralagi fyrir sauðfé og mósukurður til eldiviðar sem þó var ekki nýttur. Þá átti jörðin fimmtung alls reka fyrir Spákonufellshöfða, en rekavon sögð lítil. Hins vegar var túninu sagður skaði af vatnsgangi sem gerði mýrarbletti hér og hvar í túninu og eyðilagði grasrótina. Auk þess tilheyrði jörðinni ekkert engjaland og ágangur fólks og fénaðar vegna kaupstaðarins sagður kosta ábúandann leigu á haga vetur og sumur. Ein lending var í landi Höfðahóla, brimsöm og hættuleg, og því ekki sjóróðrar nema um hásumarið, oftast einn bátur.

Árið 1847 voru Hólar (Höfðahólar) metnir á 16 hdr. og 100 álnir í landskuld, kúgildi 3 ½ og jörðin í eigu Þingeyraklausturs. (Hreppstjóri segir jörðina hafa 2 rd. 34 sk. í leigu fyrir lóðina sem verslunarstaðurinn stendur á, fyrir beit, mótak o.s.frv. og sama gildir um Spákonufell þar sem verslunarstaðurinn er sagður í landi beggja jarðanna).³⁴

Í nýrri jarðabók frá 1861 eru Höfðahólar metnir á 16,3 hdr.³⁵

Höfðahólar eru nú í eigu Höfðahrepps (Sveitarfélagsins Skagastrandar) og meiri hluti bæjarins stendur í landi jarðarinnar.

Síðast var búið á Höfðahólum árið 1956, en húsin voru rifin árið 1982.³⁶

³² Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University, Lund 1967; bls. 241.

³³ www.manntal.is

³⁴ *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. J.Johnsen, Kaupmannahöfn 1847; bls. 244.

³⁵ *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. Maíánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. Aprílmánaðar 1861*. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn 1861; bls. 90.

³⁶ Sigurður Björnsson. „Höfðahreppur“. *Húnaþing II. Búnaðarsamband Austur-Húnvetninga ofl.*, Akureyri 1978; bls. 110; Bjarni Guðmarsson. *Byggðin undir Borginn - Saga Skagastrandar og Höfðahrepps*. Höfðahreppur, Akureyri 1989; bls.301.

Finnsstaðir, Háagerði (Finnsgerði) og Finnsstaðakot

Finnsstaðir koma fyrst fyrir í fornbréfi frá því um 1200 í skrá um rekaskipti, svokölluðum Spákonuarfi. Þar er greint frá því að Finnsstaðir eigi þrjá fimmtu hluta reka fyrir landi sínu en Spákonuarfi tilheyri tveir fimmtu.³⁷ Þetta er aftur tíunduð í Auðunarmáldaga frá árinu 1318, í máldaga Egils biskups frá 1344, einnig í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árunum 1360 til 1389 og enn árið 1461 í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar.³⁸

Árið 1387 er landamerkjum Finnsstaða og Harrastaða lýst svo: „Réttýni úr Fuglstapa þeim er stendur í miðri „Gullhett“ vík og upp í klettinn og úr klettinum réttýni í Klofasteina og úr Klofasteinum réttýni í mosakellduna fyrir sunnan hól og úr mosakeldunni réttýni í stein þann er stendur fyrir norðan Tjarnardal og réttýni úr honum og í stein þann er stendur í ofanverðri „Rossamýri“ og úr honum réttýni og fram í smalagötur fram frá Djúpagili. Ráða þá göturnar meðan þær vinnast og réttýni úr götunum og fram á ásinn. Eiga Finnsstaðir hálfvatnið og svo í miðjan Sæmingsgilslækjarós. Og úr ósinum og í grjótvarða þann er stendur á hinum efsta hjallanum. Og af hjallanum á annan varða. Og úr þeim varða réttýni út í á þá er fellur ofan úr Ásólfssdal fyrir norðan Ölduhóla („iollu hoola“).“³⁹

Og landamerkjum Finnsstaða og Höfðahóla : „Réttýni úr Sandlækjargilsósi upp í rústina og úr rústinni upp í garðstaðinn. Ræður þá garðstaðurinn allt upp í fjall fyrir norðan borgina. Svo austur eftir fjallinu og ofan réttýni í ána þá er fellur fyrir austan Fannavöllu.“⁴⁰

Í bréfi frá 1388 er gerð grein fyrir samningi milli eigenda Harrastaða og Finnsstaða um helmingaskipti á landsvæði sem lá norður á fjallið á milli landamerkja þeirra. Þá skyldu Finnsstaðir eiga alla Gullhellisvík en Harrastaðir útróðra um haust frá Finnsstaðanesi, skipsátur og naustagjörð.⁴¹

Í Sigurðarregistri frá 1525 eru Finnstaðir taldir upp ásamt öðrum eignum Hólastóls.⁴²

Í jarðabók frá 1686 eru Finnsstaðir sagðir í eigu Hólastóls, metnir á 26 hundruð og 160 álnir. Kúgildi 6 og landskuld 1 hdr. og 40 álnir. 1696 er jörðin metin á 24 hdr. en kúgildi og landskuld óbreytt.⁴³

Í manntalinu frá 1703 eru sex taldir til heimilis á Finnsstöðum. Enginn er skráður þar árið 1835, 1840, 1845 en árið 1850 eru skráðir átta til heimilis á heimajörðinni, þar á meðal bóndi og annar „lausamaður við fjárrækt“. Enginn er skráður þar 1855, 1860, 1870 en fimm eru þar til heimilis árið 1901 og enginn árið 1910.⁴⁴

Í jarðabók frá 1713 eru Finnsstaðir metnir á 24 hdr og er eigandinn biskupsstóllinn Hólar í Hjaltadal. Landskuld 1 hdr. en var 1 hdr. og 40 álnir 10 árum áður. Leigukúgildi 6. Á jörðinni

³⁷ *Íslenskt Fornbréfasafn I*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1857-76; bls. 306.

³⁸ *Íslenskt Fornbréfasafn II*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1893; bls. 471; *Íslenskt Fornbréfasafn IV*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1897; bls. 11; *Íslenskt Fornbréfasafn III*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1896; bls. 170; *Íslenskt Fornbréfasafn V*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1899-1902; bls. 345 og 350.

³⁹ *Íslenskt Fornbréfasafn III*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1896; bls. 398.

⁴⁰ *Íslenskt Fornbréfasafn III*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1896; bls. 398.

⁴¹ *Íslenskt Fornbréfasafn III*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1896; bls. 423.

⁴² *Íslenskt Fornbréfasafn IX*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1909-1913; bls. 302.

⁴³ Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University, Lund 1967; bls. 241.

⁴⁴ www.manntal.is

hvíldu engar kvaðir og þar var talin næg torfrista og stunga, beitifjara fyrir sauðfé í betra lagi og heimræði einnig í betra lagi. Gallar jarðarinnar voru þeir helstir að hafa ekki aðgang að afrétt, þar var lítil rekavon og „vetrarhart“ svo leita þurfti vetrarbeitar utan jarðarinnar. Þá brást vatnsból sumar og vetur og grjóttuppgangur var til skaða í túninu. Jörðin átti beitarítak í Spákonufellslandi einn mánuð um vetur gegn engjaitaki Spákonufells í Finnsstaðalandi. Kvikfé á Finnsstöðum voru 3 kýr, 2 kálfar, 30 ær, 2 tveggja vetra sauðir og eldri, 6 veturgamlir, 20 lömb, 2 hestar, 2 hross. Jörðin var talin geta fôðrað 3 kýr, 40 ær, 20 lömb og 1 hest.⁴⁵

Finnsstaðir voru í byggð fram til ársins 1943.⁴⁶

Háagerði (Finnsgerði)

Finnsgerði kemur ekki fyrir í manntalsskrám en í manntalinu frá 1703 eru fjórir til heimilis á Háagerði. Árið 1835 eru þar átta en árið 1840 eru níu manns skráðir til heimilis á heimajörðinni, en 14 manns árið 1845 og 15 manns fimm árum síðar en aftur 14 árið 1855. Árið 1869 eru þar 11 manns. Árið 1870 eru skráðir 9 á Háagerði sem nú er skilgreind sem hjáleiga, enn eru níu þar til heimilis árið 1890, þó ekki sama fólkið og ekki talað um hjáleigu. Árið 1901 eru 12 manns til heimilis í Háagerði.⁴⁷

Í jarðabókinni frá 1713 er Háagerði, áður Finnsgerði, sagt byggt á heimajörðinni fyrir 40 árum eða meir og dýrleiki áður talinn með heimajörðinni. Landskuld 40 álnir, leigukúgildi 2. Sömu kostir og gallar og heimajörðinni að því undanskildu að hjáleigumaðurinn getur ekki haft bát úti og vatnsbólíð er enn verra en á Finnsstöðum. Kvikfé á Háagerði voru 2 kýr, 1 kálfur, 23 ær, 1 tveggjavetra sauður, 7 veturgamlir, 12 lömb, 1 hross og 1 unghryssa. Metið var að hjáleigan gæti fôðrað 1 kú, 10 ær og 10 lömb en annað yrði að fôðra á tilfengnum heyjum.⁴⁸

1802 er jörðin Finnsstaðir metin 16 hdr. og Háagerði 8 hdr.

Árið 1847 eru Finnsstaðir og Háagerði metnar saman 24 hdr., landskuld á Finnsstöðum 1hdr. og 40 álnir, kúgildi 6, en landskuld 60 álnir á Háagerði og kúg. 2.⁴⁹

Í nýrri jarðabók frá 1861 er forn hundraðatala Finnstaða sögð 12 og Háagerðis 12, samtals 24, en nýtt mat er 25,8 hundruð fyrir jarðirnar báðar.⁵⁰

Búið var á Háagerði fram til ársins 1967.⁵¹

⁴⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. Hið íslenska fræðafjélag, Kaupmannahöfn 1926; bls. 454-455.

⁴⁶ Sigurður Björnsson. „Höfðahreppur“. *Húnaþing II*. Búnaðarsamband Austur-Húnvetninga ofl., Akureyri 1978; bls. 110.

⁴⁷ www.manntal.is

⁴⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. Hið íslenska fræðafjélag, Kaupmannahöfn 1926; bls. 455.

⁴⁹ Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. J.Johnsen, Kaupmannahöfn 1847; bls. 244.

⁵⁰ Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. Maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. Aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn 1861; bls. 90.

⁵¹ Sigurður Björnsson. „Höfðahreppur“. *Húnaþing II*. Búnaðarsamband Austur-Húnvetninga ofl., Akureyri 1978; bls. 110.

Finnsstaðakot

Í jarðabók Árna og Páls er minnst á Finnsstaðakot, forna hjáleigu frá Finnsstöðum sem þá var búin að vera í eyðu í um 12 ár (eða frá því um 1696, en gengið var frá þessum hluta jarðabókarinnar 1708), en hafði verið í stopulli byggð fyrir það.⁵² Talið var að Finnsstaðakot hafði verið með 20 álnir í landskuld en ekkert kúgildi. Til skýringar á þessu koti segir: „Einasta var þessu byli við haldið til þess að fjölga fólki til skipsáróðurs fyrir heimabóndann, og höfðu þeir, sem í kotinu byggu, mjög litla grasnautn, og ymist meira eður minna eftir því sem þeim var ljeð, er því óvíst hvað fóðrast kunni. Ekki má hér aftur byggjast nema jörðinni til meins og skaða.“⁵³

Finnsstaðanes

Finnsstaðanes var lítið býli á samnefndu nesi út við sjó vestan Háagerðis og Finnsstaða.

Í grein Hjördísar Gísladóttur segir: „*Finnsstaðanes* var einnig í landi Finnsstaða, niður við sjóinn.“⁵⁴

Finnsstaðanes kemur ekki fyrir í manntalsskrám frá árunum 1703, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870 né 1890. Árið 1901 eru hins vegar þrír taldir til heimilis á Finnsstaðanesi, hjón með lítið barn. Engin er hins vegar skráður þar árið 1910.⁵⁵

Þurrabúðir og grasbýli

Víða um Skagaströnd voru svokallaðar þurrabúðir og grasbýli fyrr á öldum. Húsmenn eða grashúsmenn voru menn kallaðir sem bjuggu í híbýlum bænda eða sjálfstæðum húsum, voru með sérstakt heimilishald og áttu fáeinar skepnur. Yfirleitt studdust þessir menn við sjósókn og þurftu að kaupa hey eða leigja sér skika til að heyja í skepnurnar. Þeir sem héldu fáar eða engar skepnur en treystu nær eingöngu á sjósókn og daglaunavinnu kölluðust tómthúsmenn eða þurrabúðarmenn.

Bændur á Finnsstöðum, Spákonufelli og Höfðahólum fóru snemma að byggja tómthús við sjávarsíðuna til að manna báta sína.

Í bréfi um hvalreka frá 1579 segir um örnefnið Einbúa „Klettur, sem stendur við Búðir“.⁵⁶ Einhverjar byggingar virðast því hafa staðið við Einbúann undir lok 16. aldar, líklega sjóbúðir, annað hvort í landi Spákonufells eða Höfðahóla.

Í áður nefndri jarðabók frá 1713 er frá því greint að í landi Spákonufells hafi verið þrjú tómthús niður við sjó og ábúandinn tekið 15 álnir fyrir hvert í leigu.⁵⁷ Ekki er ljóst hvar þessi hús hafa staðið en Spákonufell átti land að sjó norðan Sandlækjar og allan Spákonufellshöfða ásamt landræmu austan hans sem frá Einbúa að víkinni austan við Réttarholt. Þar með átti Spákonufell lendinguna í Skagastrandarvör vestan Einbúans og hugsanlega einnig Réttarholtsvör að norðan og ekki ólíklegt að tómthús hafi verið við aðra hvora þeirra eða báðar.

⁵² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*. Hið íslenska fræðafjélag, Kaupmannahöfn 1926; bls. 456.

⁵³ Sama heimild; 456.

⁵⁴ Hjördís Gísladóttir. „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“. *Húnaþing III*. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga ofl., Akureyri 1989; bls. 283.

⁵⁵ www.manntal.is

⁵⁶ sbr. *Spákonufell á Skagaströnd. Vindhælishr.* Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík, [ártal vantar]; Bls. 3.

⁵⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*. Hið íslenska fræðafjélag, Kaupmannahöfn 1926; bls. 451.

Í bréfi Gísla biskups Þorlákssonar frá 1669 gefur hann Hallvarði Bjarnasyni leyfi til að byggja kofa á lóð Spákonufells í Spákonufellshöfða. Ekki kemur fram nánari staðsetning á þessum kofa en Hallvarður virðist hafa ætlað að lifa af sjósókn öðru fremur og skýrt tekið fram að hann hafi ekki annan afnotarétt af Spákonufellslandi en torfskurð til byggingar kofans.⁵⁸

Í manntalinu frá 1703 voru sex íbúar skráðir til heimilis á kaupsstaðnum Skagaströnd og sagðir á vegum kaupmanns og hafa verið þar til að gæta húsa og varnings verslunarinnar.⁵⁹ Árið 1777 fengu kaupmenn fyrst leyfi til vetursetu á kaupstaðnum og markar það upphaf þéttbýlismyndunar á Skagaströnd að kaupmenn fóru að dvelja þar á ársgrundvelli ásamt fjölskyldum sínum. Árin 1784, eru 19 manns skráðir til heimilis á Skagaströnd og eins næstu tvö ár, en árið 1789 eru það 17 manns.⁶⁰

Réttarholt var grasbýli sem stóð út við víkina yst undir Spákonufellshöfða skammt frá Landsendarétt sem var skilarétt Skagstrendinga í áratugi. Nýbýlið Réttarholt var stofnað út úr Spákonufellslandi árið 1965 og er núverandi íbúðarhús um 160m sunnar en leifar réttarinnar.⁶¹ Réttarholt kemur ekki fyrir í manntalsskrám árin 1703, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860 né 1870. Árið 1890 eru hins vegar sex manns skráðir þar til heimilis, húsmáður og ráðskona ásamt fjórum börnum þeirra. Enginn er skráður þar til heimilis árið 1901 né 1910.⁶²

Hólagerði kemur fyrir í grein Hjördísar Gísladóttur um eyðibýli í Húnaþingi, annarsstaðar er talað um Hólagerði sem þurrabúð og svo að skilja að þar hafi því ekki verið mikil grasnyt en íbúar haft viðurværi af sjósókn eða verslun. Hólagerði kemur ekki fyrir í manntölunum 1703, 1835, 1840, 1845, 1850 né 1860 en í manntalinu frá 1870 eru sjö manns skráðir þar til heimilis bærinn skilgreindur sem „hjáleiga, þurrabúð“. Hólagerði kemur ekki fyrir í manntalinu 1890, en árið 1901 eru skráðir 6 manns þar til heimilis. Jörðin kemur hins vegar ekki fyrir í manntalinu frá 1910.⁶³ Bærinn mun hafa staðið þar sem nú er lóð Hólabrautar 24.⁶⁴

Um aldamótin 1900 var nokkur fjöldi þurrabúða á Skagaströnd. Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir:

„Húsin stóðu flest í einfaldri röð niður við sóinn. Ef við horfum norður eftir er *Bráðræði* syðst. Það var þurrabúð í eigu Péturs Sæmundssen. Þar næst kom komu *Litla-Berg* og *Stóra-Berg* upp af Hólanesi, hvoru tveggja átti Carl Berndsen kaupmaður. Nokkru austar stóð þurrabúðin *Hólagerði* í landi Höfðahóla. Á Hólanesi stóðu *Pálsbær*, sem var þurrabúð Lárusar Guðnjónssonar og Hólanesverslunarhúsin, sem Frits Berndsen átti [...]. Á Hólanesi var einnig *Glasgow*, þurrabúð Jósefs Stiesens söðlasmiðs. Í *Víðvík*, á mili verslunarstaðanna, var nú aflagt vetingahús. Átti Jónas Pálmason hús þar og voru í því tvö heimili. Í *Karlsminni*, þar sem Frits Hendrik Berndsen hóf verslun sína, var nú þurrabúð Jóns

⁵⁸ (*Prestastefnudómar og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík 1983. Bls. 248, 378; sbr. Bjarni Guðmarsson. *Byggðin undir Borginn - Saga Skagastrandar og Höfðahrepps*. Höfðahreppur, Akureyri 1989; bls. 34).

⁵⁹ www.manntal.is; Bjarni Guðmarsson. *Byggðin undir Borginn - Saga Skagastrandar og Höfðahrepps*. Höfðahreppur, Akureyri 1989; bls. 40.

⁶⁰ www.manntal.is.

⁶¹ Sigurður Björnsson. „Höfðahreppur“. *Húnaþing II*. Búnaðarsamband Austur-Húnvetninga ofl., Akureyri 1978; bls. 108.

⁶² www.manntal.is

⁶³ www.manntal.is

⁶⁴ Munnleg heimild, Guðmundur Jóhannesson, 20.11.2009.

B. Tómassonar. Næst kom þurrabúð Sölva Jónssonar, er hét *Lækjarbakki*. Á Læk bjó Halldór Gunnlögsen verslunarþjónn Höepnerverslunar og Björg ljósmyndari, kona hans. Þá komu Skagastrandar verslunarhúsin, sum frá 18. öld. Bjuggu þar fjölskyldur Evalds Hemmert verslunarstjóra og Ólafs Guðmundssonar sjómanns. Nyrst var síðan þurrabúðin *Réttarholt*, sem bræðurnir Jens Jakob og Jóhann Jósefssynir á Spákonufelli áttu.⁶⁵

Flest hafa þessi hús verið að meira eða minna úr torfi og grjóti utan verslunarhúsin sem voru úr timbri, en staðsetningar þessara þurrabúða eru misvel kunnar.


Víðsvegar um bæinn voru auk þess fjárhús og hesthúskofar Skagstrendinga, mestmegnis torfbyggingar sem voru sumar hverjar í notkun fram undir 1970. Hluta þeirra var hins vegar rutt út ásamt fleiri gömlum bæjum í kringum 1980.⁶⁶

⁶⁵ Bjarni Guðmarsson. *Byggðin undir Borginn - Saga Skagastrandar og Höfðahrepps*. Höfðahreppur, Akureyri 1989; bls. 152.

⁶⁶ Sama heimild; bls. 301.

Fornleifaskrá

Spákonufell



Mynd 1, túnakort af heimatúninu á Spákonufelli frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf.. Númerin á myndinni eru raðnúmer minja í skýrslunni.

Skagaströnd -1

Sérheiti: Spákonufell

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Sóknarkirkjugarður Skagastrandar stendur á gamla bæjarstæðinu á Spákonufelli.

Hættumat: Minjar kunna að leynast undir yfirborði og eru í mikilli hættu vegna framkvæmda og jarðsetningar í kirkjugarðinum.

Lýsing


Gamli bærinn stóð í norðurhluta núverandi kirkjugarðs, engar minjar eru sýnilegar á yfirborði, enda búið að slétta út fyrir garðinum í og jarðsetja stóran hluta hans að norðan.

Aðrar upplýsingar

Elsta heimildin um Spákonufell er frá því um 1200 en fornsögur greina frá fyrsta nafngreinda ábúandanum, Þórdísi Spákonu, sem samkvæmt þeim hefur verið uppi á síðari hluta 10. aldar. Búið var á Spákonufelli fram til 1948 (sjá nánar um sögu jarðarinnar hér að framan).

Jóhannes Björnsson f. 1896 d. 1977 er sagður hafa valið sér leg þar sem dyrahellan að gamlabænum var áður (Munnl. heimild: Dagný Sigmarsdóttir barnabarn hans). Legsteinn Jóhannesar og konu hans Dagnýjar Guðmundsdóttur f. 1907 d. 2004 er norðarlega í garðinum skammt norðan við hellulagðan stíg sem liggur þvert yfir kirkjugarðinn að litlum skúr utan við garðinn að austan (sjá mynd hér að ofan).

Í úttekt frá 1878 er húsakostum á Spákonufelli lýst gaumgæfilega. Í stuttu máli samanstóðu bæjarhúsin af portbyggðri baðstofu á lofti sem var þiljuð að innan 12 álna löng og 6 álna breið, undir henni var önnur baðstofa og stofa, 6x6 álnir hvor. Búið var 9,5x5 álnir, eldhúsið 9x5 álnir. Frá eldhúsdryum að bæjardryum (forstofu) lágu göng 14 álna löng og 3 álna breið. Bæjardyrnar voru portbyggðar, 5x4,5 álnir, og forskyggni framan við um 2x2 álnir. Fjós var einnig sambyggt, fyrir 7 kýr og innangengt úr því inn í eldhúsið. Skemma virðist einnig hafa verið sambyggt 12x6álnir, portbyggð með þiljuðu lofti og hálfpilstafn til norðurs. Smiðja 6x5 álnir með stórum tréstrompi og þili að framan. Í úttektinn er einnig lýst hesthúsi en líklega hefur það ekki verið sambyggt hinum húsunum, það var garðahús, 7x7 álnir á kant.



Mynd 2, kirkjugarður Höfðasóknar, gamli kirkjugarðurinn var umhverfis kirkjuna sem stóð skammt sunnan við bæinn. Jóhannes Björnsson f. 1896 d. 1977 er sagður hafa valið sér leg þar sem dyrahellan að gamlabænum var áður (Munnl. heimild: Dagný Sigmarsdóttir). Efri örin vísar á legsteinn þeirra hjóna Jóhannesar og Dagnýju Guðmundsdóttur f. 1907 d. 2004. Neðri örin vísar gróflega á kirkjustæðið gamla.

Skagaströnd - 2

Sérheiti: Spákonufellskirkja

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Kirkjan stóð áður í norðurhluta núverandi kirkjugarðs.

Hættumat: Minjar kunna að leynast undir yfirborði og eru í mikilli hættu vegna framkvæmda og jarðsetningar í kirkjugarðinum.

Lýsing

Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði, enda búið að slétta út fyrir garðinum og jarðsetja í stóran hluta hans að norðan.

Aðrar upplýsingar

Á ljósmynd af timburkirkjunni, sem byggð var árið 1852 og þjónaði Skagstrendingum fram á þriðja áratug tuttugustu aldar, má sjá að hún hefur staðið skammt sunnan við gamla torfbæinn (varla meira en 10m frá). Fyrir byggingu timburkirkjunnar var torfkirkja á Spákonufelli, ekki er ljóst hvar nákvæmlega hún hefur staðið, en líklega hefur það verið á svipuðum slóðum.

Hólaneskirkja var steipt á Skagaströnd á árunum 1926-28 og tók við af timburkirkjunni á Spákonufelli. Kirkjan sem nú stendur á Skagaströnd var steipt upp árið 1988 (BB: 19 og 154-159).

Skagaströnd - 3

Sérheiti: Spákonufellskirkjugarður

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður

Staðhættir

Kirkjugarðurinn er á gamla bæjarstæði Spákonufells um 250m austan við afleggjarann inn á Skagaströnd.

Lýsing

Garðurinn er um 95x40m á kant (norður-suður). Elsti hluti hans er um miðbikið en hann hefur verið stækkaður bæði til norðurs og suðurs, norðurhlutinn er orðinn nokkuð þétt grafin en engar grafir eru syðst í garðinum.

Aðrar upplýsingar

Ný kirkja var reist á Skagaströnd á þriðja áratug 20. aldar og leysti hún kirkjuna á Spákonufelli af sem sóknarkirkja, en kirkjugarðurinn er enn í notkun sem sóknarkirkjugarður.

Skagaströnd - 4

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru bær og fjós sýnd sambyggð ásamt fleiri húsum.

Hættumat: Minjar kunna að leynast undir yfirborði og eru í mikilli hættu vegna framkvæmda og jarðsetningar í kirkjugarðinum.

Lýsing

Gamli bærinn og fjósið stóðu í norðurhluta núverandi kirkjugarðs, engar minjar eru sýnilegar á yfirborði, enda búið að slétta út fyrir garðinum og jarðsetja í stóran hluta hans að norðan.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá árinu 1878 er fjósinu á Spákonufelli lýst og það sagt taka sjö kýr og innangengt úr því inn í eldhúsið. Hnit eru tekin með því að leggja túnakortið yfir hnitsetta loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Skagaströnd - 5

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar segir að 2-3 öskuhaugar hafi verið ofan við bæ en þegar kirkjugarðurinn var færður út hafi hann farið yfir hlut þeirra (ÖPJ: 1).

Lýsing

Engir öskuhaugar sjást á þessum slóðum í dag, umhverfið er þarna að mestu sléttað en ekki misfellulaust.

Skagaströnd - 6

Sérheiti: Lækjarhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir að fjánhús, nefnd Lækjarhús, hafi staðið norðan við bæjarlækinn (ÖPJ: 1 og ÖSH: 6).

Lýsing

Leifar gamals túngarðs sjást enn á norðurbakka bæjarlækjarins, austur við lækjargilið, en leifar fjárhúsa á þessum slóðum sáust ekki sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Hnit eru tekin með því að leggja túnakortið yfir hnitsetta loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Skagaströnd - 7

Sérheiti: Spákonufellskot

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá er hjáleigan Spákonufellskot sögð hafa staðið á Kotshóli vestast í túnjaðri, neðst á svokölluðum Kotsvelli. Kotið fór í eyði fyrir síðustu aldamót og stórt hesthús og hlaða voru síðar byggð á sama stað (ÖSP: 1 ; ÖSH: 6 ; ÖHJ: 1; ÖMJ: 1; ÖPJ: 1).

Lýsing

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt hesthús utan við túnjaðarinn nálega beint vestur af bæjarstæðinu fast sunnan heimreiðarinnar, líklega er það umrætt hesthús sem byggt var á svonefndum Kotshóli á rústum Spákonufellskot. Núverandi afleggjari að kirkjugarðinum er á sömu slóðum og gamla heimreiðin og slétt tún beggja vegna, engar minjar eru sýnilegar á þessum stað né heldur nokkrar menjar um hól.

Skagaströnd - 8

Hlutverk: Hesthús (og hlaða)

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt hesthús utan við túnjaðarinn nálega beint vestur af bæjarstæðinu fast sunnan heimreiðarinnar, líklega er það umrætt hesthús sem byggt var á svonefndum Kotshóli á rústum Spákonufellskots.

Lýsing

Núverandi afleggjari að kirkjugarðinum er á sömu slóðum og gamla heimreiðin og slétt tún beggja vegna, engar minjar eru sýnilegar á þessum stað né heldur nokkrar menjar um hól.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar segir að í tíð B. Fr. M. hafi stórt hesthús og hlaða verið á sama stað og Spákonufellskot stóð áður (ÖPJ: 1).

Í úttekt frá árinu 1878 er hesthúsi á Spákonufelli lýst og það sagt „[...] 7 al. á lengd 7. al á breidd, 6 stoðir undir 2 veggglægum (?), 6 garðastoðir undir 2 mænirásurum 5 máttarraptar á hlið hvorri og þver- og langrept yfir, tveir garðastokkar 2 hurðir á járnum við stafi, viður góður veggir brúklegir, þak eins.“ Hugsanlega er það sama hesthús.

Hnit eru tekin með því að leggja túnakortið yfir hnitsetta loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Skagaströnd - 9

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Um 50 vestur af suðurenda kirkjugarðsins samkvæmt túnakorti frá fyrri hluta 20.aldar.

Lýsing

Þarna er nú tún og engin merki um þessa byggingu sýnileg á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar eru sýnd tvö hesthús, annað á svipuðum slóðum og afleggjarinn heim að kirkjugarðinum er í dag og hitt um 50 vestur af suðurenda kirkjugarðsins. Hnit eru tekin með því að leggja túnakortið yfir hnitsetta loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Skagaströnd - 10

Sérheiti: Lambhús/Austurhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Dæld


Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar segir: „Utar í túninu [en Lækjarhúsið] stóðu Lambhúsið, síðar kallað Austurhús [...]“ (ÖPJ: 1). Norðarlega á miðju túni, um 180m NNV af Kirkjugarðinum á Spákonufelli eru sýnd aflöng fjánhús á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar, þessi hús samræmast vel dældum sem sjást á þessum stað í túninu.

Lýsing

Útbrúnir veggja eru óljósar, mest um 5sm háar, en lag hússins sést af 10-30sm djúpum dældum og má af þeim ráða að þarna hafi staðið garðahús með hlöðu sem hafi snúið nálega NV-SA. Hlaðan er í NV-enda, um 2x4m að innanmáli, en krærnar beggjavegna garðans hvor um sig rúmlega 9m langar og um 120-130sm breiðar. Hugsanlega hafa dyr verið til SV á

horni hússins, en þar virðast útbrúnir veggjanna mynda einhverskonar útskot, þetta er þó óljóst.



Mynd 3, teikning af minjum í norðurhluta túnsins á Spákonufelli. Meðfram túninu að austan er heillegur túngarður (nr. 22) sem beygir svo til vesturs í horni túnsins. Utan við þennan garð að norðaustan er eldri túngarður (nr. 23) og koma þeir saman í norðausturhorni túnsins. Enginn eiginlegur garður sést áfram til vesturs en þó sér móta fyrir hrygg í túninu í framhaldi garðsins (nr. 24) og geta það verið leifar annars hvors eða beggja áður nefndra túngarða (nr 22 og 23). Leifar fjárhúss eru upp við túngarðinn (nr. 23) norðaustarlega í túninu, norðan þeirra eru töluvert umfangsmiklar tóftir (nr. 17, 18, 19, 20 og 21). Heimildir eru um hjáleigu nyrst í túninu sem kallaðist Spákonufellsgerði, líkast til eru þarna leifar hennar auk yngri minja. Í túninu sjálfu eru leifar fjögurra tófta, þar af ein óþekkt (nr. 13) og þrjú fjárhús (nr. 10, 11 og 12). Punkturinn (nr. 14) vísar á staðsetningu fjórðu fjárhúsanna samkvæmt túnakort frá fyrri hluta 20. aldar sem lagt var yfir loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Skagaströnd - 11

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Dældir

Staðhættir

Norðarlega í túninu á Spákonufelli, um 16m austur af leifum Lambhúss/Austurhúss.

Lýsing

Fjárhús og hlaða, sjást sem illgreinanlegar dældir í túninu, útbrúnir veggja afar torgreinanlegar en innri brúnir skarpari um 10sm djúpar. Húsin hafa snúið austur-vestur, hlaða eða heytóft að vestan, 2,5x4m A-V, garðahús austan við, 7m langar krær og um 120sm breiðar. Óljóst hvar dyr hafa verið.

Skagaströnd - 12

Sérheiti: Grundarhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Þúst og dældir

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar segir: „Utar í túninu [en Lækjarhúsið] stóðu Lambhúsið, síðar kallað Austurhús, næst tvö samstæð hús með rétt á milli, kallað Grundarhús.“ (ÖPJ: 1). Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd stór fjánhús norðvestarlega á túninu á Spákonufelli, um 240m NNV af bænum, eða norðurhluta kirkjugarðsins eins og hann er í dag.

Lýsing

Á þessum slóðum má í dag sjá aflanga þúst, sem eru líklega leifar þess að húsin hafi verið jöfnuð við jörðu. Þústin er um 24m löng og 9m breið og liggur norður suður, leifar af hleðslugrjóti sjást á stöku stað, en engin veggjalög. Miðað við túnakortið hafa húsin verið um 20m breið (N-S) og um 28m löng (A-V) og teygt sig um 20m til austurs frá þústinni. Austast eru dældir í túninu sem sýna útlínur austara hússins. Það eru fjánhús með garða, grjót sést í garðanum og innri brúnir dældanna eru skarpar um 10-20sm djúpar. Ekki er að sjá leifar hlöðu eða heytóftar norðan við. Krærnar hafa hvor um sig verið um 10m langar og 120-30sm breiðar. Dyr virðast hafa verið syðst á vesturvegg.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Ingibergs Guðmundssonar er talað um Austurhús, Miðhús og Vesturhús norðarlega á túninu (ÖSH: 6). Austurhús er annað nafn á Lambhúsunum, en það er óljóst hvort Grundarhúsin hafi verið nefnd Vesturhús og nyrstu húsin sem sjást á túnakorti þá Miðhús, eða hvort Grundarhúsunum (sem voru tvö sitthvorum megin við rétt) hafi verið nefnd í sitthvorum lagi Vestur- og Miðhús.

Skagaströnd - 13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Norðarlega í túninu á Spákonufelli, um 20m norðaustur af leifum Grundarhúsa og um 40m NNA af leifum Lambhúss/Austurhúss.

Lýsing

Grunnar lægðir í túninu vísa á minjar undir sverði. Um 10sm djúp aflöng lægð 16m löng og um 3m breið liggur NA-SV, út frá henni miðri ganga tvær samsíða lægðir til SA og virðast mynda garðahús, með um 6,5m löngum 1m breiðum króm. Þetta er þó fremur óljóst og má vera að hér vanti eitthvað inni upprunalega mynd hússins.

Skagaströnd - 14

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar segir: „Enn utar á túninu [en Grundarhús] var enn fjánhús sem ekki hafði sérstakt nafn.“ (ÖPJ: 1). Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt aflangt fjánhús nyrst í túninu, um 8x16m og snýr nálega norður-suður.

Lýsing

Engar minjar sáust á yfirborði á þessum stað, en þarna er nú sléttað tún.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Ingibergs Guðmundssonar er talað um Austurhús, Miðhús og Vesturhús norðarlega á túninu (ÖSH: 6). Nafnið Miðhús gæti hugsanlega hafa átt við um þessi hús, þótt ekki sé það öruggt.



Mynd 4, horft til norðvesturs yfir norðausturhluta túnsins á Spákonufelli, túngarðurinn (nr. 22) sést glögglega og grænar leifar fjárhúss (nr. 15) ganga til vesturs frá honum inná túnið. Í horninu til hægri á myndinni eru leifar Spákonufellsgerðis (nr. 17, 18, 19, 20 og 21). Lengst til hægri má sjá móta fyrir eldri túngarði (nr. 23) sem sveigir niður í hornið.

Skagaströnd - 15

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Upp við túngarðinn norðaustarlega í túninu á Spákonufelli.

Lýsing

Tóftin er á um 40-100sm hárrí upphækkun sem er um 20x8m á kant, veggir mest um 40sm háir en verða óglöggir til vesturs, þó má sjá að um garðahús hefur verið að ræða, með heytóft eða hlöðu að austan 3x4m að innanmáli, krærnar um 9m langar, nokkuð samfallnar um 0,5-1m breiðar.

Skagaströnd - 16

Hlutverk: Fjarhús/hlaða


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í suðvesturhluta gamla túnsins tæpa 200m suðvestur frá gamla bæjarstæðinu í norðurhluta kirkjugarðsins, um 90m NNV af íbúðarhúsinu á Litla-Felli.

Lýsing


Tóftin er um 20x20m á kant og snýr nálega austur-vestur, tvískipt hlaða eða heytóft að austan og a.m.k. eitt garðahús að vestan, með tæplega 11m löngum króm 150-200sm breiðum og dyr útúr hvorri kró. Norðan við virðist vera minni kofi, með heytóft eða hlöðu. Kofinn um 5x2m (A-V) og tóftin austan við 1,8x2,5m (N-S). Stærri hlaðan/heytóftin bak við garðahúsin er um 8,5x3m (N-S). Sunnan við garðahúsið er stórt rými 5x10m, opið til vesturs og enginn sýnilegur garði.



Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Sigrúnu Guðmundsdóttur voru þessi hús í notkun á fyrstu búskaparárum þeirra hjóna, hennar og Ásgeirs Axelssonar á Litla-Felli, en þau hófu búskap þar árið 1965.

Fjárhúsin voru samstæð garðahús sem hafa tekið á bilinu 60-80 fjár og hesthúskofi norðan við fyrir 2-4 hesta (munnl. heimild SG, 28.11.2009).



Skagaströnd - 17

Sérheiti: Spákonufellsgerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir að Spákonufellsgerði hafi staðið nyrst og efst í túnjaðrinum (ÖSP: 1).

Lýsing

Töluverðar tóftir eru innan garðs í norðausturhorni túnsins, hugsanlega frá fleiri en einu tímabili. Upp við túngarðinn að norðan er tóft sem gæti verið samtíða elsta hluta garðsins. Hún er um 12x14m á kant (VSV-ANA). Yngri tóft virðist byggð ofan á hana miðja, 7x4m að utanmáli.

Aðrar upplýsingar

Tvær hjáleigur virðast hafa verið frá Spákonufelli, annars vegar nyrst í túninu og hins vegar vestast. Spákonufellsgerði er nyrðri hjáleigan kölluð í örnefnaskrá en Spákonufellskot sú vestari.⁶⁷ Það er þó ekki að fullu ljóst þar sem einungis er talað um „kotið“ eða „hjáleiguna“ í heimildum við hvort þeirra er átt. Nafnið Spákonufellsgerði virðist ekki koma fram í öðrum heimildum en örnefnaskrá og það er því e.t.v. ekki mjög gamalt þótt minjar kunni að vera það.

⁶⁷ Spákonufellsgerði kemur að vísu aðeins fram í tveimur örnefnaskrá, en Spákonufellskot í þremur til viðbótar.



Mynd 5, horft vestur yfir Spákonufellsgerði, norðaustast í túninu á Spákonufelli.

Skagaströnd - 18

Sérheiti: Spákonufellsgerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofan á eldri tóftum upp við túngarðinn í norðausturhorni Spákonufellstúns.

Lýsing

Tóftin snýr nálega norður suður og er um 7x4m að utanmáli, með dyrum vestast á suðurvegg. Veggir á bilinu 130-150sm háir og um 1m breiðir. Tóftin er byggð ofan á að því er virðist eldri tóftum (nr. 17).

Skagaströnd - 19

Sérheiti: Spákonufellsgerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er norðaustast í Spákonufellstúni, um 3m suður af tóft (nr. 17) sem er upp við norður túngarðinn og um 8 metra frá túngarðinum að austan (nr. 22).

Lýsing

Tóftin er um 14x10m og liggur VSV-ASA, tví eða þrískipt og fer hugsanlega undir yngri minjar til vesturs. Nyrst er lítið hólfi eða tóft, 2x3,5m (N-S), þá tekur við annað rými 4x2m með dyr eða opi nyrst á vesturvegg. Þar tekur við hólfi sem lokast af breiðum vegg til suðurs og að því er virðist yngri tóft til vesturs, en um 2,5m breytt op er á norðurvegg. Veggir eru um 2-3m breiðir, á bilinu 30-50sm háir og algrónir. Óvíst er hvaða tilgangi þessi bygging hefur þjónað.

Skagaströnd - 20

Sérheiti: Spákonufellsgerði

Hlutverk: Óþekkt (híbýli)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er norðaustast í Spákonufellstúni, fast vestan við eldri tóft (nr. 19).

Lýsing

Tóftin er 9,5x12m að ummáli og snýr VSV-ASA, fjór- eða fimmskipt. Að sunnan eru þrjár tóftir eða hús í röð, vestast eitt stakt um 1,8x2,8m að innanmáli (N-S). Austan við það ferhyrnt hól 2,5x3m og dyr úr því á miðjum austurvegg inni það þriðja sem er 1,5x3m að innanmáli. Þessi hús eða hól snúa öll þvert á stefnu tóftarinnar, norðan við er hins vegar aflangt hús sem snýr eins og tóftin, 5m langt og 170sm breitt. Dyr virðast hafa verið til VSV. Austan við þetta hól mótar fyrir hugsanlegri heytóft, óljósir veggkantar mynda flöt sem er um 1,8x2m og stendur nokkuð hærra en gólf aflöngu tóftarinnar. Veggir tóftarinnar eru ávalir, 1-2m breiðir og á bilinu 10-40sm, algrónir. Tóftin stendur hins vegar á um 60sm upphækkun, líklega eldri minjum.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um bæjarhús Spákonufellsgerðis að ræða, nyrst gæti hafa verið fjós eða gripahús af einhverju tagi og vistarverur í suðurhluta hússins.

Skagaströnd - 21

Sérheiti: Spákonufellsgerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Tóft nr. 20 stendur á lágum aflöngum hóli eða þúst, hugsanlega rústum eldri mannvirkja.

Lýsing

Hóllinn virðist liggja undir allri tóftinni nr. 20 en gengur að auki um 6m vestur af suðvesturhorni hennar og er um 4,5m breiður. Hóllinn er um 20-30sm hærri en umhverfið og er bæði grænni og gróskumeiri en umhverfið.

Skagaströnd - 22

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Meðfram norðurtúninu á Spákonufelli að austanverðu.

Lýsing

Garðurinn er alls um 350m langur (um 270m að austanverðu, 55m að norðan og 25m að sunnan). Hann víðast hvar stæðilegur, um 1-1,5m breiður og mest um 1,2m hár en fer niður í um 40sm á köflum. Garðurinn er að mestu gróinn en þó er rof í hann á nokkrum stöðum.

Aðrar upplýsingar

Hryggirnir eru í framhaldi af túngarðinum og hafa líklega tilheyrt eldri garðinum (Nr. 23), í það minnsta stemma þeir ekki við túnakortið frá fyrrihluta 20. aldar, líkt og umræddur garður (Nr. 22).

Skagaströnd - 23

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Eldri túngarður en nr. 22 liggur samsíða austan við hinn að norðan og smákafla virðist mega sjá í lækjargilinu norðan við bæjarstæði Spákonufells.

Lýsing

Garðurinn er siginn og þýfður á köflum, um 40-60sm hár og allt að 2,5m breiður. Hann hefur afmarkað stærra svæði til austurs og liggur á kafla samsíða yngri garði (nr. 22) 20m austar. Garðarnir koma saman í norðausturhorni túnsins við tóftir Spákonufellsgerðis.

Skagaströnd – 24

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hryggur

Staðhættir

Nyrst í túninu á Spákonufelli.

Lýsing

Um 3m breiður og 10sm hár hryggur gengur til suðvesturs í framhaldi af túngarðinum ofan við tóftirnar á Spákonufellsgerði (Nr. 17 og 18). Hryggurinn er rúmlega 80m langur, svo kemur um 14m eyða þar sem túnið virðist alveg slétt. Þá fer aftur að móta fyrir hrygg í sömu stefnu sem er allt að 4-5m breiður og 10sm hár, hann beygir svo í há suður með stefnu á uppmokaðar rústir Grundarhúsa (nr. 12).

Aðrar upplýsingar

Hryggirnir eru í framhaldi af túngarðinum og hafa líklega tilheyrt eldri garðinum (Nr. 23), í það minnsta stemma þeir ekki við túnakortið frá fyrrihluta 20. aldar, líkt og yngri garðurinn (Nr. 22).

Skagaströnd - 25

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Garðurinn er í nokkrum halla uppí brekkunni austan við túngarðinn skammt norður af minni lækjargilsins.

Lýsing

Innanmál garðsins er 13,5x7,5m og liggur nálega austur-vestur. Lágt garðlag er umhverfis beðið að sunnan, vestan og norðan, lægst um 10sm að innan en hæst að utanverðu að vestan 50sm. Að austan er um 50sm hár kantur inní brekkuna. Einhvers konar hlið hefur verið inní garðinn fyrir miðju að sunnan.



Mynd 6, horft til austurs á matjurtagarða í brekkunni austan við norðurtúnið á Spákonufelli.

Skagaströnd - 26

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í ornefnaskrá Páls Jónssonar segir: „Norðan við bæinn rann Bæjarlækurinn, lítill, úr gili í brekkunni. Hann þornaði oft að mestu á sumrin þegar miklir þurrkar voru. Upp í gilkaftinum var síðar grafinn lítill brunnur og leitt þaðan vatn í íbúð og fjós.“ (ÖPJ: 1).

Lýsing

Engar minjar um brunninn fundust á vettvangi.

Skagaströnd - 27

Hlutverk: Óþekkt (matjurtagarður?)

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Ofan (austan) við norðausturhorn kirkjugarðsins á Spákonufelli.

Lýsing

Sléttur flötur, með lágum garðlögum að sunnan og norðan, 10-50sm háum, en 50sm háum bakka upp í brekkuna að austan. Ólögulegt garðlag eða uppmokstur að norðvestan.



Mynd 7, horft til vesturs eftir garðlagi (nr. 28) ofan við kirkjugarðinn á Spákonufelli, óljóst sér móta fyrir hrygg (nr. 29) í framhaldi af honum innan garðs.

Skagaströnd - 28

Hlutverk: Óþekkt (túngarður?)

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Ofan (austan) við miðjan kirkjugarðinn á Spákonufelli.

Lýsing

Garðlagið liggur frá brekkubrúninni efst ofan við kirkjugarðinn og langleiðina að kirkjugarðsgirðingunni. Það er á bilinu 140-160sm hátt og allt að 4-5m breitt í grunninn. Umfangsins vegna er nær því að um uppruðning sé að ræða. Síðustu átta metrana að girðingunni verður garðlagið mjög óljóst, en sést áfram sem hryggur í gegnum allan garðinn um 10-20sm hár og um 2-3m breiður.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar er hryggurinn inni garðinum á svipuðum slóðum og suðurveggur kirkjugarðsveggjarins var um það leiti, upp við girðingu eða garðlag sem fór á sama stað þvert yfir túnið frá austri til vesturs.



Mynd 8, horft yfir norðurenda kirkjugarðsins á Spákonufelli, neðarlega á myndinni sér móta fyrir óþekktum garðlögum, hugsanlega leifum matjurtagarðs (nr. 27).

Skagaströnd - 29

Hlutverk: Óþekkt (tún-/kirkjugarðsveggur?)

Tegund: Hryggur

Staðhættir

Inni í miðjum núverandi kirkjugarði.

Lýsing

Hryggurinn liggur þvert yfir miðjan kirkjugarðinn frá austri til vesturs, í framhaldi af garðlagi sem liggur upp brekkuna austan við garðinn. Hryggurinn er um 10-20sm hár og um 2-3m breiður.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar er hryggurinn inni garðinum á svipuðum slóðum og suðurveggur kirkjugarðsveggjarins var um það leiti, upp við girðingu eða garðlag sem fór á sama stað þvert yfir túnið frá austri til vesturs.

Skagaströnd - 30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Hóllinn er um 45m vestur af miðjum kirkjugarðinum á Spákonufelli.

Lýsing

Hóllinn er fremur lágur og sker sig ekki gróðurfarslega úr umhverfinu. Á norðurhluta hans eru þrjár grunnar holur sem benda til minja.

Skagaströnd - 31

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Um 45m vestur af miðjum kirkjugarðinum á Spákonufelli er lágur hóll og á honum þrjár lægðir.

Lýsing

Hóllinn er fremur lágur og sker sig ekki gróðurfarslega úr umhverfinu. Á norðurhluta hans eru þrjár grunnar holur sem benda til minja. Holurnar eru á bilinu 10-20sm djúpar með ávölum brúnum, engin þeirra fullkomlega hringlaga, en þær eru á bilinu 3-4m langar og 2,5-3m breiðar. Syðri holurnar tvær eru hlið við hlið frá austri til vesturs með um 1 metra bili og ein stök um 2m norðan við fyrir miðju.

Skagaströnd - 32

Hlutverk: Matjurtagarður


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 70m suðaustur af kirkjugarðinum á Spákonufelli, undir brekkunni ofan við Litla-Fell.

Lýsing

Garðurinn er í svolitlum halla frá suðvestri til norðausturs og snýr eftir því þvert á brekkuna. Beðið er 10,5x6,m frá norðvestri til suðausturs, greinilegt garðlag að SV og NV en bakki að NA og SA, hlið til suðurs. Vegghæð á bilinu 10-50sm og mesta breidd um 60sm.



Skagaströnd - 33

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í brekkunni upp frá Hrafná, um 290m upp frá Litla-Felli.

Lýsing

Garðurinn er í nokkrum halla frá melbrúninni til SSA langleiðina niður að Hrafná. Hann er rúmlega 30m langur, um 40sm hár og 2,5m breiður, gamallegur og algróin grasi og mosa.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er þetta endinn á eldri túngarðinum (nr. 23) umhverfis Spákonufellstún sem lá austar en sá yngri (nr. 22)

Spákonufell – 34

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í brekkunni upp frá Hrafná, um 210m upp frá Litla-Felli.

Lýsing

Garðurinn stendur í halla frá SA horni túnsins á Spákonufelli og liggur til SSA langleiðina niður að Hrafná. Garðurinn er rúmlega 17m langur, um 50-70sm hár og allt að 3m breiður, algróinn.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er þetta endinn á yngri túngarðinum (nr. 22) umhverfis Spákonufellstún sem lá innan (vestan) við hinn eldri (nr. 23)

Skagaströnd - 35

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Garðbrotið er meðfram suðvesturbrún túnjaðarsins, gengt umfangsmiklum fjárhústóftum (nr. 16), um 12m vestar.

Lýsing

Garðurinn liggur NNV-SSA og er um 38m langur, um 2-2,5m breiður, 30-50sm hár, algróinn.

Aðrar upplýsingar

Mjög líklega er þetta hluti af túngarðinum (nr. 22) sem hefur verið umhverfis túnið síðast.

Skagaströnd - 36

Sérheiti: Litla-Fell (Syðra-Fell)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd sambyggð íbúðarhús og fjós suðvestarlega í gamla Spákonufellstúninu, á sama stað og gamalt steinsteypt íbúðarhús og bárujárnsklædd útihús (fjós) standa í dag um 35m ofan (austan) við núverandi íbúðarhús á Litla-Felli.

Lýsing

Engar fornleifar eru sýnilegar á þessum stað í dag.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignaskrá Fasteignamats Ríkisins á netinu (www.fmr.is) eru skráð tvenn hús byggð árið 1920 á Litla-Felli, annars vegar 62m² fjós og hins vegar 77,5m² geymsla. Mjög líklega eru þetta húsin sem sjást á túnakortinu, en íbúðarhúsið og fjósið, þótt hið fyrnefnda sé í dag notað sem geymsla.

Litla-Felli eða Syðra-Felli var skipt útúr landi Spákonufells um aldamótin 1900 og er enn í byggð (sjá nánar í sögukafla hér að framan).

Skagaströnd - 37

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimreið

Staðhættir


Af túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar er sýnt að heimreiðin hefur verið á svipuðum slóðum og afleggjarinn heim að kirkjugarðinum er í dag.

Lýsing

Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni, en þarna eru slétt tún beggjavegna núverandi vegar að kirkjugarðinum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar kemur fram að garðhleðsla hafi verið beggjavegna traðarinnar sem lá um stórbýft túnstykki, en að hún hafi verið fyllt upp og þar liggja nú upphlaðinn vegur heim að kirkjugarði (ÖPJ: 1).



Mynd 9, horft til suðausturs yfir stekkarleifar við Hrafná ofan við túnið á Spákonufelli.

Skagaströnd - 38

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í litlum hvammi, sem bugar til suðurs við Hrafná, um 400m upp með ánni frá íbúðarhúsinu á Litla-Felli.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 8x16m að utanmáli og liggur nálega norðvestur-suðaustur. Réttin að sunnan er 5x9m að innanmáli, með hlið til suðausturs og hugsanlega hefur verið annað hlið á

suðvesturhlið með aðrekstrargarði sem gengur um 5m til suðvesturs. Lambakróin er 2x4,5 að innanmáli með hlið til norðausturs. Veggir eru á bilinu 40-60sm háir og allt að 2m breiðir, algrónir grasi og mosa.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Ingibergs Guðmundssonar er talið upp örnefnið Stekkjarhvammur „í Hrafná við Árbakka. Þar var stekkur.“ (ÖSH: 5). Líklega er það umræddur stekkur sem hér er átt við, en þessi tóft er mun yngri og greinilegri en stekkjarrústirnar (nr. 39-42) ofar með ánni, þótt örnefnið gæti einnig átt við um þann hvamm.

Skagaströnd - 39

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflöngum hvammi 650-670m upp með Hrafná frá íbúðarhúsinu á Litla-Felli.

Lýsing

Tvískipt tóft, aflöng rétt sem liggur NA-SV, 5,5m löng og um 180sm breið, með dyrum til vesturs og byggð upp í brekkuna að NA. Lambakró er vestan við réttina ofan við hliðið, um 2,7m á kant. Veggir tóftarinnar eru 40-50sm háir og um 1,3-2m breiðir. Tóftin virðist liggja ofan á eldri minjum (nr. 40).



Skagaströnd - 40

Hlutverk: Óþekkt (stekkur?)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflöngum hvammi 650-670m upp með Hrafná frá íbúðarhúsinu á Litla-Felli, fast suðaustan við og hugsanlega undir stekkjartóft (nr. 39).

Lýsing

Það sem sést af tóftinni er bogalaga garðlag, opið til norðvesturs, um 20sm hátt og 1-2m breitt.

Spákonufell – 41

Hlutverk: Óþekkt (stekkur)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflöngum hvammi 650-670m upp með Hrafná frá íbúðarhúsinu á Litla-Felli, um 10-12m suðaustur af tóftum (nr. 39 og 40).

Lýsing

Tóftin er tví- eða þrískipt, 8x5,5m að utanmáli og snýr SV-NA. Nyrst er aflöng tóft, hugsanlega rétt 4m löng og 180sm breið (NA-SV), dyr út til suðurs og inní smærra hólfi,

lambakró, til suðausturs. Lambakróin er um 160x140sm á kant. Veggir tóftarinnar eru á bilinu 30-40sm háir og 1-1,4m breiðir, grasi grónir. Neðan (suðvestan) við er um 4m langt veggbot sem liggur NV-SA og virðist geta verið hluti af stekkjartóftinni.

Spákonufell – 42

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflöngum hvammi 650-670m upp með Hrafná frá íbúðarhúsinu á Litla-Felli, um 30-40sm suðaustan við stekkjartóft (nr. 41).

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur norðvestur suðaustur. Rétt er norðaustan upp við brekkuna 3x4m að innanmáli og snýr norðvestur suðaustur, með dyr til norðvesturs. Lambakró er suðvestan við með dyr til norðvesturs, króin er um 160x140sm á kant að innanmáli. Veggir eru um 30-40sm háir og 80-140sm breiðir, algrónir.

Skagaströnd - 240

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Sigrúnu Guðmundsdóttur voru fjánhús úr torfi og grjóti þar sem steinsteypt fjánhús frá Litla-Felli, stendur í dag á Kerlingarholti (munnl. heimild 28.11.2009).

Lýsing

Þarna eru steinsteypt fjánhús og engin merki um eldri hús sýnileg.

Skagaströnd - 241

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild


Staðhættir

Samkvæmt Sigrúnu Guðmundsdóttur eru núverandi hesthús byggð á grunni eldir torfhúsa sem hafa verið endurnýjuð smátt og smátt og er nú búið að skipta út öllum torfveggjum (munnl. heimild 28.11.2009).

Lýsing

Þarna hesthús í dag úr nútíma byggingarefni.

Spákonufellssel/Fellssel



Skagaströnd - 43

Sérheiti: Spákonufellssel/
Fellssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á norðurbakka Kambadalsár, um 340m austnorðaustur af ármótum hennar og Hrafnár.

Lýsing

Tóftin er þrískipt, um 12m löng og 6m breið. Veggir þýfðir og illgreinanlegir um 30-40sm háir og 1-2,2m breiðir. Nyrst virðist vera hús með dyr til vesturs 2,4x2,3m (NV-SA) að innanmáli. Nærst annað hólfi eða hús, sömuleiðis með dyr til vesturs, 0,8x2m (NA-SV) að innanmáli. Syðst er tóft með bóligna vegg, 1,5m á kant að innanmáli, með dyr til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar segir: „Í tungunni milli Hrafnár að norðan og Kambadalsár að vestan er Fellssel þar var búið til forna“ (bls. 4). Réttara er að segja selið suðaustan Hrafnár og norðan Kambadalsár/Kambaár, það sem hér er fullyrt um byggð á selinu getur vel staðist en kemur ekki fram annarsstaðar.⁶⁸



Mynd 10, horft til suðvesturs yfir rústir Spákonufellsseli.

Skagaströnd - 44

Sérheiti: Spákonufellssel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á norðurbakka Kambaár, um 340m austnorðaustur af ármótum hennar og Hrafnár, um 1m suður af seltóftinni (nr. 43).

Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr eins og nr. 43, norðaustur-suðvestur. Að norðan er líkt og mjór gangur eða tóft sem er opin til vesturs, 3,5m löng og um 60-70sm breið. Sunnan við er hólfi eða hús, með dyr til vesturs, 2x1,8m. Veggirnir eru 30-40sm háir og 0,5-2m breiðir, þýfðir og fremur illgreinanlegir. Í norðausturhluta tóftarinnar er grjóthrun inni tóftinni.

Skagaströnd - 45

Sérheiti: Spákonufellssel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

⁶⁸ Engin hefur verið skráður til heimilis á Spákonufellsseli eða Fellsseli í Austur-Húnavatnssýslu í manntalinu frá 1703 né heldur manntölunum 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 01901 og 1910. Hægt er að leita í þessum manntölum þeim á netslóðinni www.manntal.is Manntölin 1762, 1801, 1816 og 1880 hafa ekki verið gerð aðgengileg á netinu þegar þetta er skrifað og var ekki leitað í þeim.

Á norðurbakka Kambadalsár, um 300m austnorðaustur af ármótum hennar og Hrafnár, um 11m suðurvestur af seltóftinni (nr. 44).

Lýsing

Tóftin er fjór- eða fimmskipt, um 12m löng og 8,5m breið. Nyrst er hólf eða hús með millivegg og dyr út til hvors enda, austurs og vesturs. Austari helmingurinn 3x1,5m (N-S), vestari hlutinn 3x2,4m (A-V). Sunnan við er annað hólf eða hús sem einnig er tvískipt með millivegg. Austurhlutinn er 1x1,6m (A-V), vestan við er löng tóft 4x1,6m, opið er á milli hólfanna en ekki að sjá dyr út. Syðst er einföld tóft með dyr til suðurs, 1,6x1,8m að innanmáli. Veggir eru á bilinu 40-50sm háir og 80-160sm breiðir, algrónir og nokkuð þýfðir.

Skagaströnd - 46

Sérheiti: Spákonufellssel

Hlutverk: Óþekkt (beitarhús?)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á norðurbakka Kambadalsár, um 300m austnorðaustur af ármótum hennar og Hrafnár, um 11m suðurvestur af seltóftinni (nr. 44).

Lýsing

Tóftin er um 17m löng og 8m breið og liggur norðvestur-suðaustur. Veggir eru 20-30sm háir og 1,3-2,6m breiðir, þýfðir og fremur óljósir. Grjót sést í vesturhluta tóftarinnar. Innra fyrirkomulag er fremur óljóst en þó virðist tóftin vera tví- eða þrískipt. Suðaustast er aflangt hólf, 4x1,4m (NA-SV) með dyrum til suðurs, næst er annað aflangt hólf samsíða hinu 3,5x1,8m að innanmáli. Norðvestast er 8x2,4m langt hús opið til norðvesturs. Hugsanlega er hér um að ræða fjárhús með heytóft eða hlöðu.

Skagaströnd - 47

Sérheiti: Spákonufellssel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Hóllinn er um 230m norðaustur af ármótum Hrafnár og Kambadalsár, um 150m vestnorðvestur af tóftunum á Spákonufellsseli.

Lýsing

Hóllinn er grænn og gróskumeiri en umhverfið, 120-160sm hár, aflangur norðaustur-suðvestur 11x8m. Hóllinn gæti vísað á tóftir.

Skagaströnd - 214

Sérheiti: Spákonufellssel

Hlutverk: Bæjarhóll (rústasvæði)

Tegund: Hóll

Staðhættir

Á norðurbakka Kambadalsár, um 340m austnorðaustur af ármótum hennar og Hrafnár.

Lýsing

Seltóftirnar (nr. 43) á Spákonufellsseli eru á lágrí en umfangsmikilli upphækkun, um 45x25m að ummáli sem snýr norðaustur-suðvestur. Svæðið er allt mjög þýft en víða er þó að sjá veggjalög en erfitt að ráða í upphaflegt útlit þeirra eða samhengi, auk meintra seltófta (nr. 43)

má þó greina þar a.m.k. tvær tóftir til viðbótar (nr. 44 og 45) og ein tóft kemur í framhaldi af henni til norðausturs (nr. 215).

Skagaströnd - 215

Sérheiti: Spákonufellssel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er norðaustast á rústasvæði Spákonufellssels.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er um 9m löng og 3,5m breið. Veggir eru grasigróinr og þýfðir, um 90-130sm breiðir og 40-50sm háir. Dyr eða hlið hefur verið til norðausturs útúr tóftinni.



Mynd 11, óþekkt tóft (nr. 215) norðaustast á rústasvæðinu á Spákonufellsseli.

Skagaströnd - 216

Sérheiti: Spákonufellssel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er suðvestan við á megin rústasvæði Spákonufellssels, um 4m vestan við tóft nr. 45.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld, með lága og umfangslitla veggir sem eru að hluta hlaupnir í þúfur, grasi og mosa grónir. Ummál tóftarinnar er 3,5x3m, veggir um 50-80sm breiðir og um 30sm háir. Dyr hafa verið til norðvesturs.



Mynd 12, horft suðaustur yfir tóft suðvestarlega á rústasvæðinu á Spákonufellsseli. Kambadalur í baksýn.

Skagaströnd - 217

Sérheiti: Spákonufellssel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er vestan við miðju megin rústasvæðis Spákonufellssels, um 17m vestan við meintar seltóftir nr. 43.

Lýsing

Tóftin er óljós og rofin til norðurs en það sem eftir er af henni er um 11x8m að ummáli og snýr að því er virðist norðvestur-suðaustur. Þrátt fyrir það virðist mega greina tvö hús eða tóftir, það syðra um 3x1,8m að innanmáli (NV-SA) með dyr til norðausturs inní hitt. Norðari hlutinn snýr eins en er allur óljósari, hugsanlega hefur sá hluti tóftarinnar verið um 8,5m langur og tæplega 2m breiður að innanmáli og með dyr til norðvesturs. Þetta er þó óljóst þar sem mestan part norðausturhliðarinnar vantar. Veggir eru hlaupnir í þúfur og afar ógreinilegir á köflum, grasi og mosagrónir um 20-30sm háir og 1,5-2,5m breiðir, á einum stað sér í grjót.

Skagaströnd - 218

Sérheiti: Spákonufellssel

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er norðvestan við megin rústasvæðis Spákonufellssels, um 9m norðan við tóft nr. 217.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og hefur hugsanlega verið tvískipt, um 8,5x7m að ummáli. Norðari hlutinn er 3,5x2m (NV-SA) og með dyrum til norðvesturs. Syðri hlutinn er óljós en þó virðist mega sjá þar litla tóft 2x1m þvert á stefnu hinnar (NA-SV) sem er opin til suðvesturs. Veggir eru þýfðir, grasi og mosagrónir um 30sm háir og 1,2-2,5m breiðir.



Skagaströnd - 208

Hlutverk: Varnargarður /stífla

Tegund: Garðlag


Staðhættir

Garðlagið er í þurrum lækjar/árfarvegi um 75m norðaustur af megin tóftasvæði Spákonufellssels.

Lýsing

Garðlagið liggur norðvestur-suðaustur og er um 80m langt, 130sm breitt og um 30sm hátt. Um 50sm breið rás er í gegnum suðurhluta garðsins.

Höfðahólar



Mynd 13, túnakort frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum.ehf. Gamla bæjarstæði Höfðahóla er við enda Hólabrautar og hefur stór hluti gamla túnsins verið tekinn undir tjaldstæði. Númerin á myndinni eru raðnúmer minjanna í skýrslunni.

Skagaströnd - 48

Sérheiti: Höfðahólar

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarhóll

Staðhættir

Bæjarhóll Höfðahóla er um 70m norðaustur af síðasta húsinu við Hólabraut á Skagaströnd. Nánar tiltekið Hólabraut 35 sem er aðstöðuhús tjaldstæðisins.

Lýsing

Bæjarhóllinn er um 20x30m og snýr austur-vestur, allt að 2-3m hár til suðvesturs og norðvestur en litlu hærri en umhverfið annarsstaðar. Engin veggjalög eru greinanleg á hólnum og ekki hægt að greina húsaskipan að öðru leyti en því að steinsteyptur kjallari eða hlandþró er norðan til í hólnum. Bæjarhúsunum hefur verið ýtt út og suðurhluti hólsins sléttaður enn frekar undir minnismarki um bæinn.

Aðrar upplýsingar

Elsta heimild um Höfðahóla er frá 1318 og þar var búið fram til 1956 (sjá nánar í sögukafla).



Mynd 14, horft til suðurs yfir bæjarstæði Höfðahóla, fyrir miðri mynd. Túngarðurinn að sunnan sést vel ofan á hólhryggnum í baksýn, aðeins sést í þakskeggið á Hólabraut 35 yfir trjánun lengst til hægri á myndinni.

Skagaströnd - 49

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Fjosið var sambyggt við gamlabæinn. Bæjarstæði Höfðahóla er um 70m norðaustur af Hólabraut 35 á Skagaströnd.

Lýsing

Norðarlega á hólnum er steypur kjallari, hugsanlega hlandþróin frá fjósinu. Engar aðrar leifar fjóssins eru sýnilegar á yfirborði, en bæjarhúsunum hefur verið rutt út.

Skagaströnd - 50

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.

Staðhættir

Matjurtagarðurinn er suðvestan í bæjarhólnum á Höfðahólum.

Lýsing

Innanmál matjurtagarðsins er 14x13m. Bakki er inni brekkuna að austan og suðaustan en garðlag að norðan og vestan, um 40-50sm hátt og mest um 1m breitt. Garðurinn er opinn til suðurs. Búið er að planta trjám í stóran hluta garðsins og í nágrenni hans.

Skagaströnd - 51

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.

Staðhættir


Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd fjárhús suðaustarlega innan túns á Höfðahólum. Tóftir fjárhúsanna eru um 50m SSA af bæjarhólnum.

Lýsing

Tóftirnar eru 20x13m að ummáli og snúa nær suðvestur-norðaustur. Tvístæð garðahús með dyr til suðvesturs og hlöðu norðaustan við. Hlaðan virðist tvískipt, líklega vegna hruns. Hún skiptist þannig í tvo hluta um 2x2,5m að innanmáli annarsvegar og 3,5x2,5m hins vegar. Hvor um sig virðist hafa opnast inni hvort fjárhús fyrir sig auk þess sem syðri hlutinn opnast út til suðurs að því er virðist. Aftan við hlöðuna eru óljós veggjalög hugsanlega afleiðingar hruns, sem myndar þó eins og aflanga tóft. Syðra fjárhúsið er heillegra en það nyrðra, með tæplega 9m langar og 70-130sm breiðar krær og dyr úr hvorri þeirra til suðvesturs. Veggir nyrðri húsanna eru meira hrundir og óljósari, líklega hafa þau þó verið með svipuðu lagi og hin syðri. Út frá miðjum suðurausturveggnum gengur grunn rás eða renna um 4,5m til suðsuðausturs.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Páli Jóhannssyni var einfalt garðahús á þessum slóðum sem var síðast notað í kringum 1963-64 af Sveinbirni Guðmundssyni.



Skagaströnd - 52

Hlutverk: Fjárhús/Hesthús

Tegund: Tóft


Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt hesthús um 70m austur af bæjarstæðinu á Höfðahólum. Á þessum stað eru nú mun umfangsmeiri minjar fjárhúsa.

Lýsing

Tóftir fjárhúsanna eru um 17,5x13m og liggja nálega norður suður, tvær hlöður eða heytóftir austan við og að því er virðist leifar tvístæðra fjárhúsa vestan við með dyr til vesturs. Hugsanlega einhölukró eða leifar upphaflega hesthússins nyrst. Innanmál nyrsta hússins 3x5m, hlaðan bak við 2,5x4m. Sunnan við taka við óljós veggjalög og steipt fjárbað fyrir miðju að vestanverðu. Líklega hefur það verið á enda garða sem nú er með öllu ógreinanlegur. Syðst má sjá tvær krær og garða nokkuð greinilega. Krærnar eru 5-6m langar 120-160sm breiðar, engar greinilegar dyr. Austan við er löng hlöðutóft um 8x2,2m að hluta hrúnið inni norðausturhorn hennar, en austurveggurinn stæðilegur, um 1,5m hár úr torfi (klömbu) og grjóti. Veggir eru annars þýfðir og óljósir á bilinu 20-60sm háir og 1-3m breiðir.



Hvort fjárhúsin hafa verið byggð við hesthúsið eða nýtt hús byggt á sama stað og hesthúsin stóðu áður er óvíst, en nyrsti hluti tóftanna gæti verið umrætt hesthús.

Aðrar upplýsingar

Páll Jóhannesson var með þessi hús í notkun fram undir 1970. Hesthúsið var norðan við með tvær krær og tók um 16 hross. Fjárbaðið var í hesthúsgarðinum. Fjárhúsin voru sömuleiðis með tvær krær og tóku um 40 fjár (munnl. heimild 20.11.2009).

(Nr. 53 er utan túns á Höfðahólum og kemur fyrir síðar í skýrslunni)

Skagaströnd - 54

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.

Staðhættir

Matjurtagarður er í brekkunni upp við túngarðinn norður af bæjarstæðinu á Höfðahólum.

Lýsing

Matjurtagarðurinn virðist hafa verið tvískiptur (tvö beð). Hann liggur norðvestur-suðaustur, norðvesturbeðið er stærra, um 13x13m og hitt 6x10m, með óskýrum skilum á milli. Neðan við (að norðvestan) er um 50sm hár bakki, en garðlag að sunnan og norðaustan við syðra beðið, túngarðurinn (nr. 61) lokar hinu beðinu til norðausturs og hóll (nr. 55) til norðvesturs.

Skagaströnd - 55

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.

Staðhættir

Upp við túngarðinn um 45m norður af bæjarstæðinu á Höfðahólum er lágur tóftalegur hóll.

Lýsing

Hóllinn er ávalur, um 3m hár að suðvestan en virðist fara að hluta yfir túngarðinn að norðaustan og er þar um 180sm hærri en umhverfi handan garðsins. Hóllinn er um 10m langur og 8m breiður.



Mynd 15, horft til norðausturs á Háaberg, nyrst í túninu á Höfðahólum. Norðvesturundir berginu eru leifar stekkjara (nr. 56) og túngarðs (nr. 61).

Skagaströnd - 56

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft



Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.

Staðhættir

Háaberg er norðvestan við bæjarstæði Höfðahóla, undir berginu utan túns eru stekkarleifar.

Lýsing

Tóftin er tvískipt um 11x12m og liggur norðaustur-suðvestur. Réttin er tæplega 8x4m að innanmáli með hlið til suðvesturs. Að suðvestan er réttin byggð upp við túngarð frá svipuðum tíma eða eldri og nær hann alveg upp undir klettavegginn. Norðvestan við réttina er lágreistari bygging líklega lambakró eða lítill kofi. Króin er 4x2,5m að innanmáli með dyr til suðvestur. Þessi hluti tóftarinnar gæti verið eldri eða ekki verið haldið við jafn lengi. Veggir lambakróarinnar eru 90-130sm breiðir og mest um 30sm háir, réttarveggirnir eru 120-180sm og á bilinu 40-60sm háir. Tóftin er öll grasi gróin en þó sér víða í grjót, einkum í krónni.



Skagaströnd - 57

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.

Staðhættir

Tóftin er á svolitlum hól um 35m suðaustan við Hólabraut 35.

Lýsing

Tóftin er lítil og illgreinanleg með sokkna og breiða veggi, 4x6m að utanmáli norðvestur-suðaustur, opin til suðvesturs 2,5x1,2m að innanmáli. Veggir mest um 30sm háir.

Skagaströnd - 58

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.

Staðhættir

Garðlagið er um 35m suðvestur af Hólabraut 35 og nær frá túngarðinum (nr. 61) og nánast að tóft nr. 57.

Lýsing

Garðurinn liggur nálega norður-suður og er um 20m langur og 1,5m breiður, hlykkjóttur og um 20-30sm hár.

Skagaströnd - 59**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Garðlag**Hættumat:** Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.**Staðhættir**

Garðlagið er um 40-45m suður af Hólabraut 35.

Lýsing

Garðlagið er um 18m langt og liggur samsíða túngarðinum umhverfis Höfðahóla (nr. 61) suðvestur-norðaustur, en um 18m innan hans. Garðlagið er grasi vaxið um 2,5m breitt og 30-50sm hátt.

Skagaströnd - 60**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Garðlag**Hættumat:** Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.**Staðhættir**

Garðlagið liggur samsíða túngarðinum (nr. 61) umhverfis Höfðahóla, um 65m suðsuðvestur af Hólabraut 35.

Lýsing

Garðlagið sem er mjög óljóst virðist byggt upp við túngarðinn (nr. 61) og er um 13,5m langt, 1,5m breitt og 30-50sm hátt. Þetta gæti þó verið náttúrulegt.

Skagaströnd - 61**Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Garðlag**Hættumat:** Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.**Staðhættir**

Túngarðurinn sést á köflum umhverfis gamla túnið á Höfðahólum við enda Hólabrautar á Skagaströnd.

Lýsing

Túngarðurinn á Höfðahólum er hvað stæðilegastur á um 150m kafla þar sem hann liggur eftir grónum klapparhrygg, Hólagerðsbergi, til norðausturs frá Hólabraut 30, allt að 140sm hár og um 150sm breiður. Annar stæðilegur kaflur er ofan við matjurtagarðinn (nr. 54) norðan við gamla bæjarstæðið á Höfðahólum. Þar liggur hann í sveigjum á um 75m kafla til norðvesturs og er á bilinu 50-70sm hár og um 2m breiður. Aftur sést garðurinn undir Stekkjarbergi þar sem hann liggur frá klettaveggnum og niður á túnið (stekkurinn nr. 56 er byggður upp við hann). Garðurinn hefur verið sléttaður undir tún, en þó sér móta fyrir um 10sm háum og 3-4m breiðum hrygg út frá veggnum í sömu stefnu til suðvesturs eftir túninu á um 70m kafla. Eftir það hverfur hann og sést ekki aftur fyrr en á 30m kafla beint vestur af Hólabraut 35, en þar er hann um 130-150sm hár og 150sm breiður.

Skagaströnd - 62**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Garðlag**Hættumat:** Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.**Staðhættir**

Garðlagið er utan við túngarðinn (nr. 61) um 90m austsuðaustur af Hólabraut 35.

Lýsing

Garðlagið er hálfhringur sem túngarðurinn lokar á norðvesturhlið, veggir algrónir 70sm breiðir og 20-30sm háir.

Skagaströnd - 63**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Garðlag**Hættumat:** Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.**Staðhættir**

Garðlagið er vestan undir Fjárhúsbergi, norðurendi þess um 40m austur af bæjarstæðinu á Höfðahólum (nr. 48), og suðurendinn um 13m norður af fjárhúsunum sem bergið er kennt við (nr. 51).

Lýsing

Garðlagið liggur norður-suður og er 18m langt, um 80sm breitt og 0,5-1m hátt, gróið grasi, mosa og ljónslöpp.

Skagaströnd - 64**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Niðurgroftur**Hættumat:** Minjarnar eru í hættu vegna trjáræktar.**Staðhættir**

Vestan undir Fjárhúsbergi vestan í miðju garðlagi (nr. 63) sem þar er.

Lýsing

Niðurgrofturinn er grasi gróin, um 80-90sm djúpur og um 150-180sm að ummáli.

Skagaströnd - 65**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst/gróðurskil**Staðhættir**

Þústin er um 50m norðaustur af bæjarstæði Höfðahóla (nr. 48) og um 23m norðvestur af fjárhúsunum (nr. 53).

Lýsing

Um er að ræða gróna þúst eða hávaða, um 20-30sm hærrí en umhverfið, grænni og gróskumeiri en umhverfið. Hugsanlega leynast þarna minjar undir sverði.

Skagaströnd - 66**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Staðhættir**

Við suðurenda Sunnuvegjar og Suðurvegjar er gata sem liggur austur-vestur (Vallarbraut?) í framhaldi af henni til austurs er vegur sem liggur að tveimur hesthúsum. Þústin er tæpa 50m austan við veginn þar sem hann beygir til norðurs að austari hesthúsunum.

Lýsing

Græn þúst með veggbrötum, en óljósu innra fyrirkomulagi. Ummál þústarinnar er 14,5x12,5m og hæð á bilinu 0,5-1m.

Skagaströnd - 67**Hlutverk:** Heimreið**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnd heimreið sem gengur til suðsuðausturs frá bæjarstæðinu á Höfðahólum, í smá hlykk til austurs og svo áfram í sömu stefnu um hlaðið framan við fjárhúsin (nr. 51) og krækir því næst í austur fyrir túngarðsendann (nr. 61).

Lýsing

Gatan sást ekki vegna gróðurs en kann þó að vera á sínum stað, ef vel er að gáð við heppilegri aðstæður.

Aðrar upplýsingar

Páll Jóhannesson sem kom í Höfðahóla árið 1955 man ekki eftir annarri heimreið en akveginum sem lá upp á bæjarhólinn að suðaustan.

Skagaströnd - 68**Hlutverk:** Heimreið**Tegund:** Gata (akvegur/kerruvegur)**Staðhættir**

Vegurinn liggur austur-vestur sunnan við fjárhúsin (nr. 51)

Lýsing

Ruddur vegur um 2,5m breiður, sést um 70m austan við Hólabraut 25, þar er hann sýnilegar á um 80m kafla þar sem hann liggur austur-vestur neðan við fjárhúsin (nr. 51) og beygir svo til suðurs sunnan við Fjárhúsberg og sést þar á um 25m kafla, niður brekkuna.

Skagaströnd - 69**Hlutverk:** Beðasléttur**Tegund:** Jarðræktarsvæði**Staðhættir**

Á flatanum um 90m vestur af gamla bæjarstæðinu á Höfðahólum, um 60m norðvestur af Hólabraut 35.

Lýsing

Þrjár grunnar, 10-11m langar, rásir með um 5,5-6m millibili liggja austur-vestur í annars sléttu túni.

Aðrar upplýsingar

Páll Jóhannesson man eftir þremur beðasléttum á þessum stað sem náðu allt upp að matjurtagarðinum (nr. 50). Þá voru einnig tvær mun breiðari sléttur ofan við bæ og náðu frá bænum (nr. 48) nánast að útihúsunum austast (nr. 52 og 53).

Minjar innan þéttbýlisins á Skagaströnd

Skagaströnd – 251

Sérheiti: Hólagerði

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir


Í ornefnaskrá Höfðahóla segir: „Bergin, sem liggja í sveig um Höfðahólatúnið, heita Hólaberg, og Hólagerðisberg heitir kletthæð sunnan Höfðahólatúns.“ (ÖHH:1). Samkvæmt Guðmundi Jóhannessyni stóð Hólagerðisbærinn á lóð Hólabrautar 24 (munnl. heimild 20.11.2009).

Lýsing

Á Hólabraut 24 stendur í dag stórt einbýlishús og bílskúr og ekki að sjá nein merki um gamla torfbæinn.

Aðrar upplýsingar

Hólagerði kemur ekki fyrir í manntölunum 1703, 1835, 1840, 1845, 1850 né 1860 en í manntalinu frá 1870 eru sjö manns skráðir þar til heimilis bærinn skilgreindur sem „hjáleiga, þurrabúð“. Hólagerði kemur ekki fyrir í manntalinu 1890, en árið 1901 eru skráðir 6 manns þar til heimilis. Jörðin kemur hins vegar ekki fyrir í manntalinu frá 1910.⁶⁹



Mynd 16, útihús (nr. 70) norðan núverandi hesthúsanna Hrossafells 1 og 3 á Skagaströnd. Horft til norðvesturs.

Skagaströnd - 70

Hlutverk: Óþekkt (fjárhús/hesthús)

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru í hestahólfi og verða fyrir miklum ágangi hrossa.

Staðhættir

Tóftin er um 20m norður af hesthúsunum Hrossafelli 1 og 3, um 165m vestur af Fellsrétt.

Lýsing

⁶⁹ www.manntal.is

Tóftin eða það sem eftir er af henni er 7,5x10m að utanmáli og liggur norðaustur-suðvestur, opin til suðvesturs. Garðahús með um 120-140sm breiðar krær og 40-60sm háa vegg. Húsið kann að hafa náð lengra til suðvesturs, en veggir og garði eru mikið rofnir og eyddir í þá átt. Tréþil eru ofan á norðvestur og –austurvegg tóftarinnar.

Skagaströnd - 71

Hlutverk: Óþekkt (fjárhús/hesthús)

Tegund: Tóft

Staðhættir


Um 60m sunnan við afleggjarann inn á Skagaströnd um 35m suðvestan við steinsteypt fjárhús og hlöðu.

Lýsing

Tóftin er 7x7,5m að utanmáli og snýr nálega norður-suður, opin til suðurs. Veggir eru grasi grónir, um 40-50sm háir og 1-1,5m breiðir.

Aðrar upplýsingar

Brunnur virðist hafa verið um 14m suðvestur af tóftinni, hringlaga hola um 1m þvermál full af vatni og tunnustafir í kring.



Skagaströnd - 72

Hlutverk: Óþekkt (fjárhús/hesthús)

Tegund: Þúst

Staðhættir

Um 17m sunnan við afleggjarann inn á Skagaströnd, um 60m vestur af stóru fjárhúsi og hlöðu, sem einnig standa sunnan við veginn.

Lýsing

Óljós þúst sem stendur nokkuð hærra en umhverfið. Mikil sina er yfir og grjót innan meintra veggja, greinilegasti veggurinn er að sunnan um 50sm breiður og 20sm hár. Hugsanlega er hér um illa farnar minjar að ræða þótt ekki sé hægt að útiloka síðari tíma rask af einhverju tagi.

Skagaströnd - 73

Hlutverk: Fjárhús/hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Tóftin er í túni um 120m suðaustur af Fellsborg félagsheimili Skagstrendinga, um 190m austnorðaustur af Sólarvegi 16.

Lýsing

Tóftin er um 7x13m að utanmáli, með dyr sunnarlega á vesturvegg. Bárujárn er á þakinu að hluta, þekjan fallin í norður helmingi en ekkert þak sýnilegt í suðurhluta. Veggir tóftarinnar eru á bilinu 40-130sm háir.

Aðrar upplýsingar

Páll Jóhannsson keypti þetta hús og var með fé og hross í því fram yfir 1970. Fjárhús var í norðurenda og tók um 50 kindur og hægt var að setja inn hesta í suðurenda. Páll vissi ekki hvenær húsið var byggt en í það voru notaðir viðir úr



Árbakkabúið, sem stóð sunnan við ós Hrafnár í landi Árbakka (munnl. heimild P.J. 20.11.2009).

Skagaströnd - 74

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í beinu framhaldi af götunni fyrir suðurbotni Suðurvegur og Sunnuvegur á Skagaströnd liggur vegur til austurs að tveimur hesthúsum. Mitt á milli hesthúsanna um 7m ofan við veginn er tóft, nánar tiltekið um 440m austnorðaustur af Sunnuvegi 11.

Lýsing

Tóftin er um 7x11m að utanmáli, garðahús sem hefur að líkindum verið með þilstafni til suðurs. Krærnar eru um 8,5m langar og um 130m breiðar. Torfveggir 50-100sm háir á fjárhúsum garði mest úr grjóti 1m breiður og 30-40sm hár. Bakvið að norðan hefur verið heytóft, 20sm háir og 30-40sm breiðir veggir. Bárujárn hefur verið á þaki.

Aðrar upplýsingar

Páll Jóhannsson man eftir þessum húsum og taldi þau hafa verið í notkun fram yfir 1970, en vissi ekki hvenær þau myndu hafa verið byggð (munnl. heimild P.J. 20.11.2009).



Skagaströnd - 75

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er um 360m suðaustur af Sunnuvegi 11, upp á bakkanum ofan við Hrafná, um 700m frá ósinum og um 14m norðaustan við fjárhús sem gerð hafa verið úr hálfum skipskrokki.

Lýsing

Þústin er um 30-80sm há og 8,5-11,5m að ummáli, grasi vaxin og þýfð en þó glittir í hleðslugrjót og steypubrot á stöku stað. Hugsanlega leifar útihúss af einhverju tagi sem rutt hefur verið út.



Mynd 17, horft til norðurs yfir litla tóft (nr. 76) á bökkum Hrafnár.

Skagaströnd - 76

Hlutverk: Óþekkt (mókofi?)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Þústin er niður við bakka Hrafnár um 500m upp af ósinum.

Lýsing

Þústin er greinleg um 50sm hærrí en umhverfið, um 5m í þvermál og grasi gróin. Veggir eru umfangslitlir um 30sm háir og 40sm breiðir, ógreinilegir til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega eru þetta leifar mókofa, en umfangsmiklar mógrafir (nr. 77) sjást glögglega um 80m norðar, en gætu hafa náð eitthvað lengra til suðurs.

Skagaströnd - 53

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Þústin er um 280m suð-suðaustur af suðurenda Sunnuveggar, um 20m austur af mógröfunum nr. 77.

Lýsing


Tóftin er um 12x7,5m að utanmáli og snýr norður-suður. Hún er full af vírnetsrúllum, staurum og öðru girðingarusli. Veggir þar sem þeir sjást eru á bilinu 0,1-1m, hæstir að austan. Veggbreidd er á bilinu 1-1,5m. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir innra fyrirkomulegi en líklega hefur verið í þeim garði og heytóft þótt hennar sjái ekki lengur merki.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Páli Jónssyni voru þetta um 60 kinda hús sem voru í notkun fram undir 1970 (munnl. heimild. 20.11.2009).



Mynd 18, horft til norðurs yfir leifar fjárhúsa (nr. 53) skammt norður af Hrafná.



Skagaströnd - 77

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Í uppþurrkuðu landi suðvestan við byggðina í Skagaströnd. Fyrstu grafirnar sjást um 80m suður af Sunnuvegi, og ná um 215m til suðurs í átt að Hrafná.

Lýsing

Búið er að þurrka upp landsvæðið umhverfis mógrafirnar og fylla upp í þær að hluta. Sá hluti mógrafanna sem enn sést tekur yfir um 6920m² svæði. Grafirnar eru á bilinu 0,4-1m djúpar, norðurhluti þeirra að mestu þurr en töluverð væta í gröfunum að sunnan.

Skagaströnd - 78

Hlutverk: Mókofi/-stafla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Mókofar eða leifar móstafla eru á nokkrum stöðum innan um og umhverfis sjálfar mógrafirnar, syðst á mógrafarsvæðinu sunnan við byggðina á Skagaströnd. Umrædd mótóft er allra syðst á mógrafarsvæðinu um 150m norðan við Hrafná.

Lýsing

Um er að ræða nálega 50sm háan nær hringlaga bakka sem er um 6,5m í þvermál. Ofan á bakkanum er um 20sm djúp hringlaga dæld, um 3,5m í þvermál.

Skagaströnd - 79**Hlutverk:** Mókofi/-staffli**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Umrædd mótóft er sunnarlega á mógrafarsvæðinu um 15m norðnorðvestan við mókofa (nr. 78).

Lýsing

Leifar mókofans standa svolítið hærra en umhverfið sem allt hefur verið grafið í sundur eftir mó. Sjálf mótóftin er um 4x5m að ummáli og opnast til suðausturs, með um 20-30sm háa og 30-60sm breiða vegg.

Skagaströnd - 80**Hlutverk:** Mókofi/-staffli**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Umrædd mótóft er á norðurbakka syðrihluta mógrafaanna um 30m norðaustan við mókofa (nr. 79).

Lýsing

Tóftin er uppá á svolitlum hól, hún er um 4,5x4m að ummáli, með 20-30sm háa og um 40sm breiða vegg, opin til norðurs.

Skagaströnd - 81**Hlutverk:** Mókofi/-staffli**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Umrædd mótóft er á norðurbakka syðrihluta mógrafaanna um 30m suðaustan við mókofa (nr. 80).

Lýsing

Tóftin er uppá á aflöngum 1m háum hól sem lækkar til suðvestur. Tóftin er um 2,5x3m að ummáli, með um 30sm háa og jafn breiða vegg, opin til suðvesturs.

Skagaströnd - 82**Hlutverk:** Óþekkt (rétt?/útgerðarminjar?)**Tegund:** Tóft**Staðhættir**


Minjarnar eru um 35m norðan Hrafnár um 125m frá ósnum.

Lýsing

Minjarnar ná yfir um 70m svæði frá austri til vesturs og eru um 10m breiðar. Að norðan er 70m langt garðlag óslitið og fremur heillegt. Upp að því koma fimm hólfræði eða hús. Vestast er hólfræði með dyrum eða hliði útúr suðvesturhorni, 3,5x7,5m að innanmáli. Austan við það annað meira samfallið, um 5,5x2,5m að innanmáli. Þá kemur um 7m löng eyða og því næst þriðju hólfræði eða hús í röð. Vestasta hólfræði minnst 5,5x3m (N-S), með dyrum eða hlið til austurs. Þá 8,5x5,5m langt hólfræði með dyrum til vesturs og austurs. Loks hólfræði sem er 6,5x7m einnig með hliði eða dyrum til austurs og vesturs. Virgirðing liggur á ská yfir minjarnar og er norðurhluti þeirra því innan afgirts hólfræðis.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um einhverskonar gripheildi eða rétt að ræða, þótt útgerðarminjar af einhverju tagi komi einnig til greina. Innanmál þessara hólfa er í það minnsta meira en almennt gengur og gerist með torfbyggingar. Páll Jóhannesson heyrði þetta nefnt Svönkugerði og var talið býli nefnt eftir einhverri Svanlaugu að hann minnti (munnl. heimild).



Skagaströnd - 242

Sérheiti: Litla-Berg

Hlutverk: Híbýli (þurrabúð/skóli)

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir: „Húsin stóðu flest í einfaldri röð niður við sóinn. Ef við horfum norður eftir er Bráðræði syðst. Það var þurrabúð í eigu Péturs Sæmundssen. Þar næst kom komu Litla-Berg og Stóra-Berg upp af Hólanesi, hvoru tveggja átti Carl Berndsen kaupmaður.“ (BB: 152). Miðað við kort V. Brædstrup Holm af Skagaströnd frá 1920 virðist Stóra-Berg hafa staðið á lóðinni sem nú er óbyggð austan við Iðavelli, suðaustan við Hólaneskirkju.

Lýsing

Engar minjar sjást þarna á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Í bók Bjarna Guðmarssonar er mynd af Stóra-Bergi og Litla-Bergi. Stóra-Berg frambyggt torfhús, en Litla-Berg portbyggt torfhús, með timburviðbyggingu (BB: 147). Skóli var haldinn á Stóra-Bergi frá árinu 1909 og í nokkur ár (BB: 147).

Skagaströnd - 243

Sérheiti: Stóra-Berg

Hlutverk: Híbýli (þurrabúð)

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir: „Húsin stóðu flest í einfaldri röð niður við sóinn. Ef við horfum norður eftir er Bráðræði syðst. Það var þurrabúð í eigu Péturs Sæmundssen. Þar næst kom komu Litla-Berg og Stóra-Berg upp af Hólanesi, hvoru tveggja átti Carl Berndsen kaupmaður.“ (BB: 152). Miðað við kort V. Brædstrup Holm af Skagaströnd frá 1920 virðist Stóra-Berg hafa staðið á svipuðum slóðum og íbúðarhúsið á Fellsbraut 2.

Lýsing

Engar minjar sjást þarna á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Í bók Bjarna Guðmarssonar er mynd af Stóra-Bergi og Litla-Bergi. Stóra-Berg frambyggt torfhús, en Litla-Berg portbyggt torfhús, með timburviðbyggingu (BB: 147).

Skagaströnd - 83

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Jarðfundnar minjar

Staðhættir

Í skurði bak við (austan) húsið Árnes á Skagaströnd

Lýsing

Við skráningu fornleifa á Skagaströnd var gengið fram á opinn skurð við húsið Árnes á Hólanesi. Skurður hafði verið grafinn meðfram austurgafli hússins vegna einhverra lagfæringa við húsið. Í skurðunum honum sáust glögg merki um eldri mannvist, móaska og kolaleifar. Engin eiginleg fornleifakönnun né uppmælingar voru gerðar, en látið nægja að hreinsa sniðið í austurhlið skurðarinnar að norðan. Frá grassverði var um 20sm þykkt lag af rótuðum grábrúnum moldarjarðvegi, þá tók við um 5sm gráleitt sandborið lag og undir því

7sm þykkt blandað lag af rauðleitri móösku, sandi og mold. Undir því var um 2-3sm þykkt rauðleitt móöskulag með koladreif og loks að því er virðist óhreyft sandlag niður í botn skurðarinnar um 15sm þykkt. Skurðurinn fer yfir vesturenda svolitillar upphækkunar, um 10-30sm hærrí en umhverfið og um 17m löng austur-vestur og um 10m breið norður suður þar sem hún er breiðust í vesturendanum. Hugsanlega eru þetta útmörk byggingarinnar sem móaskan tilheyrir eða leifar öskuhaugs. Engin gjóskulög fundust á þessum stað í skurðinum og því er ekki hægt að segja til um hugsanlegan aldur þessara mannvistarlaga.

Aðrar upplýsingar

Verslunarhús var skammt suður af þessum stað á seinni hluta 19. aldar og má vera að minjarnar tengist því þótt vel geti verið að þær séu eldri.



Mynd 19, austursnið skurðar bak við Árnes. Skaft múrskaiðarinnar er 12sm langt.

Skagaströnd - 244

Sérheiti: Hólanes

Hlutverk: Verslunarhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir: „Á Hólanesi stóðu [...] Hólanesverslunarhúsin, sem Frits Berndsen átti [...]“. (BB: 152). Miðað við kort V.Brædstrup Holm hafa þessi hús staðið á svipuðum slóðum og húsið Hólanes (b. 1930) stendur í dag (fmr.is)

Lýsing

Engar minjar voru sýnilegar fast við húsið en í skurði bak við Árnes, um 20m norðvestur af húsinu, fundust minjar undir sverði og í framhaldi af því til austurs má greina óljósa þúst eða upphækkun sem gæti einnig vísað á minja (sjá nánar nr. 83 hér að framan).

Aðrar upplýsingar

Verslun hófst á Hólanesi árið 1835 (PK: 37). Þar var fyrst Verslun Hildebrandts og Bergmanns fram til 1877 og síðar Verslun Münch og Bryde (BB: 95). Gömlu verslunarhúsin á Hólanesi brunnu til kaldra kola árið 1884 og voru þá nýlega komin í eigu Ole Möller (PK: 38).

Skagaströnd - 245

Sérheiti: Viðvík

Hlutverk: Veitingahús/híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir: „Í Viðvík, á milli verslunarstaðanna, var nú aflagt veitingahús. Átti Jónas Pálmason hús þar og voru í því tvö heimili.“ (BB: 152).

Lýsing

Á þessum slóðum standa íbúðarhúsin á Strandgötu 8 og 10 í dag og ekki að sjá nein merki um minjar.

Aðrar upplýsingar

Hafist var handa við byggingu veitingahúss á Viðvík eftir að leyfi fékks til þess sumarið 1867: „Húsið var u.þ.b. 15 álna langt og 10 álna breitt, gaflar og efri hlið úr torfi og grjóti að mestu og ris með torfþekju. Gengið var sjávarmegin inn í forstofu, þar var setstofa á hægri hönd og þar inn af hjónaherbergi. Uppi á lofti voru þrjú herbergi, m.a. fyrir vinnuhjú. Vinstra megin við innganginn var sjálf veitingastofan og eldhús og búr þar inn af.“ (PÓ: 17-18, sjá einnig BB: 94). Í Viðvík var rekið Veitingahús Jóns Ívarssonar frá 1867-1868 og Veitingahús Ólafs Jónssonar frá 1868 til 1883 (BB: 95, 158).

Þinghús var í Viðvík og voru m.a. haldnar þar danssamkomur í salnum (BB: 76). Þar var einnig barnakennsla á vegum fjölskyldunnar í kringum 1880 (BB: 143).

Skagaströnd - 246

Sérheiti: Karlsminni

Hlutverk: Veitingahús/þurrabúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir: „Karlsminni, þar sem Frits Hendrik Berndsen hóf verslun sína, var nú þurrabúð Jóns B. Tómassonar.“ (BB: 152). Milli Viðvíkur og Lækjarbakka.

Lýsing

Þústir, dældir og steiptur grunnur eru á lóðinni á milli Skagavegar 10 og Lækjarbakka (sjá minjar nr. 86 og 87, hér að neðan).

Aðrar upplýsingar

Í Karlsminni var Verslun F.H. Berndsen frá 1875, brann árið 1887 (BB: 86-87, 95, 118).

Skagaströnd - 84

Hlutverk: Beðaslétta

Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðhættir

Ofan (norðaustan) við Strandgötu 6-10 á Skagaströnd.

Lýsing

Slétturnar eru sex talsins, 8-9m breiðar, á bilinu 40-47m langar nema vestasta sléttan sem sést aðeins á um 25m kafla. Slétturnar eru í örlitlum halla til suðvesturs og snúa suðvestur-norðaustur.

Skagaströnd - 85

Hlutverk: Beðaslétta

Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðhættir

Milli Strandgötu 10 og Lækjarbakka á Skagaströnd, um 40m norðaustur af götunni (Strandgötu).

Lýsing

Slétturnar eru þrjár, 7-9m breiðar og sjást ekki nema að litlu leyti á 8-10m kafla. Slétturnar hafa að líkindum náð um 30-40m til norðausturs en búið er að plægja þvert yfir þær um 12m breiða skák.

Skagaströnd - 86

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Um miðjavegu milli Strandgötu 10 og Lækjarbakka á Skagaströnd, um 8m suðvestur af beðasléttunum (nr. 85).

Lýsing

Tvær dældir eru um 8m norðaustur af steinsteyptum húsgrunni. Austari dældin er aflöng um 5,5x3m og snýr norðvestur-suðaustur um 30sm djúp. Um 2,5m norðvestan við hana er grynri dæld um 2,6x2,7m og um 20sm djúp.

Aðrar upplýsingar

Erfitt er að segja til um aldur þessara byggingaleifa en á korti V. Brædstrup-Holm af Skagaströnd frá 1920 eru sýnd tvö hús á þessum slóðum, sem samræmast þó ekki sérlega vel þessum dældum.

Skagaströnd - 87

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Um 15m austur af húsinu Lækjarbakka á Skagaströnd um 5m norðan vegar (Strandgötu).

Lýsing

Um er að ræða grunna dæld í lágum hólí. Hóllinn er aflangur um 13x9,5m og snýr norðaustur-suðvestur um 30-40sm hár með um 10sm djúpri dæld í miðju sem er tæplega 6x3m að ummáli.

Aðrar upplýsingar

Á korti V. Brædstrup-Holm af Skagaströnd frá 1920 er sýnt lítið hús eða kofi á þessum slóðum.

Skagaströnd - 247

Sérheiti: Lækjarbakki

Hlutverk: Veitingahús/þurrabúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir: „Næst [utan við Karlsminni] kom þurrabúð Sölva Jónssonar, er hét Lækjarbakki.“ (BB: 152).

Lýsing

Þarna stendur nú steinsteypt íbúðarhús (b. 1946) og bílageymsla (b. 2008)

Skagaströnd - 248

Sérheiti: Jaðar

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Jaðar var torfbær skammt utan við núverandi íbúðarhús Neðri Jaðar, byggt 1941 (munnleg heimild Páll Jóhannsson, 20.11.2009; fmr.is).

Lýsing

Engar minjar fundust í næsta nágrenni Neðri Jaðars.

Aðrar upplýsingar

Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir: „Menn stytta sér stundirnar með bókallestri, en lestrarfélag var stofnað í Vindhælishreppi aldamótárið 1900. Var bókasafn fálagsins á Jaðri [...]. (BB: 158). Á ljósmynd í sömu bók má sjá bæði Gamla-Læk og Jaðar. Gamli-Lækur lágreist torfhús og Jaðar reisulegra timbur og torfhús (BB: 63). Efri Jaðar var rifinn árið 1982 ásamt fleiri gömlum húsum og kofum (BB: 301).

Skagaströnd - 249

Sérheiti: Lækur (Gamli-Lækur)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir: „Á Læk [utan við Lækjarbakka] bjó Halldór Gunnlögsen verslunarþjónn Höepnersverslunar og Björg ljósmyndari, kona hans.“ (BB: 152). Lækur, einnig nefndur Gamli-Lækur stóð nokkru norðar en Neðri-Lækur (b. 1930) sem stendur við Strandgötu.

Lýsing

Engar minjar sáust á vettvangi á þessum slóðum.

Aðrar upplýsingar

Á ljósmynd í sömu bók má sjá bæði Gamla-Læk og Jaðar. Gamli-Lækur lágreist torfhús og Jaðar reisulegra timbur og torfhús (BB: 63).

Skagaströnd - 250

Sérheiti: Skagaströnd (Höfðakaupstaður)

Hlutverk: Verslun

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Sýslu- og Sóknalýsingum Hofsprestakalls frá 1840 segir: „Kauptún. Á nesi því niður við sjóinn, sem heitir Hólanes, stendur eitt mikið höndlunarhús. [...] Norðan undir þessum stað liggur mjög fögur sandvík [...]. Við enda vikurinnar standa önnur 7 timburhús, þ.e. Skagastrandar höndlunarplads. [...] Að vestan að húsabaki, er tún nýlega ræktað, afgirt með garði frá húsunum að norðan upp til Höfðans [...]. (SS: 167).

Lýsing

Engar minjar eru sýnilegar á gamla verslunarstaðnum á Skagaströnd. Strandgata 34a og 34 eru þar sem Sæmundssenbúð, Pakkhúsið og Assistentastofan stóðu áður, en Einbúastígur 2, 2a og 2c eru þar sem x stóðu áður.

Aðrar upplýsingar

Fyrsta þekkta heimildin um verslun á Skagaströnd er leyfisbréf konungs frá árinu 1586 og var handhafi þess maður að nafni Ratke Timmermann frá Hamborg en líklega hafa kaupmenn komið þar að landi um aldir fyrir það (BB: 50-52). Kaupmönnum var bannað að hafa vetursetu á verslunarstöðunum fram til ársins 1777 en munu þó haft einhver verslunar og geymsluhús á staðnum fyrir það. Meðal annars er til frásögn af ráni Hollenskra sjómanna á einu slíku hús árið 1686, svonefndri „kaupmannsbúð“ (BB: 55). Strax árið eftir að kaupmönnum var leifð veturseta á verslunarstöðunum var reist stórt bjálkahús á Skagaströnd, en þá voru fyrir á Skagaströnd sláturhús frá árinu 1771 og annað eldra auk kokkhúss og búðar (HÞ1: 475). Eins og áður getur voru þar sjö timburhús árið 1840 (SS: 167) Verslun Severin Stiesen 1789-1801; Verslun Stiesen og Schram 1801-1815; Verslun Busch 1815-1825; Verslun Gísla Símonarsonar og Jakobsen 1825-1837; Verslun Jakobsen 1837-1860; Verslun Gudmanns 1860-1873; Verslun Höepners 1873 fram yfir 1880 (sbr. BB: 95).

Skagaströnd - 88

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Garðlagið er á gróinni flöt austanundir Spákonufellshöfða, norðan Einbúastígs og vestan Skagavegar á Skagaströnd.

Lýsing

Garðlagið er jarðsokkið um 2,2m breitt og 10-20sm hátt, það sést á um 75m kafla.. Garðlagið liggur norðvestur-suðaustur og nær frá bát sem settur hefur verið niður sem leiktæki norðarlega á flötinni og suðaustur að Skagavegi, með stefnu á gatnamót Skagavegar, Strandgötu og Einbúastígs.

Skagaströnd - 89

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Dældin er vestan undir Einbúanum, stökum kletti, sunnan við gamla verslunarhús Kaupfélags Skagstrendinga, við Einbúastíg 2.

Lýsing

Óljóst sér móta fyrir hugsanlegum húsgrunni, um 10sm djúp dæld, um 3x4m, sem snýr nálega austur-vestur, óljós til vesturs.

Aðrar upplýsingar

Þarna hafa í gegnum tíðina staðið nokkur hús, síðast stóð þar lítill timburkofi og lítil rétt sunnan við (sbr. ljósmynd í *Byggðin undir Borginni*, bls. 63). Á eldri myndum má sjá torfbyggingu með tvo stafna til vesturs, þann syðri þiljaðan (sbr. ljósmyndir í sömu bók, bls. 44 og 111). Á þessum stað er því að vænta einhverra byggingaleifa í jörðu þótt lítið sjáist á yfirborði.



Mynd 20, horft til suðvesturs af Spákonufellshöfða, kletturinn Einbúi fyrir miðri mynd.

Skagaströnd - 90

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Niðurgreftir

Staðhættir

Niðurgreftirnir eru syðst á Spákonufellshöfða, suðvestan við Einbúastíg 5.

Lýsing

Nyrst er aflangur ferhyrndur niðurgreftur sem snýr norðvestur-suðaustur, um 4x1,8m að ummáli og 10sm djúpur. Tæpa 6m suðvestur af honum er annar lítill niðurgreftur, um 130x130sm, um 40sm djúpur. 4m suðvestur af síðastnefndum niðurgrefti er annar aflangur um 20sm djúpur niðurgreftur sem snýr norðaustur-suðvestur, 1x3m að ummáli. Um 5m norðvestar er annar niðurgreftur sem snýr eins, 10-40sm djúpur, tæplega 1,5x5m að ummáli. Niðurgreftirnir eru allir mjög reglulegir með tiltölulega skarpar brúnir.



Skagaströnd - 91

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgreftir

Staðhættir

Sunnarlega á Spákonufellshöfða tæpa 40m vestsuðvestur af Einbúastíg 5.

Lýsing

Tveir niðurgreftir hlið við hlið sá vestari er aflangur en fremur óreglulegur í laginu um 4x2,3m í ummál og snýr nálega norður-suður, 40-50sm djúpur. Hinn er 3m austar, hann er grafinn inní bakka um 50sm djúpur. Hann er um 2,5x1,5m að ummáli og snýr norðvestur-suðaustur og opnast til suðvesturs útúr bakkanum.

Aðrar upplýsingar

Niðurgreftirnir bera með sér að vera ekki mjög gamlir, hugsanlega tengjast þeir veru breskra hermanna á þessum slóðum um miðja síðustu öld. Í bæklingi Sveitarfélagsins Skagastrandar um gönguleiðir á Spákonufellshöfða (endursk. útg. frá 2009) segir eftirfarandi: „Þar [við bílastæðið á höfðanum] voru fyrir á tímum skreiðarhjallar og sjást enn steipt fótstykkin. Fyrir sunnan bílastæðið var á stríðsárunum lítið varðbyrgi og var hlutverk breskra hermanna að fylgjast með ferðum um Húnaflóa og þá sér í lagi um höfnina.“ (Gönguleiðir: 5).

Skagaströnd - 92

Hlutverk: Óþekkt (varðbyrgi?)

Tegund: Tóft/niðurgreftur með hleðslu

Staðhættir

Sunnarlega á Spákonufellshöfða, um 22m vestur af Einbúastíg 5 á Skagaströnd, um 10m norðaustan við nr. 91.

Lýsing

Niðurgrefturinn er 20-40sm djúpur 3,5x2,5m að ummáli, með óreglulegar brúnir.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega eru þetta leifar varðbyrgisins sem Bretar komu sér upp á Höfðatánni til að fylgjast

með skipaferðum um Húnaflóa og Höfnina á Skagaströnd á stríðsárunum (sbr. Gönguleiðir: 5). Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* er mynd af varðbyrginu sem virðist hafa verið hlaðið úr sandpokum með trégrind (BB: 180).



Mynd 21, horft til suðurs yfir minjar (nr. 92) á Höfðatánni, syðst á Spákonufellshöfða. Grjóthlaðið og steipt siglingamerki í bakgrunni.

Skagaströnd - 93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Sunnarlega á Spákonufellshöfða, um 22m vestur af Einbúastíg 5 á Skagaströnd.

Lýsing

Þústin eða hólinn er um 160sm hár að vestan en um 10sm að austan, djúp lægð gengur inn í hólinn frá suðri og beygir til vesturs inn að miðju og gefur hólnum óljóst tóftarlag.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um herminjar af einhverju tagi að ræða eða leifar fiskþurrkunarhjalla sem voru nokkrir á þessu svæði á fyrri hluta fram yfir miðja 20. öld (munnl. heimild. Páll Jóhannesson).

Skagaströnd - 94

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Sunnarlega á Spákonufellshöfða, um 30m vestur af Einbúastíg 5 á Skagaströnd, 4m vestur af þúst (nr. 92).

Lýsing

Hóllinn er því sem næst sléttur að ofan, aflangur (norður-suður) 6,3x3,3m og um 120sm hár að vestan, en rétt um 20sm hærri en umhverfið að austan.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um herminjar af einhverju tagi að ræða eða leifar fiskþurrkunarhjalla sem voru nokkrir á þessu svæði á fyrri hluta fram yfir miðja 20. öld (munnl. heimild. Páll Jóhannesson).

Skagaströnd - 95

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fyrir miðjum Spákonufellshöfða að austan, um 70m suðaustur af Bankastræti 14 á Skagaströnd.

Lýsing

Tóftin er um 4,5x5m að utanmáli og snýr nálega austur-vestur með dyr til austurs. Veggir eru um 130-190sm breiðir og 30-40sm háir, innanmál tóftarinnar er um 1x2m. Það er óljóst hvort um eiginlega tóft er að ræða frekar en niðurgröft með uppmokstursköngum. Botninn er ójafn og lækkar um 30sm til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Páll Jóhannesson man eftir að einhverjir strákar hafi byggt lítinn kofa á höfðanum fyrir um 20 árum síðan og taldi hugsanlegt að þetta væru leifar hans (munnl. heimild. 20.11.2009).



Mynd 22, horft til suðurs yfir óþekhta tóft (nr. 95) á Spákonufellshöfða sunnan Tjaldklaufar.

Skagaströnd - 96

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Syðst í Tjaldklauf á Spákonufellshöfða, rúma 30m upp (norðvestur) af Bankastræti 14 á Skagaströnd.

Lýsing

Garðlagið fer þvert yfir sundið frá suðvestri til norðausturs og lokar því til suðurs. Göngustígur liggur yfir það að norðan. Garðlagið sunnan við stíginn er 14m langt, 50-80sm hátt og um 110sm breitt, en lægra og mjórra í brekkunni ofan við stíginn að norðan þar sem það sést á um 2m kafla, 30-40sm hátt og um 1m breitt.

Aðrar upplýsingar

Ferðamenn eru sagðir hafa reist tjöld sín í Tjaldklauf í kaup tíðum (BB: 16). Önnur hugsanleg skýring á ornefninu er sú að hún dragi nafn sitt af fuglinum Tjaldi.



Mynd 23, horft til suðurs af Spákonufellshöfða, yfir garðlag sem lokar Tjaldklauf að sunnan.

Skagaströnd - 97

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Um 5m austan við Skagaveg, um 90m norðan við Skagaveg 16.

Lýsing

Um 20sm lægri en umhverfið með afar óljósum um 0-10sm háum og um 100sm breiðum veggjaleifum umhverfis. Nyrst er innanmál tóftarinnar um 4x4,5m, úr suðvesturhorni gengur hólf eða hús til suðurs, um 5,5x2,5m að innanmáli.

Aðrar upplýsingar

Páll Jóhannesson man eftir fjórum fjárhúsum í röð á þessum slóðum, tvö sem stóðu fremur þétt saman nyrst, hugsanlega nr. 98 og 97 og tvö með meira millibili sunnar.



Skagaströnd - 98

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 5m austan við Skagaveg, um 116m norðan við Skagaveg 16, 18m norðan við tóft nr. 97.

Lýsing

Tóftin er um 8,4x9m og snýr að því er virðist nálega austur-vestur. Veggir eru óljósir og sokknir, innra fyrirkomulega er óljóst en þó má greina tvö hólf í miðri tóft, það syðra 3,5x2m, það nyrðra 3,2x1-2m og snúa bæði eins og tóftin nálega austur-vestur. Útbrúnir veggja eru glöggar að sunnan og vestan en óljósar eða engar að norðan og austan, vegg hæð annars um 30-40sm.

Aðrar upplýsingar

Páll Jóhannesson man eftir fjórum fjárhúsum í röð á þessum slóðum, tvö sem stóðu fremur þétt saman nyrst, hugsanlega nr. 98 og 97 og tvö með meira millibili sunnar.

Skagaströnd - 99

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjarnar standa yst fram á klettabrún og er hluti þeirra horfinn í sjó fram.

Staðhættir


Norðarlega á Spákonufellshöfða, á suðurbrún Vækilvíkur.

Lýsing

Það sem eftir er af tóftinni er um 8x11m og liggur norðaustur-suðvestur. Suðvesturhluti tóftarinnar er brotinn af og óljóst hve stór hún kann að hafa verið í upphafi. Veggir eru hlaupnir í þúfur og virðast gamlir um 1,5-2m breiðir og 40-60sm háir.

Aðrar upplýsingar

Sagan segir að kaupskip hafi legið við Vékelsvík. Norðan við víkina heitir Reiðflöt eða Reiðingsflöt og er sagt að þar hafi ferðamenn búið upp á hesta sína (BB: 17-16). Annað nafn yfir Vækilvík eða Vækilsvík er Vékelsvík, en einnig kemur fram nafnið Vælugilsvík, en Vælugil sagt klettageil sunnan við víkina (ÖIG: 3). (Sjá nánar um Vækilvík í kaflanum um þjóðsagnastaði, nr. 228 og 229)



Skagaströnd - 100

Hlutverk: Óþekkt (undan girðingu)

Tegund: Garðlag/hleðsla

Hættumat: Suðurhluti hleðslunnar er yst fram á klettabrún á suðurbrún Vækilvíkur.

Staðhættir

Garðlagið eða hleðslan liggur norðaustur-suðvestur yfir norðurhluta Spákonufellshöfða, norðausturendi er um 80m suðvestur af íbúðarhúsinu á Laufási 2.

Lýsing

Garðlagið eða hleðslan sést á tæplega 40m kafla sunnan Vækilvíkur þar sem hún fer þvert í gegnum tóft (nr. 99), hleðslan sést svo aftur um 50m norðaustur og greinileg á um 60m kafla fram að klettabrúninni vestan túnsins á Laufási. Hleðslan er um 30-40sm há, torf og grjót á köflum en sumstaðar aðeins grjót eftir.

Skagaströnd - 101

Hlutverk: Óþekkt (matjurtagarður?)

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í túnjaðrinum á Laufási meðfram Skagavegi um 20m sunnan við afleggjarann heim að bænum.

Lýsing

Garðlagið er vinkillaga, nyrst er um 10m kafla sem liggur nær norðvestur-suðaustur, en úr suðausturenda gengur garðurinn 35m til suðvesturs. Garðurinn er um 40sm hár og 60sm breiður.

Aðrar upplýsingar

Garðlagið virðist ekki eldra en frá aldamótunum 1900, hugsanlega er það töluvert yngra.

Skagaströnd - 102

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðhættir

Matjurtagarðurinn er um 7,5m vestur af íbúðarhúsinu á Laufási 2.

Lýsing

Beðið er um 14,5x8,5m að ummáli og er um 10sm lægra en umhverfið.

Aðrar upplýsingar**Skagaströnd - 103**

Hlutverk: Matjurtagarður


Tegund: Garðlag (Jarðræktarsvæði)

Staðhættir

Matjurtagarðurinn er um 23m norðvestur af íbúðarhúsinu á Laufási 2.

Lýsing

Matjurtagarðurinn er að utanmáli um 18x8,5m og liggur nálega norðvestur-suðaustur, með hliði til nyrst á vesturhlið. Garðlagið er 20-60sm hátt og 120-180sm breitt. Beðið er um 14x4m að innanmáli.



Skagaströnd - 104

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er norðarlega á Spákonufellshöfða, um 160m norðvestur af Laufási 2.

Lýsing

Tóftin er um 4x5m og snýr austur-vestur, um 4x1,3m að innanmáli opin til vesturs. Veggir um 40-60sm háir, grasi og mosa grónir. Hún er byggð undir brekku sem hallar til vesturs og eru veggir hæstir til austurs. Frá suðvesturhorni gengur rúmlega 3m langur og 1m breiður veggur í sveig til suðausturs.

Skagaströnd - 105

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Efst á klettahrygg, svonefndri Réttarholtshæð, nyrst á Spákonufellshöfða, um 200m norð-norðvestur af íbúðarhúsinu á Laufási 2.

Lýsing

Garðlagið er um 13m langt og liggur norð-norðvestur - suð-suðaustur eftir klapparhrygg, um 10-30sm hátt og um 50sm breitt. Garðlagið er fremur beint og virðist einna helst vera hleðsla undan girðingu, steypuklumpur framarlega í garðlaginu og járnror fyrir miðju.

Aðrar upplýsingar

Í bæklingi Sveitarfélagsins Skagastrandar um gönguleiðir á Spákonufellshöfða segir: „Efst á Réttarholtshæð er Spánska dys en þar mun spænskur sjómaður hafa verið greftraður og staðurinn valinn vegna útsýnisins.“ (Gönguleiðir: 6). Erfitt er að tengja umrætt garðlag þessari sögn og engar aðrar minjar fundust á Réttarholtshæð. Sjá einnig um Spönskudys í kafla um ófundnar minjar hér að neðan.

Skagaströnd - 223

Sérheiti: Réttarholt

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Heimild

Staðhættir


Óskar Axelsson bóndi á Ásholti telur að bæjarhúsin hafi staðið um miðja vegu milli réttarinnar (nr. 109) og umræddrar tóftar (nr. 110), um 40m sunnar, þar sem nú er slétt stæði fyrir heivinnutæki og vagna (munnl. heimild 20.10.2009).

Lýsing

Engar minjar eru sýnilegar á þessum stað, þarna er nú slétt plan og stæði fyrir vélar og vagna.

Aðrar upplýsingar

Réttarholt var grasbýli sem stóð út við víkina yst undir Spákonufellshöfða skammt frá Landsendarétt sem var skilarétt Skagstrendinga í áratugi (SB: 108).



Skagaströnd - 110

Hlutverk: Óþekkt (Fjárhús/Híbýli)

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjarnar eru í mikilli hættu vegna landbrots og hefur hluti þeirra þegar brotnað í sjó fram.

Staðhættir

Tóftin er um 140m norður af íbúðarhúsinu á Réttarholti um 20m austur af leifum Landsendaréttar (nr. 109).

Lýsing

Það sem eftir er af tóftinni er 12x13,5m að ummáli og snýr austur-vestur. Að vestan eru þrjú samsíða hólfi eða tóftir, brotið er af norðausturhorninu á því nyrsta, sem er 2,5x3m að innanmáli og opnast til norðausturs. Miðju tóftin er 3,5x1,6m að innanmáli (austur-vestur) og syðsta tóftin snýr eins 3,5x1,4m að innanmáli. Austan við er aflöng tóft 6x2,2m að innanmáli og snýr norður suður. Brotið er af norðausturenda hennar, en hún virðist þó ekki hafa náð mikið lengra til norðurs. Í suðvesturhorni tóftarinnar er steinsteypt þró af einhverju tagi, um 1m á kant, að mestu hrunin til norðurs og austurs. Veggir tóftarinnar eru á bilinu 0,7-2,3m breiðir og 40-110sm háir.



Mynd 24, horft til norðvesturs yfir tóftir (nr. 110) austan rústa Landsendaréttar (nr. 109).

Aðrar upplýsingar

Í *Húnaþingi II* segir m.a. um Réttarholt: „Áður var býlið við sjávarvíkina og var þar áður fyrr útræði.“ (H II; 108). Óskar Axelsson bóndi á Ásholti telur að bæjarhúsin hafi staðið um miðja vegu milli réttarinnar (nr. 109) og umræddrar tóftar (nr. 110), um 40m sunnar, þar sem nú er slétt stæði fyrir heyyvinnutæki og vagna (munnl. heimild 20.10.2009).



Mynd 25, horft til suðvesturs yfir leifar útihúsanna á Réttarholti (nr. 106), austurundir norðurhluta Spákonufellshöfða.

Skagaströnd - 106

Hlutverk: Fjánhús og hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekkunni um 25m norðvestur af núverandi útihúsum á Réttarholti.

Lýsing

Tóftin er um 27m löng og 11m breið og liggur norðvestur-suðaustur, í nokkrum halla frá suðvestri niður til norðausturs. Hún er mjög illa farin, húsaskipan er óljós og allt innra fyrirkomulag. Nyrst má þó sjá tvískipta tóft sem hefur haft dyr til norðausturs, 2,6x1,8m (NV-SA). Innra hólfið er óreglulegra um 2,6m í þvermál. Sunnan við mótur fyrir óljósum kanti, 5-10sm háum, sem myndar lítið hól 2,3x1,6m opið til norðausturs. Suðvestan við það er 150sm djúp tóft, 3,1x3,3m, algróin og engar dyr sýnilegar. Um 4m suðaustar er önnur minni og grynri hola, ólöguleg 130x190sm (N-S). Suðaustan við sjást innveggir tóftar eða hólfs af einhverju tagi 5x4,5m, með dyr til norðausturs, mest um 1m hár kantur undir brekkunni að suðvestan, lækkar til norðausturs.

Aðrar upplýsingar

Á gamalli ljósmynd af Landsendarétt í bók Braga Guðmundssonar *Héraðsstjórn í Húnaþingi* má sjá útihúsin uppistandandi í bakgrunni, samstæðuhús nyrst og hugsanlega hlaða eða heystæði bakvið, en stakt hús sunnanvið (HH: 35).

Skagaströnd - 107

Hlutverk: Óþekkt (kolagröf?)

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Um 32m norðaustur af rústum útihúsanna á Réttarholti (nr. 106) og um 30m suður af leifum Landsendaréttar (nr. 109).

Lýsing

Nær hringlaga niðurgröftur um 1m í þvermál (að innan), 30sm djúpur með aflíðandi brúnir og svolitla kanta eða veggum umhverfis um 40sm breiða og 0-5sm hærra en umhverfið.

Aðrar upplýsingar

Útlitið minnir á kolagröf og ekki útilokað að svo kunni að vera.

Skagaströnd - 108

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 75m norð-norðaustur af rústum úti-húsanna á Réttarholti (nr. 106) og um 37m vestur af leifum Landsendaréttar (nr. 109).

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 4m langur og um 2,7m að breidd mjög ávalar brúnir. Örlítið sér móta fyrir uppmokstri eða leifum veggja umhverfis en það er afar ógreinilegt og ekki meir 5sm hærra en umhverfið.

Aðrar upplýsingar

Það er óvíst hvaða tilgangi þetta mannvirki hefur þjónað, hvort það er einföld gryfja eða jafnvel niðurgrafið hús.



Mynd 26, horft til norðurs yfir óþekktan niðurgröft (nr. 108) yst á Landsenda vestan Landsendaréttar (nr. 109).

Skagaströnd - 109

Sérheiti: Landsendarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjarnar eru í mikilli hættu vegna landbrots og hefur stór hluti þeirra þegar brotnað í sjó fram.

Staðhættir

Nyrst í landi Réttarholts á svonefndum Landsenda, um 20m austur af örðum rústum (nr. 110) og um 160m norð-norðvestur af núverandi íbúðarhúsi á Réttarholti.

Lýsing

Lítið er eftir af réttinni annað en stórgrýti úr undirstöðum veggjanna. Mikið hefur brotið af norðurhluta réttarinnar og virðist hleðslugrjótið sem ekki fór í sjóinn hafa verið endurnýtt í aðrar byggingar. Það sem eftir er af réttinni nær yfir 23x22m. Veggjaleifarnar eru um 30-50sm háar og 1m breiðar.

Aðrar upplýsingar

Landsendarétt var byggð 1880-90 og notuð fram til 1952-53 (ÖPJ; 6).



Mynd 27, horft til norðausturs af Réttarholtshæði yfir leifar Landsendaréttar (nr. 109).

Skagaströnd - 222**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Staðhættir**

Þústin er í túni um 85m norðaustur af Sólvangi á Skagaströnd, um 27m austur af Skagavegi.

Lýsing

Þústin aflöng til norðausturs-suðvesturs 11x9m að ummáli og um 10-30sm hærrí en umhverfið. Það er líklegt en ekki öruggt að þarna sé að finna minjar undir sverði.

Skagaströnd - 111**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Vestur undir klapparhrygg sem liggur norð-norðvestur – suð-suðaustur um 200m norðaustur af Sólvangi.

Lýsing

Tóftin liggur nálæga norður-suður og er 4,3x3,5m að utanmáli með um 1-1,5m breiða og 20-30sm háa vegg. Tóftin er algróin og engar dyr eru greinanlegar á henni. Girðing hefur legið fast ofan við austurvegginn.

Skagaströnd - 112**Hlutverk:** Fjánhús**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Austur undir klapparhrygg sem liggur norð-norðvestur – suð-suðaustur rúma 200m norðaustur af Sólvangi, um 14m austur af tóft nr. 111.

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður og er 6,5x11,5m að utanmáli. Hún stendur um 30-50sm hærrí en umhverfið en veggjalög eru afar óljós og tóftin öll mjög illa farin. Í norðurhluta tóftarinnar er þó greinilegur garði með steypuþlötu og fjárbaði nyrst. Garðinn er um 70sm breiður og 6m langur.

Aðrar upplýsingar

Tóftin hefur að líkindum verið rifin, a.m.k. að hluta, hross eða annar búfénaður hefur svo jafnað hana enn frekar við jörðu.

Skagaströnd - 113**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tóftin er í túni um 210m norðaustur af húsinu Sólvangi við norðurenda á háum og áberandi klapparhrygg.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er 6,5x9m að ummáli. Veggir eru sokknir, um 20-40sm háir og 1,8-2m breiðir, dyr gætu hafa verið útúr tóftinni til suðurs.

Skagaströnd - 114

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er í túni um 270m norðaustur af Sólvangi.

Lýsing

Mínjasvæðið er 12x16m og snýr nálega norðvestur-suðaustur, það er líkt og niðurgrafið um 10sm. Meðfram norðurhliðinni er vinkillaga garðlag eða ruðningur 50-60sm hár og 2,5-4,5m breiður með aflíðandi brúnir. Fast sunnan við vesturenda þessa ruðnings er um 10sm djúp dæld sem er um 3x3m á kant með steypubroti í suðvesturhorni.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega eru hér leifar húsa sem ýtt hefur verið út.

Skagaströnd - 115

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Niðurgröfturinn er í túni um 270m norðaustur af húsinu Sólvangi, 4m norður af þúst nr. 114.

Lýsing

Niðurgröfturinn er 50-60sm djúpur og um 1,6x1m að ummáli, grasi gróin en grjót sést syðst í niðurgreftrinnum.



Skagaströnd - 116

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnan við stuttan vegslóða sem liggur til vesturs frá gamla Skagaveginum niður á ströndina við Sandlækjarós, um 300m norð-norðaustur af Sólvangi.

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður um 7,5x5,5m að utanmáli, veggir 130-150sm breiðir og 30-40sm háir, engar dyr eru greinilegar. Tóftin er algróin og sker sig ekki úr umhverfinu gróðurfarslega sem er grasi gróið.

Skagaströnd - 117

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Utan við stuttan vegslóða sem liggur til vesturs frá gamla Skagaveginum niður á ströndina við Sandlækjarós, rúma 300m norð-norðaustur af Sólvangi, um 9m norðan við tóft nr. 114.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur nálega norður suður, 9x4,5m að utanmáli, syðri hluti tóftarinnar er 2,3x3,3m að innanmáli og dyr til norðurs inni hinn hluta tóftarinnar. Norðurhlutinn er 1,6x2m með dyr út nyrst á vesturvegg. Veggir eru 1-1,8m breiðir og 30-40sm háir, grasi grónir en heldur gróskumeiri en umhverfið.

Skagaströnd - 118

Hlutverk: Óþekkt (rétt?)


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft er 20m ofan (austan) vegar, um 1300m norðan við afleggjara inn á Skagaströnd, uppi í brekkunni austan við reiðvöllinn á melnum milli Spákonufells og Finnsstaða.

Lýsing

Tóftin liggur nálega norð-austur-suðvestur og er um 22m löng og 12m breið. Veggir eru mjög sokknir og þýfðir, um 20-40sm háir og 1,5-4,5m breiðir. Innra fyrirkomulega er fremur óljóst en þó virðist mega sjá afmarkað hólfi eða tóft austast, um 3m á kant, vestan við er önnur sem snýr nálega norðvestur-suðaustur 4,5x2m með hliði eða dyrum til suðvesturs. Þar er síðasta hólfið eða tóftin 4,5x4m opin til suðurs. Tóftin er mjög gamalleg, algróin, þýfð og fellur vel inni umhverfið að öllu leyti, grjót sést þó á einum stað.



Skagaströnd - 119

Hlutverk: Óþekkt/Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er ofan (austan) vegar um 1300m norðan við afleggjarann á Skagaströnd (Fellsbraut) og um 37m austan tóftar nr. 118.

Lýsing

Tóftin er tvískipt um 12x7m að utanmáli og snýr nálega norður-suður. Hún er byggð utan í lágan brekkustall sem myndar austurvegg hennar að norðan. Norðurhlutinn er 4,5x3,5m að innanmáli með dyr til suðvesturs. Sunnan við er lítill tóft, sem stendur um 50sm hærra, tóftin er 3,5x2,4m að innanmáli með um 30-40sm háa vegg.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er illgreinanleg en hefur þó á sér stekkjarglag og má vera að hún hafi þjónað þeim tilgangi þótt ekki sé það óbyggjandi.

Skagaströnd - 120

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er ofan (austan) vegar um 1300m norðan við afleggjarann inn á Skagaströnd og um 25m norðvestur af tóft nr. 119.

Lýsing

Tóftin snýr nálega norðaustur-suðvestur, 23m löng og mest 11m breið að utanmáli þar sem hún er breiðust. Hún er tvískipt norðurhlutinn er 17m langur og um 2,2m breiður að innanmáli með dyr vestast á norðurvegg að því er virðist. Utan við miðjan suðurvegg er önnur tóft áföst 3x1,4m að innanmáli.

Skagaströnd - 121

Hlutverk: Óþekkt/Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er ofan (austan) vegar um 1300m norðan við afleggjarann inn á Skagaströnd og um 12m norðan við tóft nr. 120.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, um 14x11m að utanmáli og snýr austur-vestur. Norðari hlutinn er stærri (réttin), 9,5x3,5m að innanmáli með 2,5m breytt hlið vestast á suðurvegg. Utan við suðurvegginn austan við hliðið er hinn hluti tóftarinnar, 2,5x3m að innanmáli sömuleiðis með hlið vestast á suðurvegg.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er með augljósu stekkjarglagi, rétt með lítilli áfastri lambakró. Í örnefnaskrá Ingibergs Guðmundssonar frá 1994 er haft eftir Hannesi Jónssyni frá Spákonufelli að brekkan ofan Fellsmela og utan Löngumýrar heiti Stekkjاربrekka (ÖSH: 5). Hugsanlega er þetta örnefni dregið af umræddum tóftum.

Skagaströnd - 122

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er í beitarhólfi um 50m vestan vegar um 1900m norðan við Fellsbraut, um 1400m sunnan við afleggjarann að golfskálanum á Háagerði.

Lýsing

Þústin eða hávaðinn sker sig nokkuð úr umhverfinu og stendur um 30-50sm hærra en umhverfið. Þústin er algróin og þýfð, nær hringlaga um 21x18m í ummál.



Skagaströnd - 123

Hlutverk: Óþekkt (heystæði?)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er í beitarhólfi vestan vegar um 1300m suður af afleggjaranum að golfskálanum á Háagerði.

Lýsing

Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og er um 9x5m að ummáli, með um 120-220sm breiða og um 20-30sm háa vegg. Engar dyr eru greinilegar á tóftinni, sem er algróin. Hugsanlega er hér um heystæði að ræða fremur en byggingu af einhverju tagi.

Skagaströnd - 124

Hlutverk: Hesthús/Fjánhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjarnar eru illa farnar af ágangi búfjár og eru í hættu af þeim sökum.

Staðhættir


Tóftin er innan hestahólfs sunnan við veginn sem liggur þvert (austur-vestur) sunnan við golfvöllinn á Háagerði, milli gamla Skagavegarins og núverandi vegar út á Skaga (Skagaveg 745).

Lýsing

Tóftin er um 6,6x9m að ummáli og liggur norðaustur-suðvestur, opin til suðvesturs. Veggir eru mjög illa farnir, á bilinu 120-220sm breiðir og 5-50sm háir. Innanmál tóftarinnar er tæplega 3x6m. Viðir úr húsinu eru á dreif í tóftinni og umhverfis, m.a. hluti tréstafrn með glugga.



Mynd 28, horft til suðausturs yfir tóftir útihúsa (nr. 124).



Skagaströnd - 125

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er í túni um 17m austan við gamla Skagaveginn, um 400m sunnan við afleggjarann sem tengir saman gamla veginn og núverandi veg út á Skaga (Skagaveg 745).

Lýsing

Tóftin er illgreinanlega, hún liggur nálega austur-vestur og er um 6,5x4,5m í ummáli og eru veggir 1,2-3m breiðir og um 10sm háir. Hún virðist hafa verið sléttuð út fyrir tíma mjög stórvirkra vinnuvéla.

Skagaströnd - 126

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Veggbot/púst

Staðhættir

Minjarnar eru í túni tæpa 120m austur af gamla Skagaveginum, um 400m sunnan við afleggjarann sem tengir saman gamla veginn og núverandi veg út á Skaga (Skagaveg 745).

Lýsing

Veggbotið er vinkillaga um 5m langt og 180sm breitt norður-suður, frá norðurenda kemur um 2m langt og 80sm breitt garðlag til vesturs. Þetta eru að því er virðist leifar torfbyggingar af einhverju tagi, líklegast útihúsa. Tóftavæðið umhverfis veggbotið nær um 11m til suðausturs og er alls um 18x10,5m að ummáli og liggur norðvestur-suðaustur. Tóftasvæðið er um 10-30sm hærra en umhverfið, með mjög aflíðandi og óljósar brúnir.



Mynd 29, horft til suðurs yfir veggbot og þústir (nr. 126).

Skagaströnd - 127

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er í túni tæpa um 12m vestan gamla Skagavegarins, um 630m sunnan við afleggjarann sem tengir saman gamla veginn og núverandi veg út á Skaga (Skagaveg 745).

Lýsing

Þústin er aflöng og snýr norðaustur-suðvestur um 13m löng og 10m breið. Um er að ræða tóftalegan þýfðan hávaða sem er grasi gróin með ávalar brúnir um 40-50sm hærra en umhverfið.



Skagaströnd - 128

Hlutverk: Óþekkt (hesthús?)

Tegund: Tóft


Staðhættir

Tóftin er í túni um 300m vest-norðvestur af gatnamótum gamla Skagavegarins og vogsins sem tengir saman gamla veginn og núverandi veg út á Skaga (Skagaveg 745).

Lýsing

Tóftin er um 5x6m að utanmáli hún snýr nálega norðaustur-suðvestur og er opin til suðvesturs, þar sem hefur að líkindum verið þilstafn. Veggir eru heillegir um 0,7-1,1m háir og 1-1,2m breiðir, þakið og stafninn virðast hafa verið rifin. Nokkrar bárujárnsplötur, líklega úr þakinu, eru norðan við tóftina.

Finnsstaðir



Mynd 30, kort af túninu á Finnsstöðum frá fyrrihluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru auðkennisnúmer minjanna í skýrslunni.

Skagaströnd - 129**Hlutverk:** Híbýli**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Míðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hafa bæjarhús Finnsstaða verið þar sem nú er golfvöllur um 45m vestur af veginum sem liggur út á Skaga um 440m suður af afleggjaranum að golfskálanum á Háagerði.

Lýsing

Þarna er nú golfvöllur og búið að slétta úr öllu.

Skagaströnd - 130**Hlutverk:** Fjós**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Míðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hafa bæjarhús Finnsstaða (nr. 129) og sambyggt fjós verið þar sem nú er golfvöllur um 45m vestur af veginum sem liggur út á Skaga um 440m suður af afleggjaranum að golfskálanum á Háagerði.

Lýsing

Þarna er nú golfvöllur og búið að slétta úr öllu.

Skagaströnd - 131**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Míðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur verið matjurtagarður framan (sunnan)við bæjarstæðið á Finnsstöðum (nr. 129).

Lýsing

Þarna er nú golfvöllur og búið að slétta úr öllu.

Skagaströnd - 132**Hlutverk:** Skemma**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Míðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur verið skemma sambyggð hesthúsi skammt vestur af gamla bænum á Finnsstöðum (nr. 129).

Lýsing

Þarna er nú golfvöllur og búið að slétta úr öllu.

Skagaströnd - 133**Hlutverk:** Hesthús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Míðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur verið skemma sambyggð hesthúsi skammt vestur af gamla bænum á Finnsstöðum (nr. 129).

Lýsing

Þarna er nú golfvöllur og búið að slétta úr öllu.

Skagaströnd - 134**Hlutverk:** Fjánhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hafa verið fjánhús um 80-90m suður af bæjarstæðinu á Finnsstöðum (nr. 129).

Lýsing

Þarna er nú golfvöllur og búið að slétta úr öllu.

Skagaströnd - 135**Hlutverk:** Fjánhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hafa verið fjánhús syðst í túninu, tæpa 150m suður af bæjarstæðinu á Finnsstöðum (nr. 129) og um 50m suður af fjárhúsum nr. 134.

Lýsing

Þarna er nú golfvöllur og búið að slétta úr öllu.

Skagaströnd - 136**Hlutverk:** Fjánhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Miðað við túnakort Finnsstaða frá fyrri hluta 20. aldar hafa verið fjánhús í austurjaðri túnsins, um 90m suðaustur af bæjarstæðinu (nr. 129) og 20m suður af heimreiðinni.

Lýsing

Þarna er nú golfvöllur og búið að slétta úr öllu.

Skagaströnd - 137**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Miðað við túnakort Finnsstaða frá fyrri hluta 20. aldar hafa verið útihús af einhverju tagi um 60m suðaustur af bæjarstæðinu (nr. 129) og rúma 25m vestur af fjárhúsum (nr. 136) austast í túninu.

Lýsing

Miðað við túnakortið ætti þetta hús að hafa staðið vestan í núverandi vegstæði, en það virðist hafa horfið við vegaframkvæmdir.

Skagaströnd - 138

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðhættir

Miðað við túnakort Finnsstaða frá fyrri hluta 20. aldar hefur verið brunnhús um 45m norðvestur af bæjarstaðinu, um 20m norðvestur af sambyggðu hesthúsi og skemmu (nr. 132 og 133).

Lýsing

Miðað við túnakortið ætti þetta hús að hafa staðið vestan í núverandi vegstæði, en það virðist hafa horfið við vegaf framkvæmdir.

Skagaströnd - 139

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Miðað við túnakort Finnsstaða frá fyrri hluta 20. aldar hefur heimreiðin legið aust-suðaustur frá bæjarstaðinu rúma 100m þvert yfir túnið og út um hlið á túngarðinum.

Lýsing

Austan vegar má sjá um 4m breiða og um 45m langa rás, sem er um 20-30sm lægri en umhverfið, líkast til leifar heimtraðarinnar. Ræsi liggur undir veginn í framhaldi af tröðinni og er mjór vatnsgrafningur í framhaldi af því vestan vegar en ekki að sjá glögg merki um heimreiðina.



Mynd 31, horft vestur yfir leifar heimreiðarinnar (nr. 139) heim að Finnsstöðum.

Skagaströnd - 140

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Nyrsti hluti túngarðsins á Finnsstöðum sést um 30m austan við veginn út á Skaga, um 240m suður af afleggjaranum að golfskálanum á Háagerði og endar um 30m austan sama vegar, um 560m sunnan við nefndan afleggjara.

Lýsing

Nyrst er 155m langur nokkuð samfelldur kafli, um 50-70sm hár og 120sm breiður, garðurinn er í svolitlum sveig til austurs. Syðst hverfur hann í túnið en óljós um 10sm hár og 2m breiður hryggur er greinanlegur eftir vellinum til suðvesturs á um 30m kafla. Um miðbik hryggjarins gengur annar hryggur til aust-suðausturs álíka hár en heldur grennri, um 10m langur. Þá verður garðurinn aftur stæðilegri á um 30m kafla, svólítið rofinn um 50-100sm hár og um 1m breiður. Eftir 30m beygir hann aftur til suðurs en er mjórri og lægri á um 50m kafla að því sem virðist vera hliðið þar sem heimreiðin lá vestur túnið að bænum. Um 7m austar (garðurinn hefur ekki staðist á í hliðinu) er hrúga stórra steina, líklega undurstöður túngarðsendans við hliðið. Í framhaldi af honum um 3m sunnar sést hryggur á sléttum vellinum, um 10sm hár og um 3m breiður. Rúmlega 20m sunnar verður garðurinn aftur stæðilegur, um 1-1,2m hár og um 120sm breiður og nær um 65m til suðurs.

Skagaströnd - 141**Hlutverk:** Óþekkt/rétt**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

Garðlagið er utan við túngarðinn að suðaustan, um það bil fyrir miðjum syðsta hluta túngarðsins (nr. 140).

Lýsing

Garðlagið er vinkillaga og nær ekki alvega að túngarðinum, um 2m austan við túngarðinn er 5m langt garðlag sem beygir svo til suðurs samsíða túngarðinum og er um 10m langt. Enginn garður er greinanlegur að sunnan. Hugsanlega er þetta rétt sem hefur þá verið 6,5x9,5m að innanmáli.

Skagaströnd - 142**Hlutverk:** Beðasléttur**Tegund:** Jarðræktarsvæði**Staðhættir**

Beðaslétturarnar eru í sléttuðu túni, nú golfvelli um 315m suður af golfskálanum á Háagerði, um 50m norðvestur af bæjarstæði Finnsstaða miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar.

Lýsing

Fjögur misgreinileg beð sjást frá suðvestri til norðaustri frá vesturjaðri gamla Finnsstaðatúnins (miðað við túnakortið). Beðin eru á bilinu 7-8m breið og 20-50m löng.

Skagaströnd - 143**Hlutverk:** Beðasléttur**Tegund:** Jarðræktarsvæði**Staðhættir**

Beðaslétturarnar eru um 15m austan vegarins út á Skaga í sléttuðu túni, nú golfvelli um 290m suð-suðaustur af golfskálanum á Háagerði.

Lýsing


Beðin eru tvö 8-8,5m breið og sjást á um 16-25m kafla norðaustur-suðvestur, nánast að túngarðinum að austan og hverfa svo í fláa að veginum til vesturs.

Skagaströnd - 144**Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**


Austan túngarðsins á Finnsstöðum um 130m austur af bæjarstæðinu samkvæmt túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar.

Lýsing

Garðlagið er um 2,5-3m breitt og mest um 30-40sm hátt, það er þýft og rofið á köflum, en gróið móagróðri, mosa og ljónslöpp inn á milli. Garðurinn fellur vel inni umhverfið en sést þó á um 100m kafla frá norðri til suðurs með sveig til austurs um miðbikið.



Mynd 32, minjar í austurhluta gamla túnsins á Finnsstöðum og austan við það (númerin á myndinni standa fyrir raðnúmer minjanna í skýrslunni).



Mynd 33, vestan núverandi hjóðvegur út á Skaga (Skagavegar 745) þar sem nú er golfvöllur stóðu áður bæjarhús Finnsstaða (nr. 129 og 130) og fjöldi útihúsa viðsvegar um túnið (nr. 132-137). Austan vegar eru leifar túngarðsins á Finnsstöðum (nr. 140) og réttar sem er líklega samtíða honum (nr. 141), en auk þess er þar eldri túngarður (nr. 144) og fjölda annarra eldri minja (nr. 146-151).

Skagaströnd - 145

Hlutverk: Óþekkt/túngarður

Tegund: Hryggur/garðlag

Staðhættir

Hryggurinn eða garðlagið er um 30m suðvestur af suðurenda túngarðsins nr. 144.

Lýsing

Hryggurinn er um 17m langur og liggur nálega austur-vestur með smá sveigju til suðurs. Garðurinn er um 3-4m breiður og mest um 30-40sm háir, mjög þýfður og rofinn á kafla en á milli gróinn grasi, mosa og ljónslöpp. Hryggurinn er óljós og fellur vel inni umhverfið að öllu leyti.

Skagaströnd - 146

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnan í gamla túngarðinum (nr. 144) um 50m norðaustan við meint hlið á túngarðinum (nr. 140) á Finnsstöðum.

Lýsing

Tóftin er virðist tvískipt og er um 4m breið og 12m löng, byggð upp við túngarðinn (nr. 144) sem myndar norðausturhlið tóftarinnar. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur, að norðvestan er hólfi eða tóft sem er 2x7m að innanmáli með dyr til norðvesturs. Suðvestan við er lítið hólfi eða tóft 2x1-1,8m að innanmáli með engar greinilegar dyr eða hlið. Veggir tóftarinnar eru á bilinu 140-180sm breiðir og mest um 30-40sm háir, þýfðir og grónir grasi, mosa og ljónslöpp og falla vel inni umhverfið.

Skagaströnd - 147

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Upp við gamla túngarðinn (nr. 144) um 55m austur af meintu hliði á túngarðinum (nr. 140) á Finnsstöðum.

Lýsing

Tóftin er lágum hól eða upphækkun (nr. 148), hugsanlega eldri minjum. Tóftin sjálf er um 6,5x5,5m að ummáli og 2,5x2m að innan. Veggir mest um 30-40sm háir grónir grasi, mosa og ljónslöpp og samræmast vel gróðrinum umhverfis.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá er getið um náthaga ofan við túnið á Finnsstöðum, hugsanlega er hér átt ummerki um lítið afgirt hólfi. Ekki er hægt að tala um eiginlegar garðhleðslur á þessum stað þótt eitthvað hafi e.t.v. verið hlaðið undir girðinguna. Hólfið er 24x13m að innanmáli og hlið hefur verið vestast á norðurhlið. Afar ólíklegt er að þetta garðlag (nr. 147) hafi verið skilgreint sem náthagi, líklegast er að hér sé um fornan túngarð að ræða.

Skagaströnd - 148**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hóll (tóftahóll?)**Staðhættir**

Upp við gamla túngarðinn (nr. 144), undir yngri tóft (nr. 147).

Lýsing

Hóllinn er um 14x11m að ummáli, með óreglulegur og aflíðandi útbrúnir. Hóllinn er fremur sléttur ólýkt þýfðu umhverfinu en sker sig lítt úr gróðurfarslega, gróinn grasi, mosa og ljónslöpp.

Skagaströnd - 149**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tóftin er um 23m austan við syðsta hluta túngarðsins (nr. 140) á Finnsstöðum, um 35m suðaustur af meintu túngarðshliði.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur og er 5x7m að utanmáli, með 1-1,5m þykka og 20-30sm háa veggj með dyr til vesturs. Hún er grasi gróin og gróskumeiri en umhverfið og virðist því yngri en stór hluti minjanna á þessu svæði (nr. 144-148, 150 og 151).

Skagaströnd - 150**Hlutverk:** Óþekkt (rétt?)**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tóftin er um 5,5m suðvestur af suðurenda gamla túngarðsins (nr. 144) á Finnsstöðum.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er um 17x12m að utanmáli. Veggir tóftarinnar eru óljósir og þýfðir, á bilinu 2-2,5m breiðir og 30-40sm háir, grónir grasi, mosa og ljónslöpp líkt og umhverfið.

Skagaströnd - 151**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tóftin er vestan í grónum klapparhrygg um 90m austur af meintu hliði túngarðsins (nr. 140) á Finnsstöðum, um 27m austan við tóft nr. 147.

Lýsing

Tóftin er 12x8m og snýr norðaustur-suðvestur, byggð upp við gróin klapparhrygg að austan með dyr syðst á norðvesturvegg. Veggir eru á bilinu 1,1x2,5m breiðir og 20-40sm háir, grónir grasi, mosa og ljónslöpp líkt og umhverfið.

Skagaströnd - 152

Hlutverk: Niðurgröftur

Tegund: Óþekkt

Staðhættir

Um 9m norðaustur af meintu hliði túngarðsins (nr. 140) á Finnsstöðum.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 8x9m í ummál og mjög óreglulegur í laginu, hálfbogi um 3m breiður og 8m langur (A-V) að norðan og tvær samsíða spísslaga rásir sem ná 5m til suður með 2m bili á milli.

Skagaströnd - 153

Hlutverk: Rétt


Tegund: Tóft

Staðhættir


Í ornefnaskrá Finnsstaða segir: „Syðst í túninu hét Grund. Þar suður og vestur eru tveir kletthólar sem heita Finnsstaðaberg.“ (ÖJB: 1). Sunnan undir austara berginu sunnan við golfvöllinn á Háagerði, eru leifar af rétt.

Lýsing

Réttin snýr norðvestur-suðaustur og er byggð upp við gróna brekku sunnan í klapparhrygg. Réttin er 11,5x3,5m að innanmáli og hlið er á henni til suðausturs. Veggir eru að mestu sokknir og grasi grónir um 1,5-2m breiðir og 40-60sm háir, hleðslugrjót sést á stöku stað, einkum við hliðið.



Finnsstaðanes



Skagaströnd - 154

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftirnar eru norðvestarlega á Finnsstaðanesi sem gengur til vestur út í sjó beint vestur af Háagerði. Nánar til tekið eru tóftirnar við Bæjarvík norðanverða, einu víkina sem gengur inni nesið.

Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna landbrots en þær eru í um 7m fjarlægð frá bakka sem sjórinn brýtur af.

Lýsing

Tóftin nær yfir 10x22m svæði og snýr nálega austur-vestur. Austast er tóft eða hús sem er um 2,5x4m (A-V) að innanmáli, hugsanlega dyr til norðurs. Veggir eru fallnir og grasi grónir og lítið um grjóti í þessum hluta hússins. Vestan við er annað hús eða tóft um 3x4m (N-A) með dyr vestast á suðurvegg. Veggir þessa hluta eru nær eingöngu úr grjóti og hefur töluvert hrunið úr þeim inni tóftina, engu að síður eru þeir allt að 1m háir og 1,5-2m breiðir. Vestan við er þriðja húsið



Mynd 34, horft til vesturs yfir tóftir sjóbúða (nr.154) á Finnsstaðanesi.

eða tóftin, líkari hinni fyrstu með lága og gróna veggi um 2,5x3m (N-S) að innanmáli með dyr til norðurs og suðurs fyrir miðju. Norðan við er óljósari og lægri tóft um 1,5-2,5m breið og 7,5m löng (A-V). Vestan við eru óljós veggjalög sem ekki er hægt að sjá skynsamlega lögun á, líkt og þrjár veggir samsíða um 2,5-4m til vesturs, 0,5-1,5m breiðir.

Aðrar upplýsingar

Í ævisögu Hafsteins Sigurbjarnarsonar segir hann frá fyrstu ferð sinni að Háagerði og út í Finnsstaðanes þegar hann var að skoða jörðina sem hann svo keypti nokkrum dögum síðar, þetta var árið 1926 eða 1927 og voru þá uppistandandi kofar við Bæjarvík (HS: 299). Enn fremur kemur þar fram að Finnsstaðir hafi átt hálf tóft á mótinu Háagerði, eða upp að svokölluðum Búðargörðum og sömuleiðis aðstöðu við útræði á nesinu (HS: 300).

Skagaströnd - 155

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,6m norðvestan við leifar bæjarhúsanna (nr. 154) á Finnsnesi.

Hættumat: Minjarnar eru í mikilli hættu vegna landbrots og hefur sjór þegar brotið nokkuð af suðvesturvegg þeirra.

Lýsing

Tóftin liggur norðvestur-suðaustur um 14x8m og áfast að suðaustan er garðlag sem gengur um 7,5m til aust-suðausturs með stefnu á miðja



Mynd 35, horft til suðaustur yfir leifar sjóbúða (nr. 155) á Finnsstaðanesi.

bæjartóftina (nr. 154). Nyrst er líkt og þrískipt tóft, sem liggur norðaustur-suðvestur, með lága veggi um 50-170sm breiða og um 40-50sm háa. Norðaustast er hólf eða hús sem er 2m á kant með engum greinanlegum dyrum eða hliði. Næst suðvestan við er hólf sem er um 1x1,7m (NV-SA) og engar dyr eða hlið er heldur greinanleg. Síðasta hólfíð er um 90x180sm (NV-SA) og líkt og hin með engar sýnilegar dyr. Suðaustan við er aflöng stór tóft 2x7m að innanmáli, grjóthlaðin að mestu að innan, með dyr út vestast á suðurvegg. Út frá austurvegg tóftarinnar gengur garðlag um 7,5m í átt að bæjartóft Finnsstaðaness (nr. 154). Garðlagið er um 1,5m breitt og 50sm hátt, gróið en þó sést í grjót.

Skagaströnd - 156

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þúst sem virðist vera manngerð er norðvestast á Finnsstaðanesi, um 6,5m norðan við tóft nr. 155.

Hættumat: Minjarnar eru í mikilli hættu vegna landbrots og hefur þegar brotnað nokkuð af þústinni að suðvestan.

Lýsing

Það sem eftir er af þessum minjum er um 5x6m í ummál, en sjór hefur brotið nokkuð af suðvesturhlið þústarinnar. Þústin er um 50sm há en ofan í hana er dæld sem er um 2,3x1,3m og snýr nálega norðaustur-suðvestur, um 10sm djúp.

Skagaströnd - 157

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Garðurinn er norðvestast á Finnsstaðanesi, um 1m norður af þúst nr. 156.

Hættumat: Minjarnar eru í mikilli hættu vegna landbrots, en garðurinn er um 2-4m frá sjávarbakka sem brýtur af.

Lýsing

Garðurinn er grjóthlaðinn, um 1m breiður, 10sm hár og 9m langur.



Mynd 36, horft suður eftir óþekktu garðlagi (nr. 157) á Finnsstaðanesi.

Skagaströnd - 158

Hlutverk: Naust/uppsátur

Tegund: Tóft

Staðhættir


Minjarnar eru fyrir miðri Bæjarvík um 40m suður af bæjarhúsum Finnsstaðaness.

Hættumat: Minjarnar eru í mikilli hættu vegna landbrots og hefur þegar brotnað nokkuð af þeim að vestanverðu.

Lýsing

Um er að ræða 4 samsíða naust sem snúa öll austur-vestur og eru opin til hafs (í vestur). Minjarnar taka alls yfir 14,5x7m svæði. Tóftirnar eru grasi grónar með þýfða veggum um 40-60sm háa og 0,8-2,5m breiða.

Sjórinn hefur brotið töluvert af nyrsta naustinu og hugsanlega eitthvað af hinum syðri einnig þótt það sé ekki jafn mikið. Nyrsta naustið er um 2m langt og 140sm breitt að innan, meira er eftir af næsta nausti þar sunnan við og er það um 4m langt og 2m breitt. Þriðja naustið er heillegast og stærst 5,5m langt og 2m breitt. Syðsta naustið er 4m langt og 180sm breitt.



Skagaströnd - 159

Hlutverk: Naust/uppsátur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Minjarnar eru fyrir miðri Bæjarvík, sunnan bæjarrústa Finnsstaðaness, um 6m suðvestur af nausti/uppsátri nr. 158.

Lýsing

Tóftin er grasi gróin um 4x3,5m að ummáli og snýr nálega norðvestur-suðaustur, opin til norðvesturs. Veggir eru grasigrónir og nokkuð þýfðir, 50-100sm breiðir og er innanmál naustsins um 2,5x1,7m.

Skagaströnd - 160

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Sunnarlega við Bæjarvík á Finnsstaðanesi, um 100m suður af bæjarstæðinu (nr. 154).

Lýsing

Um er að ræða óreglulega hrúgu af hnellingum, um 2x2,5m að ummáli og um 10-15sm hærrí en umhverfið.



Mynd 37, horft til austurs yfir minjar sunnan Bæjarvíkur (nr. 161 og 162).

Skagaströnd - 161

Hlutverk: Óþekkt (hjallur?)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnarlega við Bæjarvík á Finnsstaðanesi, um 110m suður af bæjarstæðinu (nr. 154).

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er um 5,3x5m að ummáli, með dyr til suðvesturs, um 1,6x3m að innanmáli. Veggir eru á bilinu 20-70m háir og 1-1,6m breiðir. Afar ógreinileg veggjalög (nr. 162) eru fast norðan við tóftina, hugsanlega leifar eldri minja.

Skagaströnd - 162

Hlutverk: Óþekkt (fiskbyrgi?)

Tegund: Tóft


Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna landbrots, um 2m frá bakka sem sjórinn brýtur af.

Staðhættir

Sunnarlega við Bæjarvík á Finnsstaðanesi, um 110m suður af bæjarstæðinu (nr. 154).

Lýsing

Tóftarveggirnir eru óljósir á köflum um 10-20sm háir og 1,7-2m breiðir. Tóftin er 9x6,5m að utanmáli og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Austurveggur kemur upp að annarri og hugsanlegra yngri tóft (nr. 161) en vesturveggur myndar eins og hlið eða dyr móti norðvesturhorni þeirrar tóftar til suðurs.



Skagaströnd - 163

Hlutverk: Óþekkt (hjallur?)

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er um 80m austur af bæjarstæðinu á Finnsstaðanesi.

Lýsing

Þústin er um 5x6m að ummáli um 40-50sm hærrí en umhverfið og grænni og gróskumeiri en gróðurinn í kring. Innbrúnir veggja sjást að norðan og austan, um 10-20sm háar og veggir þar 60-120sm breiðir.

Skagaströnd - 164

Hlutverk: Óþekkt (hjallur?)

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er um 60m aust-norðaustur af bæjarstæðinu á Finnsstaðanesi, um 20m norðvestur af þúst nr. 163.

Lýsing

Þústin er fremur óregluleg, 3,7x4m að ummáli og 30-40sm há, grasi gróin og nokkuð gróskumeiri en umhverfið. Hugsanlega er hér um að ræða leifar kofa eða undurstöðu af einhverju tagi.

Skagaströnd - 165

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er um 60m aust-norðaustur af bæjarstæðinu á Finnsstaðanesi, um 3m norður af þúst nr. 164.

Lýsing

Þústin er um 3,5x4m að ummáli og um 30sm há, í miðju er um 10sm djúp dæld. Þústin er grasi gróin og gróskumeiri en umhverfið. Hugsanlega er hér um að ræða leifar kofa eða undurstöðu af einhverju tagi.

Skagaströnd - 166

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Garðlagið er norðvestarlega á Finnsstaðanesi, um 45m frá bæjarrústum Finnsstaðanes (nr. 154).

Lýsing

Garðurinn er um 15m langur og liggur norðvestur-suðaustur, 60-70sm breiður og á bilinu 20-30sm hár. Garðurinn er gróinn en þó sést víða í grjóti í hleðslunni.



Mynd 38, horft til suðausturs eftir garðbroti norðvestast á Finnsstaðanesi.

Skagaströnd - 167

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Hóllinn er norðvestast á Finnsstaðanesi, um 170m norðaustur af bæjarrústum Finnsstaðanes (nr. 154).

Lýsing

Hóllinn er um 8m í þvermál og um 150sm hár, efst á hólnum er 10sm djúp lægð, 2x3m að ummáli og snýr hún norðaustur-suðvestur. Hleðslugrjótt sést á stöku stað í lægðinni, en hóllinn er algróinn en sker sig lítt úr umhverfinu.

Skagaströnd - 168

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Garðlagið er í mólendi um 180m austan við Bæjarvík.

Lýsing

Garðlagið er um 40m langt frá norðri til suðurs og sveigir til austurs um miðbikið. Garðlagið er 30-40sm hátt og 1,6m breitt, grasigróið.

Skagaströnd - 169

Hlutverk: Óþekkt (Fiskgarður?)

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Garðlagið er sunnan við Bæjarvík, vestan við tóftir nr. 161 og 162.

Lýsing

Garðlagið nær norður fyrir tóft nr. 162 og liggur samsíða henni frá miðju að norðan 26m til vesturs og beygir þá til suðurs um 30m. Næst tóftinni er garðlagið gróið en annars gróðurlaus grjóthleðsla 10-30sm há og um 60m breið.

Skagaströnd - 170

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata/vegur

Staðhættir

Vegslóði liggur í örlytum hlykkjum þvert yfir Finnsstaðanes frá norðri til suðurs.

Lýsing

Um er að ræða rudda slóð að því er virðist, um 1,5-2m breiða með þýfðum og rofnum brúnum. Slóðin sést nær óslitið frá norðri til suðurs og liggur um 120m austan við bæjarstæðið á Finnsstaðanesi (nr. 154).



Mynd 39, horft til suðurs eftir gamalli ruddri slóð (nr. 170) sem liggur þvert yfir Finnsstaðanes

Skagaströnd - 171

Hlutverk: Leið

Tegund: Götur/traðir

Staðhættir

Traðirnar sjást glögglega suðaustast á Finnsstaðanesi.

Lýsing

Traðirnar eru um 5m breiðar, 6-7 samsíða götur. Um 1m breiðir og 30-40sm djúpir skurðir eru meðfram þeim til beggja handa.



Mynd 40, horft til suðurs eftir breiðum tröðum (nr. 171) suðaustast á Finnsstaðanesi.

Skagaströnd - 172

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er á suðausturhluta Finnsstaðaness, tæpa 300m suðaustur af bæjarrústunum (nr. 154).

Lýsing

Um er að ræða tóftalegan hól eða þúst, um 1m háa, þýfða og heldur gróskumeiri en umhverfið.



Skagaströnd - 173

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Minjarnar eru norðaustarlega á Finnsstaðanesi, um 250m aust-norðaustur af bæjarrústum Finnsstaðaness (nr. 154).

Lýsing

Um er að ræða tvískipta tóft, sem líkist hefðbundnum stekki, sem er 5,5x7m að ummáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hugsanleg lambakró er um 1x1,5m að

innanmáli, nokkuð samfallinn. Suðvestan við er rétt um 2x2,5m að innanmáli með hlið til suðvesturs, inni einskona aðhald. Í framhaldi af suðurvegg réttarinnar er garðlag sem myndar einskona hólf eða aðhald, 5,5x6m að innanmáli með tæplega 4m breitt op til norðausturs. Míngarnar í heild taka yfir um 14x9,5m svæði. Veggir eru á bilinu 30-50sm háir og 1-2m breiðir, grasi grónir, grænni og gróskumeiri en umhverfið.

Skagaströnd - 174

Hlutverk: Óþekkt (nátthagi?/matjurtagarður?)

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Garðlagið er norðaustarlega á Finnsstaðanesi, um 250m norðaustur af bæjarrústum Finnsstaðaness (nr. 154), um 40m norðvestur af tóft nr. 173.

Lýsing

Garðlagið myndar hornklofa, opinn til suðvesturs, um 19x24m að ummáli. Garðlagið er grasi gróið, um 30-40sm hátt og um 40sm breitt. Hugsanlega hefur verið girt með vír eða neti ofan á garðinum, en engar leifar slíks eru þó sýnilegar.

Skagaströnd - 175

Hlutverk: Óþekkt (túngirðing?)

Tegund: Garðlög

Staðhættir

Garðlög liggja í beinum línunum þvers og kruss um Finnsstaðanes.

Lýsing

Sum þessara garðlaga eru hleðslur undir girðingar en önnur eru veigameiri og kunna að hafa staðið sjálfstætt án þess að girt hafi verið á þeim. Ekkert þeirra er þó líklegt til að vera mikið eldra en frá aldamótunum 1900. Austasti hlutinn líklegur til að hafa geta staðið sjálfstætt, en þar er garðurinn um 50-110sm hár og 1m breiður. Garðlögin sem liggja austur vestur eru hins vegar veigaminni og hafa ekki geta staðið sjálfstætt án þess að girt hafi verið ofan á þau. Meðfram garðlögum eru skurðir að utanverðu, þar sem efni hefur verið tekið í garðana og sama tíma hafa þeir veitt vatni frá og þurrkað mýrina að einhverju leyti, þótt þeir virðist ekki hafa verið djúpir. Sunnar á nesinu gætu verið vélgrafnir skurðir.

Aðrar upplýsingar

Í ævisögu Hafsteins Sigurbjarnarsonar kemur fram að þegar hann var að íhuga kaup á jörðinni árið 1926 hafi Finnsstaðir átt hálf Finnsstaðanes á móti Háagerði, upp að svonefndum Búðargarði. Þar kemur einnig fram að ekki hafi verið girt á merkjum en seljandi jarðarinnar hafi boðist til að girða þau fyrir kaupin (HS: 300). Síðar kemur fram að Hafsteinn hafi látið girða „[...]“ allt landið neðan túns til sjávar.“ (HS: 331) og fékk til þess tvo menn frá Skagaströnd „[...]“ og stendur langur garður, sem þeir hlóðu, óhaggaður enn í dag eftir fjörutíu og þrjú ár, og með tveimur vírstrengjum, öruggur til varnar gegn ágangi frá öllum búpeningi.“ (HS: 331).

Skagaströnd - 176

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Minjarnar eru undir klapparhóli (Stekkarhóli?) rúma 200m vestur af norðvestur horni túngirðingarinnar á Háagerði.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur norðvestur-suðaustur. Hún er byggð suðvestan undir lágum og grónum klapparhóli, sem myndar norðaustur vegg hennar, hún er alls um 11m löng og 6m breið að utanmáli. Að norðaustan er rétt 4,5x4,5m að innanmáli með hlið út fyrir miðjum suðvesturvegg. Suðaustan við er minni tóft, lambakró, 2x4m (NA-SV), með hlið til suðvesturs. Veggir eru á bilinu 10-50sm háir og 50-150sm breiðir. Tóftin er áberandi grænni og gróskumeiri en umhverfið.



Skagaströnd - 177**Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tóftin er um 8m suður undan klapparhóli (Stekkjarkhóli?) sem er rúma 200m vestur af norðvestur horni túngirðingarinnar á Háagerði, um 6m suður af tóft nr. 176.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr norðvestur-suðaustur, 5,5x6,5m í ummál. Að sunnan er stærra hólflið, réttin, 1,5x3m (NA-SV) með hlið til vesturs. Norðvestan við er minna hólf, lambakró, nokkuð samfallinn um 1,5x2m að innanmáli, með ekkert greinanlegt hlið. Þessi tóft er ógreinilegri og gamallegrri en stekkjartóftin nr. 176, veggir grónir grasi, mosa og ljónslöpp, 30-40sm háir og á bilinu 1-1,5m breiðir.

Skagaströnd - 178**Hlutverk:** Torftökustaður**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir**

Niðurgröfturinn er rúma 200m vestur af norðvesturhorni túngirðingarinnar á Háagerði. Um 16m suðvestur af stekkjartóft nr. 176 og 12m vestur af stekkjartóft nr. 177.


Lýsing

Niðurgröfturinn liggur eins og tóftirnar norðvestur-suðaustur um 7,5x4,5m að innanmáli, fremur óreglulegur í laginu, um 10sm hár að suðvestan en allt að 40sm hár að norðaustan. Fleiri ógreinilegri niðurgreftir gætu verið suður og suðaustur af þessum.

Aðrar upplýsingar

Líklega hefur þarna verið tekið efni til byggingar og viðhalds stekkjanna nr. 176 og 177.

Háagerði



Mynd 41, túnakort af Háagerði frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru raðnúmer minjanna í skýrslunni.

Skagaströnd - 179

Sérheiti: Háagerði

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Gamli bærinn á Háagerði stóð á svipuðum slóðum og golfskálinn og áhaldahúsið stendur í dag en þó heldur sunnar (munnl. heimild Gísli Kristjánsson, 24.11.2009).

Lýsing

Milli áhaldahússins og golfskálans er bílastæði og sunnan við hallandi gróin brekka og ekki að sjá neinar minjar.

Aðrar upplýsingar

Háagerði (upphaflega nefnt Finnsstaðagerði) var byggt um 1670, en jörðin fór í eyði árið 1967 (JÁM VIII: 455; SB: 110).

Hafsteinn Sigurbjarnarson segir frá skoðunarferð sinni um landareign Háagerðis árið 1926 nokkrum dögum áður en hann keypti jörðina. Þá átti Háagerði engi sunnan við Finnsstaðaengin og hálf Finnsstaðanes. Aðkomunni að Háagerði lýsir Hafsteinn svo: „Ekki varð ég síður undrandi þegar heim á túnið kom, sem var að mestu ógirt. Og engin girðing milli túnanna, Háagerðis og Finnsstaða, sem lágu saman, og var svo kynlega skipt, að Háagerði átti land heim að brunnhúsi neðan við bæinn á Finnsstöðum. En Finnsstaðir áttu þegar upp á túnið kom land meira en miðja vegu að Háagerði. Og veru merkin í tveimur vinklum. Hvert undrið tók við af öðru. Allt var túnið þýft að undanskildri einni smásléttu. Víða á túninu voru hólar, sem klappanibbur gægdust upp úr. Neðan við allt túnið var hár torfgarður.“ (HS: 298)

„Þegar heim á bæjarhlaðið kom, var fjóshaugurinn syðstur. Þar næst fjósið. Þar norður af fjóshlaðan. Og nyrzt voru svo bæjarhúsin, sem gengið var í frá vestri eftir þiljuðum gangi. Til hægri handar var gengið í baðstofuna, sem var þrjú stafgólf. Eitt af þeim var afþiljað með stafnglugga. Hin tvö voru með litlum mænisglugga. Átti að heita að þar væri markljóst.“ (HS: 298-299).

„Við endann á baðstofunni var maskínuhúsið, sem var óþiljað að innan. Norðan við það var hlóðaeldhús. Og vestur af því skáli, sem mátti segja að væri sæmilegt hús. Inngangurinn á milli baðstofunnar og skálans var þiljaður með tekkvið, sem keyptur hafði verið á uppboði eftir Láru-strandið 1910. Peningshús voru á fjórum stöðum á túninu. Og mátti segja, að eitt af þeim væri nothæft.“ (HS: 299).

Árið 1928 fluttist Hafsteinn að Háagerði og hóf endurbyggingu og viðgerðir húsa, m.a. með við úr tréhúsi sem áður hafði staðið við Einbúann inn á Skagaströnd og fóru þeir viðir í rúmstæði og í að þilja baðstofuna (HS: 325-326).

Síðast var steinsteypt íbúðarhús og fjós á Háagerði líklega rífið um 1983 (munnl. heimild GK, 24.11.2009).

Skagaströnd - 180

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt ævisögu Hafsteins Sigurbjarnarsonar var fjósið sunnan við gamla bæinn þegar hann kom þangað fyrst 1926 (HS: 298-299). Gamli bærinn stóð á svipuðum slóðum og golfskáli og áhaldahús standa í dag.

Lýsing

Milli áhaldahússins og golfskálans er bílastæði og sunnan við hallandi gróin brekka og ekki að sjá neinar minjar.

Aðrar upplýsingar

Hafsteinn endurbyggði húsin á Háagerði uppúr 1928 (HS: 325-326). Síðast var steinsteypt fjós fast vestan við hlöðuna sem nú er nýtt sem áhaldahús fyrir golfvöllinn og steyppt íbúðarhús sunnan við (munnl. heimild GK, 24.11.2009).

Skagaströnd - 181

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýndur kálgarður fast sunnan við bæinn og fjósið.

Lýsing

Milli áhaldahússins og golfskálans er bílastæði og sunnan við hallandi gróin brekka og ekki að sjá neinar minjar.

Aðrar upplýsingar

Gísli Kristjánsson man ekki eftir garði á þessum stað en man hins vegar eftir matjurtagarði um 200m sunnan við bæ í smá halla (munnl. heimild 24.11.2009).

Skagaströnd - 182

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnd heimreið til austurs frá bæjarhúsunum, um 20m sunnan við húsin sem nú standa á Háagerði og hefur heimreiðin legið fyrst til austurs og svo beygt til suðausturs og farið þar undir núverandi veg út á Skaga.

Lýsing

Engin merki um heimreiðina sáust á vettvangi.



Mynd 42, fjárhús (nr. 183) stóðu um 50m suðaustur af Háagerðisbænum á svipuðum slóðum og óræktarbletturinn sem sést hér austan við veginn (vinstra megin á myndinni). Húsin sem hér sjást standa á svipuðum slóðum og gamli torfbærinn stóð áður. Hann hefur þó af lýsingum að dæma staðið svolítið sunnar og vestar en áhaldahúsi golfvallarins (stóra húsið hægra megin á myndinni, áður fjóshlaða) þ.e. vinstra megin við það á myndinni hérna megin við golfskálann.

Skagaströnd - 183

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd fjárhús og rétt norðan við gömlu heimreiðina. Miðað við túnakortið virðast húsin hafa staðið skammt austan við núverandi veg út á Skaga, um 50m suðaustur áhaldahúsi golfvallarins.

Lýsing

Þarna er ósléttaður óræktarblettur umlukinn túni/golfvelli að norðaustan, austan og suðaustan, engar minjar voru sýnilegar á þessum stað.

Aðrar upplýsingar

Gísli Kristjánsson (fæddur á Háagerði 1949) man vel eftir þessum húsum en ekki réttinni. Húsin voru í notkun meðan foreldrar hans bjuggu í Háagerði fram til 1967, húsin hafa svo líklega þurft að víkja fyrir nýja veginum norður á Skaga þegar hann var lagður (munnl. heimild GK, 24.11.2009).

Skagaströnd - 184

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd fjárhús og rétt norðan við gömlu heimreiðina. Miðað við túnakortið virðast húsin hafa staðið skammt austan við núverandi veg út á Skaga, um 50m suðaustur áhaldahúsi golfvallarins.

Lýsing

Þarna er ósléttaður óræktarblettur umlukinn túni/golfvelli að norðaustan, austan og suðaustan, engar minjar voru sýnilegar á þessum stað.

Aðrar upplýsingar

Gísli Kristjánsson (fæddur á Háagerði 1949) man vel eftir fjárhúsunum en ekki réttinni (munnl. heimild GK, 24.11.2009).

Skagaströnd - 185

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd fjánhús um 40 norðaustan við bæinn. Sé túnakortið lagt yfir loftmynd sést að áttahorf eru ekki alveg rétt og norðurörin vísar NNV. Húsin virðast því hafa verið u.þ.b. beint norður af húsunum.

Lýsing

Norðan við heimreiðina að golfskálanum er svolítill óræktarblettur, nú (9.6.2009) á kafi í grasi, þar eru ýmiskonar ójöfnur sem virðast seinni tíma rask. Miðað við túnakortið virðast fjánhúsin hafa staðið í suðvesturhorni þessa óræktarbletts eða aðeins inná vellinum. Engin örugg merki fundust um þessi hús en ekki hægt að útiloka að einhverjar leifar geti leynst í gróðrinum.

Aðrar upplýsingar

Gísli Kristjánsson (fæddur á Háagerði 1949) man ekki eftir fjánhúsum á þessum stað, hins vegar man hann eftir grjóthlaðinni rétt (nr. 187) og litlum torfkofa (nr. 188) fast utan túngarðsins svolítið norðar (munnl. heimild GK, 24.11.2009).

Skagaströnd - 186

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd fjánhús um

Lýsing

Ekkert sér eftir af þessum húsum en smá ójöfnur eru þó í vellinum á þessum slóðum.

Aðrar upplýsingar

Gísli Kristjánsson (fæddur á Háagerði 1949) man ekki eftir tóftum á þessum stað (munnl. heimild GK, 24.11.2009).



Mynd 43, horft til suðausturs heim að Háagerði. Golfskáli og áhaldahús vinstra megin við hann. Beint niður af því á myndinni hægra megin við lagan klapparhól eru ójöfnur á vellinum, hugsanlega leifar hesthúss (nr. 186).

Skagaströnd - 187

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Utan við túngirðinguna norðan við bæinn á Háagerði var grjóthlaðin rétt og lítill torfhlaðinn kofi (munnl. heimild GK, 24.11.2009).

Lýsing

Leifar réttarinnar sjást ekki en á sama stað er nú rétt úr timbri.

Skagaströnd - 188

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Utan við túngirðinguna norðan við bæinn á Háagerði var auk grjóthlaðinnar réttar og lítill torfhlaðinn kofi (munnl. heimild GK, 24.11.2009).

Lýsing

Leifar þessa kofa sjást ekki í dag en nú er rétt úr timbri þar sem grjóthlaðna réttin og kofinn stóðu.

Skagaströnd - 189

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag/hleðsla

Staðhættir

Meðfram hluta gamla túnsins að norðan.

Lýsing

Grjóthleðsla um 20-60sm há og um 150sm breið er undir vírnetsgirðingu frá réttinni norðan við Háagerði og nær um 130m til vesturs.

Aðrar upplýsingar

Líklega er hér um gamlan túngarð að ræða að grunni til, sem svo hefur verið hlaðið ofan á og aukið til vesturs, en töluverðar grjóthleðslur eru undir girðingunni enn lengra til vesturs og meðfram túninu austan við veg sömuleiðis.

Skagaströnd - 190

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestan í Háagerðisbergi, norð-vestast innan túngirðingarinnar.


Lýsing


Stekkurinn er í svolitlum halla í grónu dragi með klettanibbur sunnan og suðaustan við en gróðurrýra melbrún að norðan. Tóftin er um 11x6,5m að ummáli og snýr norðaustur suðvestur. Réttin er 4x5m að innanmáli með hlið syðst á vesturvegg. Í suðausturhorni réttarinnar er hrun

eða leifar lítils hólfis. Lambakróin stendur ofar í brekkunni norðaustan við réttina, um 1,7x2,5m að innanmáli. Ekkert greinilegt hlið er útúr krónni. Veggir eru á bilinu 10-50sm háir og 1-2m breiðir, grasi grónir.

Aðrar upplýsingar

Um 30m austar uppi á berginu er búið að hlaða steinum upp á klettanibbu sem myndar líkt og hornklofa, hleðslurnar virðast ekki gamlar. Samkvæmt Gísla Kristjánssyni sem er fæddur 1949 og ólst upp á Háagerði áttu þau krakkarnir bú á þessum slóðum, líklega eru þetta minjar þess.





Skagaströnd - 191

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan við Háagerðisberg, um 165m norðvestur af golfskálanum á Háagerði.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur næsta austur-vestur um 5,5x10,5m að ummáli. Vesturhlutinn er 4,5x2m að innanmáli (A-V) og mjókkar heldur til vesturs.

Austurhlutinn er minni, um 1,6x3,5m (N-S) og dyr virðast vera yfir í hinn helminginn fyrir miðjum milliveggnum. Engar greinilegar dyr eru út. Tóftin er mjög gamalleg og sokkinn og sker sig lítt úr umhverfinu gróðurfarslega. Veggir eru á bilinu 10-20sm háir, 110-150sm breiðir og grónir grasi, mosa og ljónslöpp.

Aðrar upplýsingar

Líklega er hér um að ræða gamalt útihús af einhverju tagi, fjárhús eða hesthús frá Háagerði.

Skagaströnd - 192

Hlutverk: Brunnhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt brunnhús um 30m vestur af matjurtagarðinum sem var sunnan við bæjarhúsin. Sé túnakortið lagt yfir loftmynd virðist brunnhúsið lenda um 30m suðvestur af golfskálanum á Háagerði.

Lýsing

Þarna er nú golfvöllur og sjást ekki minjar þessa brunnhúss.

Aðrar upplýsingar

Gísli Kristjánsson man vel eftir brunnhúsinu og var það notað sem vatnsból þar til lögð var vatnsleiðsla að bænum ofan frá Kili, melásnum austan við bæinn, eftir það var brunnurinn einkum notaður sem mjólkurkælir (munnl. heimild 24.11.2009).

Skagaströnd - 193

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd fjárhús um 40m sunnan við matjurtagarðinn (nr. 181) sunnan við bæjarhúsin (nr. 179).

Lýsing

Þetta er í óræktarbletti fast austan við golfvöllinn og sjást ekki örugg merki um þessi hús.

Aðrar upplýsingar

Gísli Kristjánsson man ekki eftir tóftum á þessum slóðum (munnl. heimild 24.11.2009).



Mynd 44, horft til vesturs yfir túnin milli Finnsstaða og Háagerðis. Túngarður (nr. 194) liggur vestan við þau frá norðri til suðurs. Austan við hann við sitthvorn endan sjást glögg gróðurskil (nr. 196 og 107) sem benda þau til minja.

Skagaströnd - 194

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Túngarðurinn liggur norður-suður vestan við gömlu túnin milli Háagerðis og Finnsstaða.

Lýsing

Túngarðurinn er uppistandandi á um 80m kafla, 80-110sm hár og 1,5-2m breiður. Tóft (nr. 195) er í norðurhluta hans, en í framhaldi af garðinum bæði til suðurs og norðurs sjást hryggir í túninu þar sem sléttað hefur verið úr honum. Að sunnan er 10sm hár og um 3m breiður hryggur sem nær rúma 20m til suðausturs. Til norðurs nær samskonar hryggur í sveig til norðausturs rúma 60m, þar virðist hann skiptast og gengur hryggur úr honum rúma 70m til aust-norðausturs annars vegar og hins vegar um 45m til norðurs.

Skagaströnd - 195

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Utan í túngarðinum sem liggur vestan við gömlu túnin milli Háagerðis og Finnsstaða, um 270m suð-suðvestan við golfskálann á Háagerði.

Lýsing

Tóftin er niðurgrafin hálf inní túngarðinum um 1,5x1,7m að innanmáli, túngarðurinn (nr. 194) myndar austurvegg hennar og hálfan norður- og suðurvegg. Vesturveggur er aðeins um 10sm hár en veggirnir hækka að túngarðinum sem er um 110sm hár frá botni tóftarinnar.



Mynd 45, minjar á golfvöllinum milli Háagerðis og Finnsstaða. Túngarðurinn nr. 140 er hluti af gamla Finnsstaðatúninu og túngarðurinn nr. 195 er hugsanlega hluti af gamla Háagerðistúninu. Tún þessara bæja sköruðust þannig að Finnsstaðir áttu ræmu austan við Háagerðistúnið og öfugt.

Skagaströnd - 196

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Dæld og gróðurskil eru vestan við gömlu túnin milli Háagerðis og Finnsstaða, rúma 20m norðaustur af tóftinni (nr. 195) sem er byggð utan í túngarðinn (nr. 194).

Lýsing

Um er að ræða aflanga 10-20sm djúpa dæld, sem snýr austur-vestur um 15x9m að ummáli. Dældin sker sig úr umhverfinu með dökkgrænu og gróskumiklu grasi og getur bent til minja.

Skagaströnd - 197

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er vestan við gömlu túnin milli Háagerðis og Finnsstaða, um 30m austur af miðjum túngarðinum (nr. 194). Um 30m suður af ofannefndri dæld (nr. 196).

Lýsing

Þústin er nær hringlaga um 10m í þvermál og 30-40sm hærri en umhverfið. Þústin er algróin og bæði gróskumeiri og grænni en umhverfið sem getur bent til minja.

Skagaströnd - 198

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er í óræktarbletti vestan við veginn út á Skaga, um 280m sunnan við afleggjarann að golfskálanum á Háagerði.

Lýsing

Þústin er algróin og þýfð, töluvert sokkin og gamalleg. Hún virðist liggja norðaustur-suðvestur og nær yfir um 15x12m svæði, dæld er innan hennar sem virðist mynda um 7x5m hólf. Þetta er þó allt fremur óljóst bæði vegna þýfis og gróðurs.

Skagaströnd - 198

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er í óræktarbletti vestan við veginn út á Skaga, um 280m sunnan við afleggjarann að golfskálanum á Háagerði.

Lýsing

Þústin er algróin og þýfð, töluvert sokkin og gamalleg. Hún virðist liggja norðaustur-suðvestur og nær yfir um 15x12m svæði, dæld er innan hennar sem virðist mynda um 7x5m hólf. Þetta er þó allt fremur óljóst bæði vegna þýfis og gróðurs.

Skagaströnd - 199

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Dældin er vestast í óræktarbletti vestan við veginn út á Skaga, um 280m sunnan við afleggjarann að golfskálanum á Háagerði, 11m norðaustan við þúst nr. 198.

Lýsing

Dældin er um 13m löng og 2m breið og liggur nálega norðaustur-suðvestur, hún er um 10-30sm djúp og með mjög óljósum útbrúnum um 5-10sm háa og um 2m breiða.

Skagaströnd - 200

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Dældirnar eru tvær samsíða og eru á golfvellinginum vestan við veginn út á Skaga, um 280m sunnan við afleggjarann að golfskálanum á Háagerði og um 30m vestan við þúst nr. 198.

Lýsing

Norðari dældin er um 16m löng og sú syðri um 11m, báðar um 2m breiðar og snúa nálega norðaustur-suðvestur. Dældirnar eru um 10-20sm djúpar og umhverfis eru óljósar brúnir 5-10sm háar og um 2m breiðar.

Skagaströnd - 201

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Dældin er á golfvellinum vestan við veginn út á Skaga, um 280m sunnan við afleggjarann að golfskálanum á Háagerði og um 30m suðvestan við þúst nr. 198.

Lýsing

Dældin liggur þvert á stefnu hinn, nálega norðvestur-suðaustur og er um 8m löng og 2m breið. Dældin er um 10-20sm djúp og umhverfis eru óljósar brúnir 5-10sm háar og um 2m breiðar.



Mynd 46, horft í vestur yfir mótökusvæðið ofan (austan) Kjalar.

Skagaströnd - 202

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgreftir


Staðhættir

Austan við Háagerði suður af Hólkotsdal sem er á milli tveggja melása, Kjalar og Hólkotsmels sem er þar austan við.

Lýsing

Smá niðurgreftir sjást víðsvegar í mýrinni á milli melanna, en mestu grafirnar eru vestan undir Kili um 200m suðaustan við vatnstank golfvallarins. Alls eru mógrafir á um 2he svæði. Flestar á bilinu 20-50sm djúpar.

Háagerðissel



Skagaströnd - 203

Sérheiti: Háagerðissel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efst í Brandaskarði, um 3,7km í beina loftlínu austur af Háagerði. Selið er í gróðursælli brekku, vestan við læk sem rennur í ógrónu gili niður að lítilli tjörn.

Lýsing

Tóftin er á nokkurri upphækkun eða tóftahóli (nr. 204) sjálf er tóftin þrí- eða fjórskipt, um 14m löng og 9m breið og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er öll þýfð og innra fyrirkomulag fremur óljóst, þó virðist mega sjá tvær samsíða tóftir eða hús að vestan, það syðra 2x3m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það norðara gæti verið tvískipt en það er ólögulegt um 5m langt og um 1,5m breitt. Norðaustast er tóft eða hús sem er um 2,5x2,5m. Veggir eru algrónir grasi og mosa, á bilinu 30-50sm háir og 1-3m breiðir.

Skagaströnd - 204

Sérheiti: Háagerðissel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Efst í Brandaskarði, um 3,7km í beina loftlínu austur af Háagerði. Selið er í gróðursælli brekku, vestan við læk sem rennur í ógrónu gili niður að lítilli tjörn.

Lýsing

Undir seltóftinni (nr. 203) virðast vera eldri minjar. Tóftahóllinn er 40-50sm hærrí en umhverfið, um 20m langur og 13m breiður og liggur eins og tóftin norðaustur-suðvestur. Norðaustast virðast vera óljós veggbot.

Skagaströnd - 205

Sérheiti: Háagerðissel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Umrædd tóft er 8m suðaustur af seltóftinni (nr. 203) á Háagerðisseli.

Lýsing

Tóftin er tvískipt um 8,5x8,5m að ummáli og snýr norðvestur-suðaustur. Norðari hlutinn er stærri 2x5m að innanmáli með dyr eða hlið syðst á vesturvegg. Syðri hluti tóftarinnar er 2,5x2,5m með dyr eða hlið syðst á vesturvegg. Veggir eru algróinir grasi og mosa, 1-1,5m breiðir og á bilinu 30-70sm háir.



Mynd 47, horft til suðausturs yfir tóftir (nr. 205) suðaustan við rústir Háagerðissels, bakvið sjást rofnir bakkar sellækjarins.

Skagaströnd - 206

Sérheiti: Háagerðissel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Umrædd tóft er 1,5m norðvestur af seltóftinni (nr. 203) á Háagerðisseli.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 10x6m að ummáli og snýr norðaustur-suðvestur. Syðri hlutinn er 2,5x1,7m að innanmáli (NV-SA) með dyr til norðausturs. Norðari hlutinn er 2,5x2m (NV-SA) og óljósar dyr til norðvesturs. Veggir eru grasi og mosagrónir um 40-60sm háir og 1,2-2,3sm breiðir.



Mynd 48, horft til suðvesturs yfir tóft nr. 206 á Háagerðisseli.

Skagaströnd - 207

Sérheiti: Háagerðissel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Umrædd tóft er um 20m norður af seltóftinni (nr. 203) á Háagerðisseli.

Lýsing

Nyrst er greinileg ferhyrnd tóft en óljós og þýfð veggjalög til suðurs. Alls virðist tóftin ná yfir um 14x5m svæði sem snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin nyrst er 2x1,4m að innanmáli og snýr þvert á stefnu heildarinnar (NV-SA) og er með um 1m breiða og um 50sm háa vegg. Sunnan við virðist koma önnur tóft um 3x2m en veggir eru mjög þýfðir og bólgnir. Sunnan við gæti verið önnur tóft álíka stór, en suður hluti þessarar tóftar verður að teljast mjög óljós. Tóftin er öll grasi og mosa gróin, veggir á bilinu 0,7-2,7m breiðir.



Mynd 49, horft til suðvesturs yfir tóft nr. 207 á Háagerðisseli.

(Minjar nr. 208 eru á Spákonufellseli sjá frammar í skýrslunni)

Skagaströnd - 209

Sérheiti: Háagerðissel

Hlutverk: Óþekkt (kvíar?)

Tegund: Tóft

Staðhættir


Umrædd tóft er tæpa 25m norðvestur af seltóftinni (nr. 203) á Háagerðisseli, undir yngri tóft (nr. 208).

Lýsing

Tóftin er 13,5m löng um um 6,5m breið og liggur norðaustur-suðvestur. Dyr eða hlið eru inni hana fyrir miðjum norðausturenda og þar komið inni tvískipt rými, hvor um sig 1x2m að innanmáli og snúa eins og tóftin (NA-SV). Tveir veggir ganga samsíða þvert yfir tóftina miðja og stúka af lítið hól, um .Yngri veggir virðast vera í miðri tóftinni, og skekkir því myndina nokkuð en sunnan við hana er hól sem er 2,8x2m að innanmáli og sjást engar dyr eða hlið á því. Tóftin er öll gróin grasi, mosa og ljónslöpp, veggir um 40-80sm háir og 1,4-2,4m breiðir.



Mynd 50, horft inni meintar kvíar (nr.) á Háagerðisseli. Tóftinni virðist hafa verið breitt og veggir stúka af lítið hól í miðri tóft.



Mynd 51, horft til suðurs yfir tóft (nr. 210) efst í Brandaskarði.

Skagaströnd - 210

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Umrædd tóft er tæpa 380m norðaustur af seltóftinni (nr. 203) á Háagerðisseli.

Lýsing

Tóftin stendur á svolitlum hólum sem þó virðist náttúrulegur, um 1m hár og ögn breiðari en tóftin. Tóftin er 10,5x6m að ummáli og afar gamall og óljós, útbrún veggja er á bilinu 20-30sm en innri brúnir óljósari 5-10sm háar. Veggirnir eru á bilinu 1,5-2m breiðir, grónir mosa og rýrum smágróðri og falla vel inni umhverfið.

Skagaströnd - 211

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á melhrygg sem gengur til suðurs efst í Brandaskarði um 260m ofan (austan) við Harrastaðasel og um 500m norðaustan við Háagerðissel.

Lýsing

Varðan er um 60sm á kant að grunnfleti og um 60-90sm há, grjóthlaðin og ógróin.

Skagaströnd - 212

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Um 60m norðaustur af miðri tjörninni sem er efst í Brandaskarði. Varðan er um 360m suðaustur af Harrastaðaseli og um 380m norðaustur af Háagerðisseli.

Lýsing

Varðan er um 50sm á kant að grunnfleti og 30-40sm há, grjóthlaðin og ógróin.

Skagaströnd - 213

Hlutverk: Smalakofi/byrgi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Hleðslan er syðst á stallinum ofan við Kofabrekku, um 1200m framan við Brandaskarð í Hrafnadal.

Lýsing

Kofinn eða byrgið hefur snúið norðaustur-suðvestur, um 2x1,5m (NA-SV) að innanmáli með dyr til suðvesturs. Hleðslurnar eru um 20sm háar og mest um 40sm breiðar.



Mynd 52, horft til suðausturs yfir leifar smalakofa eða byrgis (nr.213), syðst á stallinum ofan við Kofabrekku, framan við Brandaskarð í Hrafnadal.

Skagaströnd - 220

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í örnefnaskrá Höfðahóla segir: „Illukelduhóll er norðvestur af Reiðingsbergi. Hann var einnig nefndur Illukelduberg eða Ytri-Illukelduhóll. Nálægt honum var mótekja.“ (ÖHH: 2). Illukelduhóll er um 150m norðvestan við Reiðingsberg sem áður er nefnt og um 320m aust-norðaustur af Ási.

Lýsing

Tvískiptur matjurtagarður er suðvestan í Illukelduhóli. Garðarnir um 30-40sm háir og um 60sm breiðir. Norðara beðið er um 10x8,5m norðaustur-suðvestur, syðra beðið er um 10x10m og snýr eins.



Mynd 53, horft til suðvesturs yfir tóftir fjárhúsa (nr. 220).

Skagaströnd - 221

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er í haga um 315m norðaustur af Ásholti og um 330m austur af Sólvangi.

Lýsing

Tóftin snýr austur vestur um 9m á kant og gæti hafa verið þilstafn til vesturs. Veggir eru illa farnir og rofnir á bilinu 20-70sm háir og um 1-1,5m breiðir.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Óskari Axelssyni á Ásholti var fjárhús á þessum slóðum (munnl. heimild 20.11.2009).

Skagaströnd - 222**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Staðhættir**

Þústin er í túni um 80m norðaustur af Sólvangi.

Lýsing

Þústin er um 10-30sm há, næsta hringlaga 11m í þvermál, óslétt og grasi gróin. Þústin sker sig nokkuð úr umhverfinu og gæti vísað til minja af einhverju tagi.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Óskari Axelssyni á Ásholti hefur fjöldi smákofa verið á þessum slóðum í gegnum tíðina, m.a. svonefndir Lækjarbæir (munnl. heimild 20.11.2009).

(minjar nr. 223 eru á Réttarholti sjá frammar í skýrslunni)

Skagaströnd - 224**Sérheiti:** Hólanesvör**Hlutverk:** Lending**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á svipuðum slóðum, hugsanlega fast sunnan við Frystihúsið á Fjörubraut 6 og 8.

Lýsing

Búið er að breyta landslaginu nokkuð á þessum stað og koma upp brimvarnargarði.

Skagaströnd - 225**Hlutverk:** Lending**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Lending var austan Einbúa, sem er stakur klapparhóll vesturundan Spákonufellshöfða.

Lýsing

Umhverfið er allt gjörbreytt á þessum slóðum, stór landfylling fyllir út í víkina austan Einbúans og er þar standa nú stór vélageymsla og iðnaðar- og hafnarlód þar austan við (Hafnarlód 7a, 6 og 5).

Skagaströnd - 226**Sérheiti:** Skagastrandarvör/Vararvík**Hlutverk:****Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Hannesar Jónssonar fyrir Spákonufell segir: „Vestan við Einbúa hét Einbúavík en þar rétt fyrir vestan Vararvík. Þar var svokölluð Skagastrandarvör.“ (ÖHJ: 2).

Lýsing

Erfitt er að meta hve mikið landslagið kann að hafa breyst á þessum stað í gegnum tíðina en vestast við Höfðatá virðist það hafa orðið fyrir tiltölulega litlu raski.

Aðrar upplýsingar

Grjóthlaðin bryggja var vestarlega í vörinni þar sem tekið var á móti fiski, þessi bryggja er nú eyðilögð (ÖPJ: 5).

Skagaströnd - 227

Sérheiti: Réttarholtsvör

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ingibergs Guðmundssonar segir: „Réttarholtsvör – Lendingarstaður austan Landsenda“ (ÖIG: 4):

Lýsing

Mikið hefur brotið af landinu á þessu svæði og hefur strandlengjan hafa færst suður um allmarga metra á síðastliðnum öldum.

Skagaströnd - 228

Sérheiti: Vækilvík/Vékelsvík

Hlutverk: Þjóðsagnastaður/Skipalægi

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir og lýsing

Vækilvík er stór vík umlukin háum klettum, norðvestarlega á Spákonufellshöfða.

Aðrar upplýsingar

Í göngukortabæklingi Sveitarfélagsins Skagastrandar segir um Vækilvík: „Sagnir eru um að fyrsti verslunarstaðurinn hafi verið þarna og kaupskip jafnvel legið á víkinni en þar er aðdjúpt. Einnig eru til heimildir um að festarhingir fyrir skip hafi verið við víkina“ (Göngukort: 6). Í örnefnaskrá Páls Jónssonar fyrir Spákonufell segir: „Vestan í Höfðann gengur djúp vík, Vækilsvík (Vékelsvík). Þar lágu kaupskip einokunarkaupmanna fyrr á tímum. Norðan við Vékelsvík eru klettasker, Sauðasker. Við stærra skerið er mjög djúpur áll eða gjá. Þangað voru skipin leidd og bundin. Verslun fór fram í skipunum. Sunnan við Vékelsvík var gamall festarhingur sýnilegur til skamms tíma, festur í klöpp.“ (ÖPJ: 5-6) Í örnefnaskrá Spákonufells eftir ókunnan skrásetjara segir: „Vækilvík gengur inn í höfðann að norðvestan, og er Sauðsker norðan við víkina. Í Vækilvík munu Höfðaskip hafa lent til forna.“ (ÖSF: 3).

Skagaströnd - 229

Sérheiti: Sauðasker/Sauðsker

Hlutverk: Þjóðsagnastaður/Skipalægi

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir og lýsing

Sauðasker er lítill klapparhólmi norðan Vækilvíkur. Norðvestarlega á Spákonufellshöfða.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá kemur fram sú saga að skip hafi verið leidd að Sauðaskeri og bundin þar. Í örnefnaskrá Spákonufells eftir ókunnan skrásetjara segir: „Vækilvík gengur inn í höfðann að norðvestan, og er Sauðsker norðan við víkina. Í Vækilvík munu Höfðaskip hafa lent til forna.“ (ÖSF: 3).

Skagaströnd - 230

Sérheiti: Spánskadys

Hlutverk: Legstaður/Þjóðsagnastaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í bæklingi Sveitarfélagsins Skagastrandar um gönguleiðir á Spákonufellshöfða segir: „Efst á Réttarholtshæð er Spánska dys en þar mun spænskur sjómaður hafa verið greftraður og staðurinn valinn vegna útsýnisins.“ (Gönguleiðir: 6).

Lýsing

Efst á Réttarholtshæð eru leifar garðlags eða hleðslu undir girðingu en ekkert sem talist gæti líkleg vísbinding um dys eða mannsgröf.

Skagaströnd - 231

Sérheiti: Tröllamey

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Náttúruminjar/Klettur

Staðhættir

Kletturinn er vestan til á Spákonufellshöfða skammt suður af Vækilvík.

Lýsing

Klettanibba sem er talin líkjast konu við lestur eða hannyrðir. Ekki var tekinn hnitpunktur á klettinum.

Aðrar upplýsingar

Klettanibba sem er talin líkjast konu við lestur eða hannyrðir. Þjóðsagan hermir að þar sitji tröllamey sem beið komu unnusta síns úr róðri. Honum varð ekki afturkvæmt en hún dagaði uppi og varð að steini (BB: 16).

Skagaströnd - 232

Sérheiti: Álfhóll

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Náttúruminjar/Klapparhóll

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ingibergs Guðmundssonar segir: „Álfhóll – Hóllinn norðan við Ásholtsbæinn.“ (ÖIG: 2).

Lýsing

Lítill hálfgróin klapparhóll norðan við bæinn.

Aðrar upplýsingar

Örnefnið bendir til hugmynda um álfabyggð í hólnum.

Skagaströnd - 233

Sérheiti: Háaberg/Brennuberg/Stóra-Berg

Hlutverk: Þjóðsagnastaður/Álagablettur

Tegund: Náttúruminjar/Klettur

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ingibergs Guðmundssonar segir: „Stór klettur norður af túninu [á Höfðahólum]. Brekkuna mátti ekki slá.“ (ÖIG: 2).

Lýsing

Brekkann sunnan í Háabergi er gróin beggja vegna gamla túngarðsins (nr. 61).

Aðrar upplýsingar

Páll Jóhannes kannaðist við þennan álagablett og var hann virtur í hans tíð og ekki slegin. En samkvæmt sögunni áttu skepnur að misfarast ef brekkann væri slegin (munnl. heimild 20.11.2009).

Skagaströnd - 234

Sérheiti: Kerlingarholt

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ingibergs Guðmundssonar segir: „Kerlingarholt – Hæð sunnan vegarins þar sem beygt er niður til kaupþúnsins. Þar varð kerling úti og villti hún fyrir mönnum í óveðrum“ (ÖIG: 4).

Lýsing

Á holtinu standa í dag steinsteypt fjárhús frá Litla-Felli.

Skagaströnd - 235

Sérheiti: Spákonufellseyja

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Náttúruminjar/Álfabyggð

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ingibergs Guðmundssonar segir: „Stuðlabergseyja suður af Höfðanum.“ (ÖIG: 4).

Lýsing

Þarna er í dag bryggja og hafnargarður og lítið að sjá eftir af eyjunni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Ingibergs segir ennfremur: „Þar var áður æðarvarp. Eyjan var brotin niður að mestu við hafnargerð 1935 og er nú hluti af núverandi hafnargarði. Þar var álfabyggð“ (ÖIG: 4).

Skagaströnd - 236

Sérheiti: Einbúi

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Náttúruminjar/Álfabyggð

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ingibergs Guðmundssonar segir: „Stakur klettur, áður við sjó suðaustur af Höfðanum.“ (ÖIG: 4).

Lýsing

Landslagið umhverfis Einbúann hefur tekið miklum breytingum en hann er enn á sínum stað óhreyfður.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Ingibergs segir ennfremur: Nú er búið að fylla upp fyrir framan hann og standa þar hús SR. Áður á landamerkjum Höfðahóla og Spákonufells. Þar var álfabyggð.“ (ÖIG: 4).

Skagaströnd - 237

Sérheiti: Háagerðisberg

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Náttúruminjar/Álfabyggð

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ingibergrs Guðmundssonar segir: „Háagerðisberg – Nokkur berg innan túngirðingar fyrir neðan og norðan bæinn. Þar eru álfar. Ekki mátti slá brekkur vestan í Háagerðisbergjum.“ (ÖIG: 4).

Lýsing

Bergin eru enn á sínum stað óröskuð.

Skagaströnd - 238

Hlutverk: Jarðræktarsvæði

Tegund: Beðasléttur

Staðhættir

Samkvæmt Páli Jóhannessyni voru tvær breiðar beðasléttur frá bænum á Höfðahólum upp að fjárhúsunum (nr. 52).

Lýsing

Ummerki um beðasléttunnar sáust ekki á vettvangi.

Skagaströnd - 239

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild (brunnur)

Staðhættir

Samkvæmt Páli Jóhannessyni var brunnur neðan við beðasléttunnar sem voru suðvestan við bæjarhúsin á Höfðahólum.

Lýsing

Engin ummerki um brunn sáust á þessum stað.

Aðrar upplýsingar

Brunnurinn var grjóthlaðinn að innan um 2m djúpur og var í notkun fram undir 1950 (munnl. heimild PJ, 20.11.2009).

Óhnitsettar minjar

Skagaströnd - 252

Hlutverk: Þurrabúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í aftanmálgrein í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar er vitnað í bréf um hvalreka frá 1579 þar sem segir um örnefnið Einbúa „Klettur, sem stendur við Búðir“ (sbr. ÖMJ: 3). Einhverjar byggingar virðast því hafa staðið við Einbúann undir lok 16. aldar, líklega sjóbúðir.

Lýsing

Landslagið umhverfis Einbúann hefur tekið miklum breytingum umliðnar aldir og engar minjar um þessar sjóbúðir sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Upp við Einbúann að vestanverðu eru smá dældir (nr. 89) sem vísað geta til minja, líklega eru það þó leifar yngri húsa en þarna stóðu torfhús fram yfir aldamótin 1900 og timburkofí, einn eða fleiri eftir það (sjá nr. 89).

Skagaströnd - 253

Hlutverk: Þurrabúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í aftanmálgrein í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar er vitnað í bréf um hvalreka frá 1579 þar sem segir um örnefnið Einbúa „Klettur, sem stendur við Búðir“ (sbr. ÖMJ: 3). Einhverjar byggingar virðast því hafa staðið við Einbúann undir lok 16. aldar, líklega sjóbúðir.

Lýsing

Landslagið umhverfis Einbúann hefur tekið miklum breytingum umliðnar aldir og engar minjar um þessar sjóbúðir sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Upp við Einbúann að vestanverðu eru smá dældir (nr. 89) sem vísað geta til minja, líklega eru það þó leifar yngri húsa en þarna stóðu torfhús fram yfir aldamótin 1900 og timburkofi, einn eða fleiri eftir það (sjá nr. 89).

Skagaströnd - 254

Hlutverk: Vöruhús („kaupmannsbúð“)

Tegund: Heimild

Staðhættir

Heimildir eru um að Hollenskir sjómenn hafi komið að Skagaströnd árið 1686 og rofið þak á svokallaðri „kaupmannsbúð“ og haft þaðan í brott allskyns varning að verðmæti 2600 ríkisdöllum (BB: 55).

Lýsing

Ekki er ljóst hvar þetta hús á að hafa staðið og ekki hægt að tengja það neinum minjum.

Skagaströnd - 255

Hlutverk: Þurrabúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í *Prestastefnudómum og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar* er leyfisbréfi frá 1669 kemur fram að þurrabúðarkofi hafi verið verið byggður með leyfi biskups á lóð í Spákonufellshöfða (GP: 248, 378; sbr. BB: 34).

Lýsing

Óvíst er hvar þessi kofi hefur staðið nákvæmlega og því ekki hægt að tengja neinar sýnilegar minjar við heimildina um hann.

Aðrar upplýsingar

Hallvarður Bjarnason fékk leyfi frá biskupi til að byggja sér búð á lóð Spákonufellshöfða í landi Spákonufells. Í leyfisbréfinu er tilgreint að kofinn skuli vera 2 faðmar á lengd og 1 á breidd og fær Hallvarður leyfi til að stinga torf í landi jarðarinnar sem til kofans þarf en ekkert umfram það (GP: 248; sbr. BB: 33 og 34).

Skagaströnd - 256**Hlutverk:** Þurrabúðir**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í áðurnefndri jarðabók er frá því greint að í landi Spákonufells hafi verið þrjú tómothús niður við sjó og ábúandinn tekið 15 álnir fyrir hvert í leigu (JÁM VIII: 451). Ekki er ljóst hvar þessi hús hafa staðið en Spákonufell átti land að sjó norðan Sandlækjar og allan Spákonufellshöfða ásamt landræmu austan hans sem frá Einbúa að víkinni austan við Réttarholt. Þar með átti Spákonufell lendinguna í Skagastrandarvör vestan Einbúans og hugsanlega einnig Réttarholtsvör að norðan og ekki ólíklegt að tómothús hafi verið við aðra hvora þessara lendinga eða báðar.

Lýsing

Óvíst er hvar þessi hús hafi staðið og engar minjar fundust á vettvangi sem hægt er að tengja með vissu við þessa heimild.

Skagaströnd - 257**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild (garðlag)**Staðhættir**

Páll Jóhannesson sagði frá garðlagi frá suðurhluta Skagastrandartúns sem liggur norðvestur yfir Spákonufellshöfðann og til sjós (munnl. heimild 20.11.2009).

Lýsing

Þetta garðlag fannst ekki á vettvangi.

Skagaströnd - 258**Sérheiti:** Bráðræði**Hlutverk:** Híbýli (þurrabúð)**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir: „Húsin stóðu flest í einfaldri röð niður við sóinn. Ef við horfum norður eftir er Bráðræði syðst. Það var þurrabúð í eigu Péturs Sæmundssen.“ (BB: 152).

Lýsing

Staðhættir eru óljósir, en engar hugsanlegar leifar þurrabúðar fundust suður af Hólanesi.

Skagaströnd - 259**Sérheiti:** Pálsbær**Hlutverk:** Híbýli (þurrabúð)**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir: „Á Hólanesi stóðu Pálsbær, sem var þurrabúð Lárusar Guðnjónssonar og Hólanesverslunarhúsin, sem Frits Berndsen átti [...]. Á Hólanesi var einnig Glasgow, þurrabúð Jósefs Stiesens söðlasmiðs.“ (BB: 152).

Lýsing

Ekki er ljóst nákvæmlega hvar Pálsbær hefur staðið en einu minjarnar sem fundust á Hólanesi voru þúst austan við húsið Árnes og móöskulög í opnum skurði á sama stað (sjá nr. 83).

Skagaströnd - 260

Sérheiti: Glasgow

Hlutverk: Híbýli (þurrabúð)

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í bók Bjarna Guðmarssonar *Byggðin undir Borginni* segir: „Á Hólanesi stóðu Pálsbær, sem var þurrabúð Lárusar Guðnjónssonar og Hólanesverslunarhúsin, sem Frits Berndsen átti [...]. Á Hólanesi var einnig Glasgow, þurrabúð Jósefs Stiesens söðlasmiðs.“ (BB: 152).

Lýsing

Ekki er ljóst hvar nákvæmlega þurrabúð Jósefs stóð en einu minjarnar sem fundust á Hólanesi voru þúst austan við húsið Árnes og móöskulög í opnum skurði á sama stað (sjá nr. 83).

Skagaströnd - 270

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (varða)

Staðhættir

Í örnefnaskrá Höfðahóla segir eftirfarandi um landamerki Höfðahóla: „Að sunnan frá sjó ræður Hrafnaldsá [annarsstaðar nefnd Hrafná] á milli Árbakkalands og Höfðahóla til vörðu, er hlaðin er að norðanverðu við ána; frá þeirri vörðu liggja merki norður flóana eftir því sem vörður vísa til Sandlækjar.“ (ÖHH: 1).

Lýsing

Varðan fannst ekki á vettvangi.

Skagaströnd - 271

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (varða)

Staðhættir

Í örnefnaskrá Höfðahóla segir eftirfarandi um landamerki Höfðahóla: „Að sunnan frá sjó ræður Hrafnaldsá [annarsstaðar nefnd Hrafná] á milli Árbakkalands og Höfðahóla til vörðu, er hlaðin er að norðanverðu við ána; frá þeirri vörðu liggja merki norður flóana eftir því sem vörður vísa til Sandlækjar.“ (ÖHH: 1).

Lýsing

Vörðurnar (hve margar sem þær kunna að vera) fundust ekki á vettvangi.

Skagaströnd - 272

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (varða)

Staðhættir

Í örnefnaskrá Höfðahóla segir eftirfarandi um landamerki Höfðahóla: „Inn frá Sandlæk er Höfðahólaland til vörðu, sem hlaðin er austanvert við grjótréttina [...].“ (ÖHH: 1).

Lýsing

Varðan fannst ekki á vettvangi.

Skagaströnd - 273

Sérheiti: Reiðingsberg

Hlutverk: Torftaka

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Höfðahóla segir: „Reiðingsberg liggur í norðaustur af Stekkjarbergi. Hjá því var reiðingsrista.“ (ÖHH: 2). Reiðingsberg er lág stök klettaborg um 550m norð-norðvestur af bæjarstæði Höfðahóla, um 340m beint norður af Hólabergi 4.

Lýsing

Ummerki um torftöku sáust ekki á vettvangi.

Skagaströnd - 274

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Höfðahóla segir: „Illukelduhóll er norðvestur af Reiðingsbergi. Hann var einnig nefndur Illukelduberg eða Ytri-Illukelduhóll. Nálægt honum var mótekja.“ (ÖHH: 2). Illukelduhóll er um 150m norðvestan við Reiðingsberg sem áður er nefnt og um 320m aust-norðaustur af Ási.

Lýsing

Ummerki um mótekju sáust ekki á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Páli Jóhannessyni voru grafir suðvestan við hólinn, en þar hefur nú verið ræst fram. Suðvestan í hólnum má hins vegar sjá merki um matjurtagarða (nr. 220)

Skagaströnd - 275

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Höfðahóla segir: „Mýra(r)berg er norður af Illukelduhól. [...] Móhóll (eða Móberg) liggur nokkru norðar en Mýrarberg, fyrir ofan Sólvang. Fyrir neðan hólinn var mótekja.“ (ÖHH: 2). Móhóll er klapparhóll um 190m norðaustur af Sólvangi.

Lýsing

Ummerki um mótekju fundust ekki á vettvangi, en þarna eru nú að mestu slétt tún.

Aðrar upplýsingar

Tóftir fjárhúsa (nr. 112) eru austan við hólinn og tvær minni óþekktar vestan við (nr. 111) og norðan (nr. 113).

Skagaströnd - 276

Sérheiti: Kúagötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Höfðahóla segir: „Kúagötur lágu sunnan túngarðs á Höfðahólum (P.J.). Eftir að byggð jókst, voru kýr þorpsbúa reknar um þær á beit í Hólaflóa. J.P. nefnir þær Kúagang.“ (ÖHH: 2; ÖIG: 2).

Lýsing

Gatan fannst ekki á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

P.J. stendur fyrir Pál Jóhannesson á Sunnuvegi 3 á Skagaströnd og J.P. fyrir Jóhann Pétursson á Lækjarbakka, sbr. upptalningu heimildamanna fremst í skránni (ÖIG: 1).

Skagaströnd - 277

Sérheiti: Vatnsgötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vatnsgötur heitir gamli vegurinn milli Spákonufells og Höfðahóla.“ (ÖIG: 2).

Lýsing

Vegurinn fannst ekki á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Í sömu skrá er þessi skýring gefin á nafninu: „Vegurinn bar þetta nafn vegna þess, að bæjarlækurinn á Spákonufelli rann yfir hann“ (ÖIG: 2).

Skagaströnd - 278

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (garðlag)

Staðhættir

Austan við Spákonufellshöfða frá norðri til suðurs.

Lýsing

Engin merki sáust um þennan garð á vettvangi og má gera ráð fyrir að stór hluti hans sé þar sem vegurinn liggur núna (Skagavegur).

Aðrar upplýsingar

Í kaupbréfi frá 1351 kemur fram að garður hafi legið austan („ofan“) við Spákonufellshöfða og girt hann af, s.s. legið norður-suður stranda á milli. Beit í höfðanum var skipt jafnt milli jarðanna Spákonufells og Höfðahóla en Höfðahólamenn skyldu halda við garðinum. Þá áttu Höfðahólar teig fyrir utan Sandlæk en Spákonufell torfskurð eftir þörfum á móti. Spákonufellsmenn hafa haldið eftir bestu rekafjörunum við skiptin. Þeir héldu sínum hluta (1/5) af ströndinni á milli Réttarholts og Sandlækjar (svonefndri Bót) og strandlengjunni frá Spákonufellshöfða að Hrafná. Höfðahólamenn hafa hins vegar fengið hlutinn (1/5) af ströndinni milli Sandlækjar og Marklækjar, og á sjálfum Spákonufellshöfðanum, sem varla hefur gefið mikið. Höfðahólamenn skyldu auk þess geyma allan viðinn (DI III: 56-57).

Enn kemur merkisgarður fyrir í vitnisburði um hvalreka frá 1597 (sbr. örnefnaskrá Margeirs Jónssonar tilvitnun í bréfabók Guðbrands Þorlákssonar I. bls. 188).

Skagaströnd - 279

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (varða)

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ingibergrs Guðmundssonar segir: „Gullhellisnöf – Í landamerkjabréfi er hún sögð vera á landamerkjum Háagerðis og Harrastaða og á henni á að vera hlaðin varða“ (ÖIG: 11).

Lýsing

Varðan fannst ekki á vettvangi.

Skagaströnd - 280

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (varða)

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar fyrir Spákonufell segir: „Frá botninum [við Botnalækjargil á Hrafnal] liggur merkjalínan um Stallinn í Brandaskarðsgil. Frá Brandaskarðsgili í vörðu á Selhrygg, þaðan sjónhending í Norður-Spena á Spákonufelli [...]“ (ÖPJ: 2).

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi.

Skagaströnd - 289

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (garðlag)

Staðhættir

Garðlag virðist hafa verið á merkjum Finnsstaða og Spákonufells vestan í samnefndu fjalli á 14. öld.

Lýsing

Engin merki þessa garðs fundust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Árið 1387 er landamerkjum Finnsstaða og Spákonufells líst svo: „Réttsýni úr Sandlækjarósi upp í rústina og úr rústinni upp í garðstaðinn. Ræður þá garðstaðurinn allt upp á fjall fyrir norðan borgina. Svo austur eftir fjallinu og ofan réttsýni í ána þá er fellur fyrir austan Fannavöllu (DI III: 398). Af þessu að dæma virðist hafa landamerkjagarður hafa legið austur-vestur upp hlíðar Spákonufells norðan við Spákonufellsborgina eða Borgarhausinn.

Skagaströnd - 290

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í viðbótum Hannesar Jónssonar frá Spákonufelli við eldri örnefnaskrá segir: „Þúfnastykkið [neðan við heimreiðina á Spákonufelli] hét austan til Fjósvöllur. Á honum voru gamlar rústir af fjósi, en vestan til hét það Kotsvöllur. Vestast á honum voru rústir af Spákonufellskoti.“ (ÖHJ: 1).

Lýsing

Engar leifar þessa fjóss fundust á vettvangi og staðsetningin ekki nákvæm. Hugsanlega er þetta á svipuðum slóðum og suðurhluti kirkjugarðsins er í dag.

Aðrar upplýsingar

Hér virðist vera um að ræða annað fjós en áður hefur verið nefnt og var sambyggt Spákonufellsbænum.

Skagaströnd - 291

Sérheiti: Mómýri/Grafarmýri/Hrossamýri/Mýrar

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar segir: „Sunnan við Bæjargil, ofan Fellstúns, er stór mýri sem nær út að Teigum og Kinnum og upp að Tagli og suður að Hrafná. Hún heitir Mómýri.“ (ÖPJ: 3).

Lýsing

Engar mógrafir fundust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Páls segir enn fremur: „Lítill mór hefur fengist úr mýri þessari í tíð þeirra manna sem nú lifa“ (ÖJP: 3).

Skagaströnd - 292

Sérheiti: Þúfnavellir

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðhættir


Þúfnavellir heitir gróin vallendisbreið í vestanverðum Hrafnadal framan við Brandaskarð.

Lýsing

Nokkrir smálækir renna niður hliðarnar ofan við Þúfnavelli og áfram niður í gegnum völinn sem er annars þurrlendur og þýfður. Þarna er ákjósanlegt selstæði og ekki óhugsandi bæjarstæði, en engar minjar sáust á vettvangi sögnum um slíkt til stuðnings.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar segir: „Austan við Brandaskarðsgil og Brandaskarðslæk, sem rennur í Hrafná, taka við miklir móar. Þar heitir Þúfnavellir. Þar var býli til forna“ (ÖPJ: 4). Í örnefnaskrá Ingibergs Guðmundssonar segir um Þúfnavelli: „Þúfnastykki við Brandaskarðslæk (utan við Brandaskarðsgil). Sagnir eru um tóftir þar og að þar hafi verið býli fyrir Svartadauða en vafasamt er að svo hafi verið.“ (ÖIG: 10). Í nafnlausri örnefnaskrá fyrir Spákonufell segir: „Þúfnavellir heita vallendismóar og breiður austan við lækinn [Brandaskarðslæk], en austan þeirra taka við Eldhólar og rauðamelshólar margir. Á þessum slóðum mun hafa verið byggð til forna, og segja sögur, að þar hafi verið um heila sókn að ræða og hafi kirkja verið að Eldhólum.“ (ÖSF: 3). Ekki er minnst á neina byggð á þessum slóðum í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713, þar er þó jafnan getið allra þekktra fornþýla og byggðamerkja.



Mynd 54, horft til vesturs yfir svonefnda Þúfnavelli á Hrafnadal norðan við Brandaskarð.

Skagaströnd - 293

Sérheiti: Ölduhólar/Eldhólar

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í nafnlausri örnefnaskrá fyrir Spákonufell segir: „Þúfnavellir heita vallendismóar og breiður austan við lækinn [Brandaskarðslæk], en austan þeirra taka við Eldhólar og rauðamelshólar margir.“ (ÖSF:3).

Lýsing

Nokkru framan við Þúfnavelli hækkar landið og þar taka við hólar, engin merki um byggð fundust þó við leit á þessum slóðum hvorki tóftir né túngarðar.

Aðrar upplýsingar

Í sömu örnefnaskrá segir enn fremur: „Á þessum slóðum mun hafa verið byggð til forna, og segja sögur, að þar hafi verið um heila sókn að ræða og hafi kirkja verið að Eldhólum.“ (ÖSF: 3). Í örnefnaskrá Páls Jónssonar segir: „Frá Brandaskarðsgili og út að Syðribotni liggur Stallurinn. [...] Framan í Stallinum, norðar en Þúfnavellir, er enn gamalt eyðibýli, Ölduhólar. Þar var bænhús til forna.“ (ÖPJ: 4). Ekki er minnst á neina byggð á þessum slóðum í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713, þar er þó jafnan getið allra þekktra fornþýla og byggðamerkja.

Skagaströnd - 294

Sérheiti: Ölduhólar/Eldhólar

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í nafnlausri örnefnaskrá fyrir Spákonufell segir: „Þúfnavellir heita vallendismóar og breiður austan við lækinn [Brandaskarðslæk], en austan þeirra taka við Eldhólar og rauðamelshólar margir.“ (ÖSF:3).

Lýsing

Nokkru framan við Þúfnavelli hækkar landið og þar taka við hólar, engin merki um byggð fundust þó við leit á þessum slóðum hvorki tóftir né túngarðar.

Aðrar upplýsingar

Í sömu örnefnaskrá segir enn fremur: „Á þessum slóðum mun hafa verið byggð til forna, og segja sögur, að þar hafi verið um heila sókn að ræða og hafi kirkja verið að Eldhólum.“ (ÖSF: 3). Í örnefnaskrá Páls Jónssonar segir: „Framan í Stallinum, norðar en Þúfnavellir, er enn gamalt eyðibýli, Ölduhólar. Þar var bænhús til forna.“ (ÖPJ: 4). Ekki er minnst á neina byggð á þessum slóðum í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713, þar er þó jafnan getið allra þekktra fornbyla og byggðamerkja.

Páll Kólka segir Ölduhóla fornt eyðibýli austast í Brandaskarði (PK: 43). Ekki er að sjá að byggðaleifar í Brandaskarði hafi annarsstaðar verið settar í samhengi við þetta nafn. Þar eru þó töluverðar minjar tveggja selja, Harrastaðasels og Háagerðissel (nr. 203-207 og 209) og ekki útilokað að þar hafi einhvern tíma verið búið, hvort sem nafnið Ölduhólar hafi átt við um þá byggð eða ekki.

Skagaströnd - 295

Sérheiti: Önstaðir

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í sóknarlýsingu frá 1840 er getið um eyðibýlin Þúfnavelli, Önstaði og Ölduhóla í afréttarlandi Höfðahrepps (SS: 168). Í grein Jónasar B. Hafsteinssonar frá Njálssstöðum um Höfðaafrétt kemur fram að enginn virðist vita hvar það hafi staðið (HH 3: 10).

Lýsing

Upplýsingar um þetta býli eru mjög óljósar og ekki ljóst hvar það hefur verið staðsett. Í sóknarlýsingunni er talið að þessir bæjir hafi lagst í eyði þegar Svartidauði gekk yfir á 15. öld.

Samantekt og niðurstöður

Minjar á Skagaströnd

Sveitarfélagið Skagaströnd samanstendur af landi fjögurra bújarða, Spákonufells, Höfðagerðis, Finsstaða og Háagerðis. Allar jarðirnar voru í byggð framundir miðja 20. öld en lengst var búið á Háagerði eða til 1967. Flestar minjanna sem skráðar voru tengjast búskap á þessum jörðum en einnig voru skráðar minjar sem tengjast sjósókn frá bæjunum og verslunar-umsvifum í kaптúninu.

Höfðakaupstaður hefur frá upphafi staðið rétt sunnan undir Spákonuhöfða og hafa umsvif vegna atvinnustarfsemi og útgerðar umbreytt öllu umhverfi gamla verslunarstaðarins. Kaптúnið sjálft liggur á sama svæði og ætla má að gömlu tómtúsin og útgerðar- og verslunarminjarnar hafi verið. Lítið er því eftir af menjum um eldri byggð í kaптúninu sjálfu og fáar fornleifar þar að finna nú. Þó má reikna með að einhverjar minjar kunni enn að liggja óhreyfðar neðanjarðar og því mikilvægt að hafa vakandi auga með öllum framkvæmdum innan bæjarfélagsins sem hafa í för með sér jarðrask.

Ætla má að fjölmargar minjar hafi verið innan bæjarmarka, túnblettir, fjós, fjárhúskofar, garðlög, sjóbúðir auk þeirra minja sem tilheyrt hafa umsvifum kaupmanna. Smábúskapur í þéttbýlinu hélst fram yfir miðja 20. öld og er oft erfitt að meta aldur minja þar sem byggt var með gamla laginu úr torfi og grjóti. Þar sem slíkar minjar fundust við skráninguna voru þær því skráðar þrátt fyrir að þær teljist ekki fornleifar í eiginlegum skilningi.

Erfitt er að meta aldur ýmissa mannvirkjaleifa og stundum er aðeins að finna vísbendingar um mannvirki í formi þústa eða óglöggra veggjalaga eða misfella á yfirborði. Slíkar vísbendingar eru skráðar þar sem að þær geta bent til eldri mannvistarleifa sem annars eru horfnar.

Fjöldi og ástand minja

Þar sem að jarðamörk og skiptingar jarða eru óljós voru allar minjar á svæðinu skráðar með hlaupandi númeri undir heiti Sveitarfélagsins Skagastrandar. Þar sem mögulegt er er þó fjallað heildstætt um minjar innan einstakra jarða.

	Fjöldi fornleifa	Horfnar minjar	Óstaðsettar	Hlutfall horfinna/óstaðsettra
Alls	295	57	44	34%

Alls voru skráðar 295 minjar og þarf af voru 44 sem ekki reyndist unnt að staðsetja. Af þeim 251 minjum sem skráðar voru á vettvangi voru 194 sem enn voru til staðar en 57 voru staðsettar eftir leiðbeiningum heimildamanna, túnakortum eða öðrum traustum heimildum. Slíkum staðsetningum ber þó að taka með meiri fyrirvara þar sem minjar eru ekki sýnilegar.

Minjarnar voru eins og verða vill í misgóðu ástandi, 39 voru skilgreindar sem „illgreinanlegar“, 115 sem „greinanlegar“, 33 sem „vel greinanlegar“ og aðeins tvær sem „heillegar“ (nr. 128 útihús suður af Finsstaðanesi og nr. 140, túngarðurinn ofan við gamla

Finnsstaðatúnið). Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla í fylgiskjölum.

Minjar í næsta nágrenni Spákonufells

Í og umhverfis túnið á Spákonufelli eru mestmegnis hefðbundnar landbúnaðarminjar frá 19. og 20. öld. Stór hluti minja á Spákonufelli hefur verið sléttaður út og gamli bæjarhóllinn og kirkjugarður Spákonufells liggja að hluta innan núverandi kirkjugarðs. Útihúsin á norðurtúninu sjást enn sem dældir í túninu með skýrri lögun [nr. 10-13]. Meðfram túninu að austan er nokkuð heillegur túngarður [nr. 22] og norðaustast í túninu eru umfangsmiklar tóftir frá fleiru en einu byggingaskeiði [nr. 17-21] og ekki ólíklegt að þar sé að finna mjög fornar minjar. Í suðurhluta túnsins eru færri minjar en þar eru þó leifar fjárhúsa úr torfi og grjóti sem voru í notkun fram yfir 1970 [nr. 16].

Heimildir eru um að minnsta kosti tvö kot eða hjáleigur við og í heimatúninu sem hafa gengið undir a.m.k. þremur nöfnum *Spákonufellskot*, *Spákonufellshjáleiga* og *Spákonufellsgerði*. Kotið er sagt í vesturjaðri túnsins en Spákonufellsgerði er tengt minjum norðaustast í túninu, hjáleigu nafnið gæti átt við um báða staði.

Upp með gilinu ofan við Litla-Fell eru leifar stekkjia í tveimur hvömmum, yngri og greinilegur stekkur í neðri hvamminum [nr. 38] og leifar a.m.k. þriggja eldri og óljósari stekkjia í efri hvamminum [nr. 39-41].

Minjar á Spákonufellsseli

Á Spákonufellsseli er töluvert af minjum og ljóst að þar hefur verið selstaða og umtalsverð umsvif um langt skeið. Þar eru óljósar leifar seltófta [nr. 43 og 44] og hugsanlegra kvía [nr. 215] að því er virðist beitarhúsa eða fjárhúsa [nr. 46], auk fleiri minja [nr. 45, 47, 208, 216-218], en ekki er hægt að fullyrða útfrá minjunum hvort þar hafi verið föst búseta á einhverjum tíma.

Minjar á Höfðahólum

Enn er eftir töluvert af minjum umhverfis gamla túnið á Höfðahólum, sem flokkast allar undir hefðbundnar landbúnaðarminjar frá 19. og 20. öld. Túngarður [nr. 61] leifar tveggja útihúsa [nr. 51 og 52], stekkjar [nr. 56], beðasléttna [nr. 69] og tveggja matjurtagarða [nr. 50 og 54] svo eitthvað sé nefnt.

Suðvestur af Höfðahólum var grasbýlið Hólagerði [251] en ekkert sér nú eftir af því.

Minjar á Finsstöðum

Bæjarstaði Finnsstaða hefur verið sléttað undir golfvöll. Túngarðurinn meðfram túninu að austan er þó enn vel greinilegur [nr. 140] og gamla heimreiðin sést vel austan vegar [nr. 139]. Töluvert af eldri minjum er auk þess austan þessa garðs, þar á meðal gamall túngarður [nr. 146] og gamallegar tóftir upp að honum [nr. 144, 147-147 og 150] og í nágrenni hans [149 og 151].

Minjar á Háagerði

Lítið er eftir af minjum á Háagerði, bæjarstæðið [nr. 179-180] er komið undir golfskála og bílaplan, en síðasta hlaðan á bænum er nýtt sem áhaldahús fyrir golfvöllinn. Engar leifar af útihúsum fundust í gamla túninu en suðvestan við það mátti þó greina dældir og þúst um miðja vegu milli Háagerðis og Finnsstaða [nr. 198-201] og gróðurskil og þústir í óræktarbletti sem gætu vísað á minjar [nr. 196-197] og stæðilegar leifar túngarðs vestan þeirra [nr. 194], ekkert af þessu stemmir þó við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar og má því ætla að um eldri minjar sé að ræða. Þá eru leifar stekkjara [nr. 190] vestan til í Háagerðisbergi og óljósra og gamallegrar tóftar norðan við þau [nr. 191]. Enn vestar í átt að Finnsstaðanesi eru að auki leifar þriggja stekkjara [nr. 173, 176-177].

Það litla sem eftir er af minjum á Háagerði flokkast undir hefðbundnar landbúnaðarminjar að undanskildu minjum á Finnsstaðanesi. En nesið sem lengi vel var til helminga í eigu Háagerðis og Finnsstaðabænda eru leifar um sjósókn af ýmsu tagi, m.a. naust [nr. 158-159], sjóbúðir [154-155] og hugsanlegar leifar hjalla [163-164] ofl.

Háagerðissel

Minjar á Háagerðisseli eru í samræmi við það sem við er að búast á seljum, þrískipt seltóft [nr. 203], hugsanlegar kvíar [nr. 209] og fleiri kofar [br. 205-207]. Norðan við tjörnina efst í Brandaskarði eru óljósar leifar mun eldri tóftar [nr. 210] og ekki jafn gott að segja til um hlutverk hennar.

Minjar í þéttbýlinu

Auk verslunarhúsa suðaustan undir Spákonufellshöfða og á Hólanesi eru heimildir um all nokkur grasbýli og þurrabúðir víðsvegar um Skagaströnd um aldamótin og fyrr og má þar nefna Hólagerði, Stóra- og Litla-Berg, Viðvík, Karlsminni, Lækjarbakka, Jaðar, Gamla-Læk og Réttarholt. Engar minjar sjást nú um þessi býli önnur en hugsanlega Karlsminni [nr. 86 og 87], en þó má sjá beðasléttur og önnur ummerki um jarðrækt bak við þar sem bæði Karlsminni og Viðvík stóðu [nr. 84 og 85] og útihús [nr. 160 og 110] og fleiri minjar frá Réttarholti. Á gamla Skagastrandartúninu sem kaupmenn keyptu snemma undan Spákonufelli eru óljósar leifar garðlags sem búið er að slétta yfir að hluta og ekki annað en hryggur eftir [nr. 88]. Örlitlar dældir [nr. 89] eru einnig vestan Einbúans sem gætu vísað á hús sem þar hafa staðið í gegnum tíðina. Á Hólanesi þar sem einnig voru verslunarhús fundust engar minjar aðrar en móöskulag í skurði og óljós þúst í framhaldi af honum til austurs [nr. 83], bak við húsið Árnæs. Landslagið hefur tekið töluverðum breytingum víða við ströndina bæði af náttúru og mannavöldum og lendingar sem voru á a.m.k. fjórum stöðum, við Hólanesvör [nr. 224], austan Einbúans [nr. 225] og í Vararvík eða Skagastrandarvör vestan hans [nr. 226] og Réttarholtsvör norðaustan við Spákonufellshöfða [nr. 227] meira eða minna breyttar, og bryggjur sem síðar voru byggðar í Hólanesvör og sitthvorum megin Einbúans eru horfnar undir nútíma sjóvarna- og sjávarútvegsmannvirki.

Það er því lítið um sýnilegar minjar í sjálfu þéttbýlinu en allnokkrar minjar fundust þó við útjaðra byggðarinnar, í beitarhólfum og högum sunnan og norðan Skagastrandar, m.a. leifar

útihúsa [nr. 70, 73-75, 97-98, 112, 124 og 128], mógrafa og mókofa [77-80], matjurtagarða [nr. 220] ofl.

Syðst á Spákonufellshöfða fundust óljósar leifar, niðurgreftir og þústir [nr. 90-93], sem gætu tengst veru Breskra hermanna í Skagaströnd en þeir reistu sér m.a. byrgi á þessum slóðum. Norðar við Vækilsvík fannst óljós gamalleg tóft [nr. 100] sem kemur hvergi fyrir í heimildum og má vera að hún tengist meintri verslun við víkina.

Ofan Fellsmela milli Spákonufells og Finnsstaða fundust auk þess töluverðar leifar stekkjja og annarra mannvirkja sem líklega tengjast skepnuhaldi og búskap [nr. 119-121], hluti þeirra mjög forn að sjá [nr. 118].

Minjar í hættu

Helsta hættan sem steðjar að minjum á Spákonufelli er jarðrask í tengslum við kirkjugarðinn, en búast má við að þar séu minjar allt frá því um 1200 og jafnvel fyrr í hættu [nr.1-5 og nr 29].

Minjar umhverfis Höfðahóla eru flestar í nokkurri hættu vegna skógræktar, tré eru víða fast við eða inni tóftum og jafnvel í veggjum þeirra.

Einu minjarnar sem hægt er að segja að séu í fyrirsjáanlegri hættu á Finnsstöðum og Háagerði eru minjarnar út við sjóinn á Finnsstaðanesi [nr. 154-162]. En nú þegar hefur brotið nokkuð af annarri sjóbúðinni [nr. 155], naustunum [nr. 158-159] og fleiri minjum. Minjar í heimatúnum Háagerðis og Finnsstaða eru ekki í sérstakri hættu að öllu óbreyttu en framkvæmdir innan golfvallarins og í næsta nágrenni hans gætu þó raskað minjum, einkum í nágrenni sjálfra bæjarstæðanna og austan bæjarstæðis Finnsstaða.

Minjar, varðveisla kynning og kennsla

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna. Notkun fornleifa í menningartengdri ferðaþjónustu fer einnig sívaxandi og liggja miklir möguleikar í kynningu og merkingu hverskonar minja. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera vitni um gamalt verklag, byggingahætti og landnotkun. Kynning á fornleifum er þó ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og sögu jarðar og búskaparhætti, sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Þó svo að margar minjar hafi horfið vegna ýmisskonar framkvæmda í sveitarfélaginu eru þó nokkrir staðir sem hægt væri að kynna frekar og jafnvel nýta sem kennslu- eða fræðslufni í grunnskólum.

Þekking á fornu handverki og þeim búskapar,- lífs- og verkháttum sem minjarnar bera vitni um fer óðum hverfandi. Þannig hverfur einnig vitneskjan um hvað lesa má úr þeim fjölbreyttu umhverfisminum sem manngert landslag er. Með því eykst hættan á að skilningur á mikilvægi einstakra minja og minjaheilda glatist.

